

# Konur í kreppu?

Samantekt á opinberum tölulegum gögnum á áhrifum efnahagshrunsins á velferð kvenna



Unnið fyrir velferðarvaktina

**Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir**  
**Febrúar 2011**

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1. Heimili og fjölskylda.....	6
1.1 Foreldrar ungra barna.....	6
1.2 Fjárhagsvandi heimilanna .....	14
1.3 Einstæðar mæður .....	30
2. Atvinna og atvinnuleysi.....	38
2.1 Kynjaskiptur vinnumarkaður.....	38
2.2 Atvinnuleysi kynjanna .....	45
3. Kynbundið ofbeldi.....	56
3.1 Heimilisofbeldi.....	56
3.2 Kynferðisbrot.....	64
3.3 Barnavernd .....	70
4. Heilsa .....	77
4.1 Frjósemi .....	77
4.2 Lyfjaneysla.....	83
Samantekt .....	87
Umræða .....	92
Lokaorð.....	96
Heimildaskrá.....	97
Viðauki I: Listi yfir gröf og töflur í texta .....	105
Viðauki II: Listi yfir töflur fyrir gröf.....	108
Viðauki III: Töflur fyrir gröf .....	110

## Inngangur

### *Efnahagskreppa*

Efnahagskreppa hlýtur að jafnaði mikla athygli fræðasamfélagsins, en þó fyrst og fremst á þeim fræðasviðum er snúa að efnahagsmálum og stjórnmálum. Minna hefur verið fjallað um áhrif efnahagslegra niðursveifla á einstaklinginn, félagslega stöðu hans og heilsu. Takmarkað framboð er á rannsóknum er beina sjónum sínum að þessum þáttum, sérstaklega þegar kemur að félagslegri stöðu. Hlutverk og staða kvenna í kreppu hefur jafnframt hlotið litla umfjöllun svo lítið er vitað um áhrif efnahagskreppu á kynin hvort um sig.

### *Staða kvenna á Íslandi*

Á Íslandi ríkir formlegt og lagalegt jafnrétti, en því skal ekki rugla saman við raunverulegt jafnrétti þar sem konur og karlar búa í raun við jafna stöðu, tækifæri og völd. Kyn er mikilvæg breyta í hverju samfélagi og hefur áhrif á flesta ef ekki alla lífsþætti manneskju. Mikilvægt er að staða íslensks samfélags sé metin út frá þeirri staðreynd að staða kynjanna var mjög ólík áður en þær efnahagsþrengingar hófust sem við stöndum nú frammi fyrir. Þar af leiðandi hafa þrengingarnar, minni atvinna, minni kaupmáttur, verri skuldastaða, minni opinber þjónusta og almennur óstöðugleiki ólík áhrif á konur og karla.

Staða kvenna á vinnumarkaði, menntun þeirra og hlutverk innan heimilisins hefur talsvert verið rannsakað í íslensku samhengi. Þá hefur kynbundið ofbeldi hlotið töluverða athygli og staða einstakra hópa á borð við öryrkja. Völd kvenna eru tiltölulega lítið rannsökuð, ef frá eru taldar rannsóknir á sviði fjölmiðla. Fjárhagsstaða kvenna, pólitísk völd þeirra og völd innan fjármálageirans hafa fengið minni akademíska umfjöllun. Þá hafa stórir hópar kvenna á borð við einstæðar mæður og konur af erlendum uppruna lítið verið rannsakaðir.

Hins vegar er almenn vitneskja til um hinn kynbundna vinnumarkað sem viðgengst hér á landi. Nokkuð vel er haldið utan um kynbundinn launamun og almennar hausatalningar á fjölda kvenna og karla í hinum ýmsu stéttum og valdastöðum. Einnig hefur orðið nokkuð ljóst í krafti viðamikilla rannsókna að ofbeldi gegn konum er útbreitt og nokkuð algengt. Upplýsingarnar nægja til að segja megum að staða kvenna sé í mörgum tilfellum veik. Þær gefa einnig vísbendingu um að sérstaklega þurfi að huga að þeim hópum kvenna sem verst eru staddir félagslega. Ekki síst er ljóst að ríkið þarf að hafa stöðu kvenna sérstaklega í huga þegar ákvarðanir eru teknar. Ekki liggja þó fyrir náðar nærri góðar upplýsingar um hina eiginlega stöðu kvenna í íslensku samfélagi.

### *Kynjavitund*

Kynjavitund felur í sér heildstæða nálgun á einstaklinginn. Taka verður tillit til einkalífsins, sem og hins opinbera, og almennt til allra þátta sem móta samfélag og þar með fólkið innan þess. Áhrif kreppu á kyn hefur lítið verið rannsakað, bæði erlendis og hér á Íslandi. Rannsóknir á efnahagsþrengingum almennt benda þó til þess að á krepputímum komi gjarnan fram undirliggjandi misbrestir í samfélaginu og ójöfnuður og misrétti sé gjarnan afhjúpað.<sup>1</sup> Þegar þjónusta minnkar og fjárhagsstaða

---

<sup>1</sup> Bryndís Erna Jóhannsdóttir, 2010.

fólks versnar kemur í ljós hverjir eru veikastir fyrir. Þá krefjast efnahagsþrengingar jafnan meiri samstöðu innan fjölskyldunnar.<sup>2</sup> En þörfin fyrir samstöðu getur aftur á móti leitt til frekari spennu og álags innan hennar.<sup>3</sup> Næmi fyrir því hvaða hópar verða verst úti við slíkar aðstæður er því mikilvægt. Til að sporna við ójafnrétti við slíkar aðstæður þarf meðal annars ábyrgð kynjanna í einkalífi að vera jöfn, en ríkið þarf einnig að vera meðvitað um að það er að skera niður í þjóðfélagi þar sem íbúar eru ekki jafnir.<sup>4</sup>

#### *Skuldbindingar ríkisins gagnvart kynjajafnrétti*

Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig lagalega til að koma á og viðhalda jafnrétti milli kynjanna. Í 1. gr. íslenskra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, segir að markmið laganna sé að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.<sup>5</sup> Að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Þessu markmiði skuli náð meðal annars með því að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins.

Kynjasambætting er skilgreind í 2. gr. jafnréttislaganna með eftirfarandi hætti: Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu. Í 17. gr. laganna segir að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð sé á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra.

Í 16. gr. jafnréttislaganna segir loks að í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga skuli greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Opinberir aðilar hafa því lagalega skyldu til að kyngreina tölfræði. Ef tölur eru ekki kyngreindar getur það falið vandamálin. Skekktar upplýsingar gefa ranga mynd af því sem verið er að skoða og ef ekki liggja fyrir réttar forsendur er hættu á að úrræðin verði ekki gagnleg. Að hið opinbera veiti kyngreindar upplýsingar er hluti af því að sinna jafnréttisstarfi sem er bæði siðferðisleg skylda samfélaga og lagaleg á Íslandi.

#### *Markmið velferðarvaktarinnar*

Stýrihópur um velferðarvaktina var skipaður til að fylgjast með markvissum hætti með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu. Hlutverk velferðarvaktarinnar er margþætt en snýr ekki síst að því að skoða aðgerðir sem stjórnvöld hafa þegar gripið til, afla fræðilegra upplýsinga um afleiðingar kreppunnar, kanna reynslu annarra þjóða af svipuðu ástandi og leggja til leiðir til úrbóta. Verkefni velferðarvaktarinnar er ekki hvað síst að fara yfir hvaða hópar fólks eru líklegri til að verða hardast úti og að koma með tillögur að aðgerðum sem sérstaklega er ætlað að mæta aðstæðum þessara hópa ef þess er nokkur kostur. Stýrihópur vaktarinnar hefur frá upphafi haft stöðu þeirra í forgrunni sem veikast standa í samfélaginu.

<sup>2</sup> Baum M., Shore, B.K. and Fleissner K., 1993.

<sup>3</sup> Bedoya, R. og Pitkin, K., 1997.

<sup>4</sup> Bryndís Erna Jóhannsdóttir, 2010.

<sup>5</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum.

Stýrihópur velferðarvaktarinnar setti saman sex vinnuhópa um viðfangsefni þeirra samfélagshópa sem viðkvæmastir þykja fyrir áhrifum kreppunnar. Eitt af verkefnum hinna sex vinnuhópa vaktarinnar er: „Að hafa ævinlega í huga sjónarmið jafnréttis og athuga áhrif aðgerða/aðgerðaleysis á bæði kynin (...) o.s.frv.<sup>6</sup>

#### *Verkefnið og skipulag skýrslunnar*

Í febrúar 2009 flutti Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, innlegg undir heitinu „Kynin í kreppunni“ á fundi stýrihóps velferðarvaktarinnar. Í kjölfarið var rætt um jafnrétti kynjanna og starf velferðarvaktarinnar og samþykkt að samþætta kynjasjónarmiðin inn í allt starf vaktarinnar. Í september 2010 hélt velferðarvaktin starfsdag þar sem meðal annars voru skilgreind meginverkefni vaktarinnar veturinn 2010–2011. Ákveðið var að eitt af meginverkefnum skyldi vera að tryggja að jafnréttissjónarmiðin komi fram í tölfræði sem vaktin óskar eftir og horft verði til kynjasjónarmiða í öllu starfi hennar.

Í október 2010 leitaði Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður Jafnréttisráðs og fulltrúi í stýrihópi velferðarvaktarinnar, eftir samstarfi við Evu Bjarnadóttur, M.Sc. í alþjóðastjórnsmálakenninum, og Eygló Árnadóttur, MA í kynjafræði, um að safna kyngreindum upplýsingum frá ríkisstofnunum og hagsmunasamtökum sem leitt gætu í ljós áhrif kreppunnar á velferð kvenna.

Skýrslan skiptist í fjóra kafla sem hver fjallar um grunnþættina í lífi fólks. Fyrsti kafli fjallar um heimili og fjölskyldu, annar kafli um vinnumarkaðinn og atvinnuleysi, þá er þriðji kaflinn um kynbundið ofbeldi og loks fjórði kaflinn um heilsu. Hver kafli kynnir ólíka stöðu kynjanna á hverju sviði og hvernig sú ólíka staða hefur áhrif á hvernig kreppan bitnar á ólíka vegu á konum og körlum. Fyrsti kafli fjallar um hversu ójafna ábyrgð kynin bera iðulega gagnvart heimili og börnum og skiptist í undirkafla um foreldra ungra barna, þar sem meðal annars er fjallað um breytingar á fæðingarorlofslögum í kjölfar kreppunnar, um einstæðar mæður, sem er viðkvæmur hópur, og loks er fjallað um fjárhagsvanda heimilanna. Þá eru teknir fyrir þættir sem rannsakadir hafa verið í beinum tengslum við kreppuna og reynt að varpa ljósi á kynbundið hlutfall fólks í vanskilum, þeirra sem þiggja matarúthlutanir og fólks með tekjur undir lágtekjumörkum. Annar kafli fjallar um hversu kynjaskiptur vinnumarkaðurinn er sem óhjákvæmilega veldur kynjamun á atvinnuleysis-þróuninni í kjölfar hrunsins. Í ofbeldiskaflanum er könnuð þróun kynbundins ofbeldis í kjölfar kreppunnar; heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis, og í málum barna-verndarnefnda. Í síðasta kaflanum um heilsu er litið yfir breytta tíðni fæðinga, fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða og loks kynbundna lyfjaneyslu Íslendinga.

Í lokin er umræða um verkefnið, aðferðina og helstu takmarkanir hennar. Þá er grein gerð fyrir því hvaða gögn reyndust óaðgengileg. Helstu niðurstöður gagnaöflunarinnar eru þá teknar saman í örstuttu máli, en einnig rætt um mikilvægi slíkra gagna fyrir ákvarðanatöku hins opinbera.

Verkefnið var lítið að umfangi og gefur því langt í frá tæmandi upplýsingar um stöðu mála. Skýrslan gefur eingöngu vísbendingar um hvernig hinn ólíki veruleiki kvenna og karla veldur ólíkum áhrifum efnahagshrunsins á velferð þeirra.

---

<sup>6</sup> Félagsmálaráðuneytið – hópastarf á vegum velferðarvaktar, sótt í nóvember 2010.

## 1. Heimili og fjölskylda

Lengst af beindist jafnréttisbaráttan réttilega að opinberum réttindum kvenna til jafns við karla, svo sem jöfnum rétti til menntunar og starfsferils. Í íslensku samfélagi er árangur baráttunnar augljós. Íslenskar konur hafa lengi menntað sig meira en karlmenn og atvinnuþátttaka þeirra er með mesta móti. Þar til nýlega hefur lítil áhersla verið lögð á að hvetja karlmenn til að taka við hefðbundnum hlutverkum kvenna í takt við sókn kvenna í hefðbundin vé karla. Kynbundin verkaskipting á heimilum er enn með hefðbundnum hætti á Íslandi. Þrátt fyrir aukna þátttöku karla í uppeldi barna sinna og heimilisstörfum almennt, hallar enn töluvert á konur í þessum efnunum.

Ójöfn staða kynjanna á vinnumarkaði helst í hendur við ójafna stöðu þeirra á heimilinu. Annars vegar er vinnuálag íslenskra kvenna í heild meira en karla vegna hinnar miklu ólaunuðu vinnu þeirra ofan á óvenju mikla atvinnuþátttöku þeirra. Hins vegar geta væntingar sem gerðar eru til kvenna um óformlega vinnu, við umönnun fjölskyldu og rekstur heimilis, hamlað þátttöku þeirra á hinu opinbera sviði. Því má ætla að niðurskurður ríkisins, sé ekki tekið tillit til þessa, geti enn frekar hamlað þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Í óöruggu atvinnuástandi er tilhneiging til að ýta enn frekar undir ólík samfélagshlutverk kynjanna, þá ber einmitt að gæta sérstaklega að ójafnri stöðu þeirra.

### 1.1 Foreldrar ungra barna

#### Í stuttu máli:

- Barneignir hafa ólík áhrif á atvinnustöðu kynjanna – styrkja tengsl karla við vinnumarkaðinn en veikja tengsl kvenna.
- Á Íslandi eiga feður og mæður jafnan rétt á fæðingarorlofi. Feðraorlofið er afar mikilvægur þáttur í að vernda stöðu kvenna á vinnumarkaði sem og að styrkja tengsl karla við fjölskylduna.
- Tekjur eru lykilatriði í ákvörðun karla um að taka fæðingarorlof, til dæmis vegna kynbundins launamunar sem veldur því að tekjutap fjölskyldunnar er líklegra til að verða meira við fæðingarorlof föður en móður.
- Dæmi um þetta er að lítill kynjamunur er almennt á fjölda foreldra sem að einhverju leyti taka tekjutengt fæðingarorlof (hámark 300.000 kr.), en mikill kynjamunur á fjölda þeirra sem fá fastan fæðingarstyrk (hámark 114.000 kr.), en þar eru karlar í miklum minnihluta.
- Í kjölfar efnahagshrunsins hefur hámark á fæðingarorlofsgreiðslum verið lækkað þrisvar og er þakið núna 300.000 kr. Þessar sparnaðaraðgerðir hafa einna helst bitnað á meðalútgjöldum til feðra. Þannig lenda 45,7% feðra í fæðingarorlofi í núgildandi hámarki á móti 19% mæðra.
- Þetta kynbundna tekjutap er vafalítið tengt því að orlofsgreiðslum til feðra hefur frá 2008 fækkað um 8,9%, á meðan greiðslum til mæðra fjölgaði um 4,5% (tölur til og með júlí 2010).

- Skoða þyrfti kynjamun á þeim hópi foreldra sem þurfa að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og detta á meðan út af vinnumarkaði með tilheyrandi tekjutapi. Telja má að þarna séu konur í miklum meirihluta.

## Kynbundin ábyrgð foreldra

Efnahagshrunið 2008 virðist síður en svo hafa haft neikvæð áhrif á fólksfjölgun hérlendis. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var árið 2008 þriðja fjölmennasta fæðingarár Íslandssögunnar frá því mælingar hófust, en þá fæddust 4.835 börn á Íslandi. Árið 2009 fæddust enn fleiri börn, eða 5.027. Árið 2010 fæddust 4.907 börn á Íslandi.<sup>7</sup> Á Íslandi er fæðingartíðni, lengd vinnudags og atvinnuþátttaka kvenna með því hæsta sem gerist. Í því ljósi skal hafa í huga að góðir möguleikar beggja foreldra til að samræma fjölskyldulíf og launavinnu er forsenda þess að samfélagið standi undir sér.

Árið 2010 töldu um 49% íslenskra kvenna sig leggja *meira* en sinn skerf af mörkum til heimilisstarfa, en 40% karla töldu sig leggja *minna* en sinn skerf af mörkum. Aukin heimilisábyrgð kvenna fram yfir karla verður sérlega skýr þegar börn bætast við heimilið. Einstæðar mæður í fullu starfi segjast til dæmis eyða jafn miklum tíma í barnauppleði á viku og giftar konur í fullu starfi segjast gera.<sup>8</sup>

Barneignir hafa ólík áhrif á atvinnustöðu kynjanna. Eftir því sem börnin eru fleiri og yngri lengist vinnutími karla á meðan vinnutími kvenna styttest. Barneignir hafa einnig jákvæð áhrif á launaseðil karla, en engin eða neikvæð á laun kvenna. Í rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur á jafnréttis- og fjölskyldustefnu fyrirtækja frá árinu 2004 sést að umhverfi mæðra á vinnumarkaði er karllægt, svo sem varðandi langan vinnudag og viðhorf yfirmanna til kvenna. Viðtöl við atvinnurekendur sýndu fram á hugmyndir þeirra um kynjuð foreldrahlutverk, þ.e. feður sem fyrirvinnur og mæður sem umönnunaraðila.<sup>9</sup>

Vinnustaða karla hefur mikið að segja um hvort þeir taka fæðingarorlof. Þeir karlar sem vinna lengstan vinnudag og þeir sem helst vinna yfirvinnu eru þeir sem síst taka fæðingarorlof. Enginn hópur tekur jafn lítið orlof og karlar í æðstu stjórnun á meðan stjórnunarstaða konu hefur almennt ekki áhrif á hennar orlofstöku.<sup>10</sup> Þá mæta karlar í fæðingarorlofi oft neikvæðari viðhorfum yfirmanna en konur. Í rannsókn á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og fleiri frá árinu 2004 töldu 46% atvinnurekenda að erfitt væri fyrir karlmann að taka þriggja mánaða fæðingarorlof, en 26% að erfitt væri fyrir konu að taka sex mánaða orlof.<sup>11</sup>

## Fæðingarorlof

Markmið fæðingarorlofslaga er annars vegar að tryggja barni samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu-

<sup>7</sup> Hagstofa Íslands – fæddir og dánir, sótt í janúar 2011a.

<sup>8</sup> Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir, 2010.

<sup>9</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004.

<sup>10</sup> Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2006.

<sup>11</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004.

og atvinnulíf. Frá því árið 2000 hafa konur og karlar jafnan sjálfstæðan rétt til orlofstöku á Íslandi. Fæðingarorlofið er í níu mánuði (nema foreldrar fái samið við vinnuveitanda um greiðsludreifingu); þrír mánuðir eru eyrnamerkir móður, þrír mánuðir föður og þremur mánuðum geta foreldrar skipt að vild.<sup>12</sup> Feðraorlofið er afar áhrifaríkur þáttur í að vernda stöðu vinnandi kvenna. Konur á barneignaraldri þykja síðri vinnukraftur vegna líklegrar fjarveru þeirra frá vinnu í kjölfar barneigna. Ef kynin hafa, samkvæmt lögum, jafnan rétt til að vera frá vinnu vegna nýfædds barns, er ekki síður áhættusamt að ráða karl á barneignaraldri í vinnu. Rannsóknir hafa þó sýnt að mikill minnihluti feðra tekur meira orlof en það sem þeim er sérstaklega eyrnamerkt, sameiginlegi tíminn verður ósjálfrátt að tíma móður. Fjöldi feðra og mæðra sem þiggja greiðslur hjá Fæðingarorlofssjóði er almennt svipaður, en vegna þess að mæður nýta oftast sameiginlega réttinn er talsverður munur á fjölda þeirra mánaðargreiðslna sem sjóðurinn greiðir til feðra og mæðra. Á árunum 2001–2009 fékk hver faðir að meðaltali 2,7–2,9 greiðslur á ári á meðan hver móðir fékk 5–5,2 greiðslur að meðaltali.<sup>13</sup> Með öðrum orðum taka íslenskir feður sér mun styttra fæðingarorlof en mæður, þótt flestir taki sér eitthvað orlof.

Sjálfstæður orlofsréttur og háar greiðslur eru taldar vera hluti af þeim meginþáttum sem þurfa að vera til staðar svo feður nýti fæðingarorlofsréttindi sín. Tekjutap fjölskyldunnar er líklegra til að verða meira við fæðingarorlof föður en móður þar sem karlar eru líklegri til að vera á hærri launum. Tekjutap letur marga feður til að sækja um fæðingarorlof. Í könnun Capacent Gallup árið 2007 á reynslu foreldra af fæðingarorlofi sögðust 45,3% feðra, sem ekki fullnýttu orlofið, hafa látið tekjuskerðinguna stjórna þeirri ákvörðun.<sup>14</sup>

Ólíkt fæðingarorlofskerfum hinna Norðurlandanna var upphaflega ekkert þak sett á greiðslur úr íslenska Fæðingarorlofssjóðnum. Því er ekki furða að íslenskir feður hafi frá upphafi nýtt réttindi sín til fæðingarorlofs betur en aðrir feður á Norðurlöndunum – svo vel að fljótlega eftir að feður hlutu jafnan rétt til orlofs tæmdist sjóðurinn. Þann 1. janúar 2005 tók því gildi fyrsta hámarkið á greiðslum, sem var 480.000 kr. Þakið var svo hækkað smám saman upp að 535.700 kr., en í lok árs 2008 var ákveðið að lækka hámarkið í hagræðingarskyni í kjölfar efnahagshrunsins þá um haustið. Fyrst var hámarkið fært niður í 400.000 kr. (tók gildi 1. janúar 2009), svo í 350.000 kr. (tók gildi 1. júlí 2009) og að lokum í 300.000 kr. (tók gildi 1. janúar 2010). Þá var einnig ákveðið að breyta tekjuhutfalli foreldra á þá leið að mánaðarleg greiðsla nemur nú 80% af meðaltali heildarlauna að fjárhæð 200.000 kr. og 75% af þeirri fjárhæð meðaltals heildarlauna sem umfram er.<sup>15</sup>

---

<sup>12</sup> Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.


<sup>13</sup> Vinnumálastofnun, 2010b.

<sup>14</sup> Ingólfur V. Gíslason, 2007.

<sup>15</sup> Vinnumálastofnun, 2010b.



**Graf 1.1.** Þróun á hámarki fæðingarorlofsgreiðslna í kjölfar hruns.\*



\* Sjá töflu 1.1 í viðauka III.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs lækki enn um milljarð á árinu. Niðurskurður gæti falið í sér styttingu orlofsréttar, lækkun hámarksgreiðslna eða lækkun á hlutfalli útgreiðslu af reiknuðum bótum.<sup>16</sup> Í lok árs 2010 greindi Morgunblaðið frá breyttum áformum þar sem breytingar á reglum Fæðingarorlofssjóðs á undanförunum tveimur árum hefði skilað meiri sparnaði en upphaflega hefði verið reiknað með. Því þyrfti ekki að skera niður um milljarð heldur um u.þ.b. 300 milljónir kr.<sup>17</sup> Nýjustu fréttir herma þó að öllum ákvörðunum um breytingar á fæðingarorlofi hafi verið frestað um óákveðinn tíma.<sup>18</sup>

Þær sparnaðaraðgerðir hjá Fæðingarorlofssjóði sem gripið hefur verið til í kjölfar efnahagshrunsins hafa einna helst bitnað á meðalútgjöldum til fedra. Fyrir börn fædd árið 2001 voru meðalútgjöld til fedra rúmlega 80% hærri en til mæðra (þá var ekkert þak á greiðslunum) en töluvert hefur dregið saman síðan. Þegar hámark var fyrst sett á árið 2005 (480.000 kr.) skerti það greiðslur hjá tiltölulega fáum foreldrum, 2,6% fedra og 0,4% mæðra. Árið 2008 urðu 8,3% fedra fyrir skerðingu vegna reglnanna um hámarksgreiðslur (535.700 kr.), en einungis 1,9% mæðra. Þegar hámarkið var lækkað árið 2009 í kjölfar kreppunnar hafði það hins vegar mikil áhrif á foreldra, einkum feður. Þá lentu 26% fedra í 400.000 kr. hámarkinu (6,9% mæðra) og 35,8% fedra í 350.000 kr. hámarkinu (14% mæðra). Þakið sem sett var á árið 2010 (300.000 kr.) hefur áhrif á 45,7% fedra í fæðingarorlofi á móti 19% mæðra.<sup>19</sup>


<sup>16</sup> Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011, 2010.

<sup>17</sup> Morgunblaðið, 2010.

<sup>18</sup> Fæðingarorlofssjóður, 2011.

<sup>19</sup> Vinnumálastofnun, 2010b.

**Graf 1.2.** Hlutfall foreldra sem lenda í hámarki fæðingarorlofsgreiðslna 2005–2010 eftir kyni.\* \*\*





\*Tölur fyrir 2010 eru bráðabirgðatölur til og með júlí 2010.

\*\* Sjá töflu 1.2 í viðauka III.

Feður juku töku sína á hinum sameiginlegu þremur mánuðum allt til ársins 2008 þegar þeir tóku rúmlega 15 daga að meðaltali af sameiginlegum rétti foreldra. Frá bankahruninu hafa feður dregið úr töku á sameiginlega réttinum sem gefur til kynna að tekjur foreldra ráði að einhverju leyti nýtingu á orlofsréttindum. Bæði sækja færri feður um fæðingarorlof en áður og þeir sem gera það nýta sér að meðaltali færri daga en undanfarin ár. Á árunum 2008–2010 fækkaði orlofsgreiðslum til feðra um 8,9%, en greiðslum til mæðra fjölgaði hins vegar um 4,5% í takt við aukna fæðingartíðni (spá fyrir 2010 miðar við bráðabirgðatölur til og með júlí).<sup>20</sup>

<sup>20</sup> Vinnumálastofnun, 2010b.

**Graf 1.3.** Fjöldi fæðingarorlofsgreiðslna 2008–2010 eftir kyni.\* \*\*




\*Spá fyrir 2010 miðar við bráðabirgðatölur til og með júlí.

\*\*Sjá töflu 1.3 í viðauka III.

Eitt dæmi þess að tekjutap snerti fremur ákvörðun karla en kvenna um að fara í fæðingarorlof er að mikill kynjamunur er á notkun *fæðingarorlofs* (tekjutengd fjárhæð sem býðst vinnandi fólki) og *fæðingarstyrks* (föst fjárhæð fyrir nema og aðra utan vinnumarkaðar). Meðal styrkþeganna eru karlar í miklum minnihluta, ólíkt þeim sem fá orlofsgreiðslur. Árið 2009 fengu til dæmis 6.340 feður og 6.469 mæður orlofsgreiðslur, en þegar kemur að fæðingarstyrk fengu 436 feður styrkinn á móti 1.227 mæðrum. Árið 2008 fengu 6.317 feður og 6.133 mæður fæðingarorlof, en 360 feður fengu fæðingarstyrk á móti 1.313 mæðrum. Ætla má að hið lága hlutfall fedra sem þiggur fæðingarstyrk tengist tekjuáherslum þeirra því fjárhæð fæðingarstyrks er afar lág, aldrei hærri en tæplega 114.000 kr. á mánuði, á meðan orlofsgreiðsla er aldrei hærri en 300.000 kr. á mánuði. Nemum býðst eingöngu fæðingarstyrkur og því má að einhverju leyti útskýra kynjamuninn á notkun hans með herra hlutfalli kvenna í námi, en það skýrir þó ekki allan muninn. Haustið 2009 voru til dæmis karlmenn rúm

44% allra skráðra í framhaldsnám, en árið 2009 voru karlmenn rúm 26% af öllum sem fengu fæðingarstyrk.<sup>21</sup> Athuga skal að fæðingarstyrkur hefur ekki áhrif á rétt foreldra til náms og þarf því ekki að bitna á námssókn feðra. Líklegra er að feður taki hlé á námi fyrst eftir fæðingu barns og fari á vinnumarkað, í von um hærri tekjur en hinn lági fæðingarstyrkur veitir, á kostnað samveru með barninu.

**Graf 1.4.** Fjöldi greiðslna til fæðingarorlofs og fæðingarstyrks árin 2008–2009 eftir kyni.\*



\*Sjá töflu 1.4 í viðauka III.

Endanleg áhrif tekjuskerðingar á hegðun foreldra við töku fæðingarorlofs eiga eftir að koma í ljós. Þegar hefur þó dregið úr fæðingarorlofstöku karla og hætta er á að ef til frekari skerðinga kemur muni feðrum áfram fækka. Það kynni að hafa áhrif á þau markmið fæðingarorlofslaganna um að tryggja barni samvistir við báða foreldra þess og að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

### Eftir fæðingarorlof

Fæðingarorlofi lýkur í seinasta lagi við níu mánaða aldur barns – fyrr ef foreldrar taka orlof á sama tíma, en lengur fái þeir samið við vinnuveitanda um greiðsludreifingu yfir lengri tíma. Reglulega eru viðráðar áhyggjur af vandræðatímanum eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til barnið fær leikskólaláss sem oft er ekki fyrr en um tveggja ára aldur. Bilið þar á milli þurfa foreldrar sjálfir að brúa, en hjá dagforeldrum og ungubarnaleikskólum eru iðulega langir biðlistar og slík þjónusta er kostnaðarsöm. Foreldrar eiga rétt á atvinnuleysisbótum strax eftir fæðingarorlof þar sem miðað er við vinnu áður en orlofið hefst. Rétturinn til atvinnuleysisbóta takmarkast þó við að nýbakaða foreldrið sé í virkri atvinnuleit og ekki bundið yfir ungu barni, svo til að eiga heimtingu á bótum þarf að sýna fram á örugga gæslu barnsins.<sup>22</sup> Fáist ekki gæsla fyrir barnið þegar fæðingarorlofi sleppir er foreldri því hvorki starfandi né á það rétt á atvinnuleysisbótum. Þetta tímabil getur auðveldlega varað í ár eða lengur svo

<sup>21</sup> Vinnuálastofnun, 2010b..

<sup>22</sup> Vinnuálastofnun – atvinnuleysisbætur, sótt í nóvember 2010.

foreldrið missir þá fyrri bótarétt sinn (sem miðast við vinnu síðustu tólf mánuði). Slík staða veldur alvarlegum vandræðum lendi foreldri í langtímaatvinnuleysi. Sérstök hættu er á þessu þegar stutt tími líður á milli barneigna.

### *Þjónustutrygging*

Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa sett lög um rétt barna frá ákveðnum aldri til leikskólavistar, en hérlandis er það í höndum sveitarfélaga að tryggja dagvistun barna eða önnur úrræði fyrir foreldra. Eina lausnin sem hefur boðist íslenskum foreldrum, sem ekki fá dagvistun fyrir börn sín (þó einungis í sumum sveitarfélögum), er svokölluð þjónustutrygging. Hún er tímabundin greiðsla til foreldra frá sex eða níu mánaða aldri barns þar til pláss býðst hjá leikskóla eða dagforeldri (eða til tveggja ára aldurs ef foreldrar velja þann kost fram yfir gæslu sem býðst). Þjónustutrygging kom til framkvæmda í Reykjavík í september 2008 og var þá 35.000 kr. á mánuði. Í janúar 2010 lækkaði greiðslan í 25.000 kr. á mánuði og svo niður í 20.000 kr. á mánuði frá ágúst 2010. Nú hefur verið ákveðið að afnema þjónustutryggingar í Reykjavík frá 1. apríl 2011.<sup>23</sup>

Þegar foreldrar þurfa sjálfir að brúa bilið eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til daggæsla býðst barni, er mun líklegra að móðir taki að sér að vera launalaus heima yfir barninu heldur en faðir. Heimavinnandi foreldrar ungra barna, sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum og detta út af vinnumarkaði, eru því að öllum líkindum mestmegnis mæður. Þennan hóp er þó erfitt að finna í opinberum skráningum. Reykjavíkurborg heldur til dæmis ekki utan um kynbundna notkun á þjónustutryggingu.<sup>24</sup> Í könnun á vegum Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar árið 2009 kom þó fram að í flestum tilvikum notuðu mæður þjónustutryggingu til að vera heima með börnum. Hlutfall fedra meðal foreldra sem þáðu trygginguna var 5–15%, en það var misjafnt eftir aldri barnsins. Í tæplega 40% tilvika nefndu foreldrar að atvinnuleysi móður hafi verið ástæðan fyrir valinu, en aðeins í 3% tilvika að faðir hafi verið atvinnulaus. Yfir 70% svarenda könnunarinnar voru sammála því að þjónustutrygging yki líkur á að mæður væru heima með börn, borið saman við 40% sem töldu hana auka líkur á að feður væru heima með börn.<sup>25</sup>

Yfirlýst markmið þess að koma á þjónustutryggingu var „að tryggja jafnræði borgaranna og jafnrétti kynja að því leyti að gera báðum foreldrum kleift að samræma fjölskyldu og atvinnulíf“.<sup>26</sup> Jafnréttissjónarmið slíks kerfis má þó gagnrýna þegar vitað er að aðallega konur nýta greiðslurnar og varla í jafnréttisátt að konur yfirgefi vinnumarkaðinn fyrir afar lága styrksfjárhæð þegar borgin bregst skyldum sínum gagnvart dagvistun barna.

<sup>23</sup> Reykjavíkurborg – þjónustutrygging, sótt í febrúar 2011.

<sup>24</sup> Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2011a.

<sup>25</sup> Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010.

<sup>26</sup> Reykjavíkurborg – fréttir, sótt í febrúar 2011.

## 1.2 Fjárhagsvandi heimilanna

### Í stuttu máli:

- Launamunur kynjanna hefur ekki aukist eins og þekkt er í efnahagskreppu heldur minnkað. Þetta þarf þó að setja í samhengi við miklar launahækkanir karla á útpenslutímanum, sér í lagi hjá launahæstu hópunum. Eins hafa karlar fremur orðið fyrir beinni launaskerðingu meðan konur taka frekar á sig skerðingu á starfshlutfalli.
- Kyngreindar upplýsingar um vanskil lána og leigu takmarkast við einstætt barnlaust fólk.
- Hlutfall einstæðra barnlausra kvenna í vanskilum með lán eða leigu hefur hækkað eftir að kreppan skall á. Einstæðir barnlausir karlar eru þó áfram mun fleiri í vanskilum en konur, eða í 74% tilvika árið 2010.
- Byrðar húsnæðiskostnaðar og lána hafa þyngst mikið hjá einstæðum barnlausum konum. Fram til 2009 höfðu karlar verið í meirihluta en árið 2010 hafði kynjahlutfallið jafnast. Nú telja rúmlega 16% einstæðra og barnlausra húsnæðiskostnað og lán vera þung byrði.
- Konur eru í meirihluta þeirra sem telja sig ekki geta mætt óvæntum útgjöldum eða eiga erfitt með að ná endum saman. Rúmlega 50% einstæðra barnlausra kvenna eru í þeirri stöðu á móti 40% karla.
- Íslendingar eru í meirihluta þeirra sem sóttu matarúthlutun. Meðal Íslendinga voru 65% konur, meðal Pólverja voru konur 37%, og konur voru 58% meðal fólks með annað ríkisfang.
- Ríflega 80% kvenna sem sóttu matarúthlutun báru fyrir sig lágar tekjur, aðspurðar um ástæður þess að þær sóttu matarúthlutun. Þá sagðist helmingur kvennanna eiga við veikindi að stríða.
- Þriðjungur kvennanna sem sóttu matarúthlutun var atvinnulaus á móti 64% karla, en 44% reyndust vera öryrkjar á móti 30% karla. Fleiri konur voru í launaðri vinnu en karlar. Konur sem sóttu matarúthlutun reyndust mun oftar en karlar vera með yfir 200.000 kr. í mánaðartekjur fyrir skatt. Karlar voru oftar undir 150.000 kr. í tekjur undangenginn mánuð.
- Hlutfall einstaklinga með tekjur undir lágtekjumörkum hækkaði á árunum 2006–2009. Hagstofan áætlar að árið 2009 hafi 31.500 manns verið undir lágtekjumörkum, þar af voru 18.200 konur og 13.300 karlar. Körlum fækkar um 3 prósentustig frá árinu áður, en konum fjölgar um 7 prósentustig.
- Undantekning er meðal atvinnulausra. Árið 2007 voru tæp 29% atvinnulausra kvenna undir lágtekjumörkum en aðeins 8% karla. Árið 2009 var hlutfallið meðal atvinnulausra karla orðið tæplega 32%, en meðal kvenna tæplega 27%.
- Sérstaka athygli vekur kynjamunurinn meðal eftirlaunabega sem falla undir lágtekjumörk. Hagstofan áætlar að árið 2009 hafi 3.500 konur á eftirlaunum verið með tekjur undir lágtekjumörkum, en 1.400 karlar.


- Af þeim sem skráð eru „ekki í vinnu“ árið 2009 eru 5.800 konur sem lifa undir lágtekjumörkum á móti 3.300 körlum.

## Kynbundinn valda- og launamunur

Enn fyrirfinnst kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði. Samkvæmt launakönnunum VR var launamunur kynjanna 10,1% árið 2010 sem og árið 2009. Kynbundinn launamunur hjá SFR mælist þó meiri en hjá VR, eða 12,3% árið 2010. Árið 2008 reyndist kynbundinn launamunur hjá VR vera 12,3% og 11,6% árið 2007.<sup>27</sup> Launamunur kynjanna hefur því minnkað á síðustu árum, en í kreppu er frekar þekkt að launamunurinn aukist. Þetta ber þó að túlka sem vísbendingu því ekki verður hægt að mæla varanleg áhrif kreppunnar á launamun kynjanna fyrir en að lengri tíma liðnum.

**Graf 1.5.** Hlutdeild hvors kyns í samanlögðum heildarlaunum kynjanna 1999–2009.<sup>28</sup>

\* \*\*



*\*Heildarlaun eru öll laun einstaklings, þ.e. regluleg heildarlaun auk ýmissa óreglulegra greiðslna á borð við orlofs- og desemberuppbót, eingreiðslur, ákvæðisgreiðslur og uppgjör vegna mælinga. Hvorki er tekið tillit til hlunninda né akstursgreiðslna.*

*\*\*Sjá töflu 1.5 í viðauka III.*


Þrátt fyrir óbreyttan launamun kynjanna milli árána 2009 og 2010 jókst munur á heildarlaunum kynjanna milli ára sem skýra má með mismiklum launahækkunum

<sup>27</sup> VR – launakannanir, sótt í febrúar 2011.

<sup>28</sup> Hagstofa Íslands – laun, sótt í febrúar 2011. Niðurstöður byggja á launarannsókn Hagstofunnar sem er úrtaksrannsókn og nær til atvinnugreinanna iðnaðar, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, verslunar og ýmissar viðgerðarþjónustu, samgangna og flutninga, og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga. Einstaklingur telst fullvinnandi ef samanlagður fjöldi greiddra vinnustunda (dagvinna, vaktavinna, yfirvinna) er að minnsta kosti 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu.

eftir starfsstéttum. Svokallaðar kvennastéttir virðast síður hafa hækkað í launum árið 2010 en 2009. Laun fyrir störf þar sem konur eru í meirihluta (70% starfsfólks eða meira) hækkuðu um 4% milli ára 2009 og 2010, en laun fyrir störf þar sem karlar eru í meirihluta hækkuðu um rúmlega 6%. Þessu var öfugt farið árið 2009, en þá lækkuðu laun í karlastörfum um tæplega 2% frá árinu 2008 en laun í kvennastörfum hækkuðu um 5%.<sup>29</sup>

**Graf 1.6.** Launaþróun kynjanna eftir kynbundnum starfsstéttum árin 2004–2010.\*



\*Graf af vefsíðu VR, sjá: <http://www.vr.is/index.aspx?groupid=477206>


Hlutfallsleg lækkun launa er algengust í hópi stjórnenda þar sem karlar eru í meirihluta. Hjá lægst launuðu hópunum, með konur í meirihluta, felst tekjuskerðing fremur í breyttu starfshlutfalli eða takmörkunum á yfirvinnu. Á næstu myndum má sjá hina ólíku þróun á launamuni kynjanna á árunum 2006–2009 milli launaflokka.<sup>30</sup>

<sup>29</sup> VR – launakönnun 2010, launamunur kynjanna, sótt í febrúar 2011.

<sup>30</sup> Hagstofa Íslands – laun, sótt í febrúar 2011.




**Graf 1.7.** Heildarlaun stjórnenda (hæstu launin) eftir kyni árin 2006–2009.\*




*\*Sjá töflu 1.6 í viðauka III.*

**Graf 1.8.** Heildarlaun verkafólks (lægstu launin) eftir kyni árin 2006–2009.\*



*\*Sjá töflu 1.7 í viðauka III.*

**Graf 1.9.** Hlutfall heildarlauna kvenna af heildarlaunum karla árin 2006–2009.



Launaþróunina skal einnig setja í samhengi við það að í samdrætti eru karlar líklegri til að verða fyrir beinni launaskerðingu án ákveðinna breytinga á vinnutíma, en konur líklegri til að taka á sig skerðingu á starfshlutfalli. Svo virðist vera að sú hafi einmitt verið raunin á Íslandi í kjölfar hrunsins. Fjórðungur svarenda launakönnunar VR frá 2009 hafði þegar í upphafi árs tekið á sig launaskerðingu sem rekja mátti til efnahagsástandsins. Karlar sem urðu fyrir skerðingu voru 44% og 36% kvenna sögðu að launin hefðu verið lækkuð hlutfallslega, en rúmlega 37% kvenna og 30% karla sögðu að launalækkunina mætti rekja til skerðingar á starfshlutfalli.<sup>31</sup>

Hið kynbundna gildismat vinnumarkaðarins felst ekki eingöngu í lægri launum kvenna heldur einnig minni völdum – bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Árið 2009 voru 11.200 karlar stjórnendur eða embættismenn á móti 5.700 konum.<sup>32</sup> Í launakönnun VR 2010 staðsettu 55% karla sig í hópi stjórnenda á móti 33% kvenna.<sup>33</sup> Árið 2007 voru í 100 stærstu fyrirtækjum landsins einungis 3% stjórnarformanna konur, 8% stjórnarmanna voru konur og 14% meðal æðstu stjórnenda. Í Hæstarétti starfa níu dómarmenn, þ.e. átta karlar og ein kona, og árið 2008 voru 32% héraðsdómara konur. Árið 2010 voru 28% sendiherra konur. Árið 2007 voru konur 36% allra sem


<sup>31</sup> VR – launakönnun 2009, jafnréttið, sótt í febrúar 2011.

<sup>32</sup> Hagstofa Íslands – vinnumarkaður, sótt í janúar 2011.

<sup>33</sup> VR – launakönnun 2010, launamunur kynjanna, sótt í febrúar 2011.

sátu í fastanefndum Alþingis. Árið 2008 voru konur 27% bæjarstjóra, 33% ráðuneytisstjóra, 33% skrifstofustjóra og 24% forstöðumanna ríkisstofnana. Árið 2009 voru 308 karlar kosnir í sveitarstjórnarkosningum og 204 konur.

**Graf 1.10.** Konur og karlar í áhrifastöðum á Íslandi árin 2009 og 2010.<sup>34</sup> \*



\*Sjá töflu 1.8 í viðauka III.

## Vanskil og lánabyrði

Vanskil á lánum og leigu hafa aukist í kjölfar kreppunnar. Upplýsingar Hagstofunnar um vanskil karla og kvenna eru bundnar við einstætt barnlaust fólk og um sjálfsmat er að ræða, en ekki raunverulega stöðu mála. Í gögnunum kemur fram að einstæðir barnlausir karlar eru oftari í vanskilum með lán eða leigu en konur í sömu stöðu. Vanskil kvenna á húsnæðislánum eða leigu meðal einstæðinga (fólks sem er eitt í heimili) var aðeins yfir meðallagi fyrir árið 2010. Á tímabilinu 2004–2010 var hlutfallið meðal einstæðra barnlausra kvenna lægst árið 2006, en hæst árið 2005. Árið 2010 voru einstæðar konur 26% einstæðinga í vanskilum með húsnæðislán eða leigu sem áætlað var um 700 konur. Karlar í sömu stöðu voru 74% eða um 2.000 talsins. Hlutfallið meðal einstæðra barnlausra karla hækkaði eftir bankahrunið og hefur haldist um 11% síðastliðin þrjú ár.<sup>35</sup>


Hlutfall einstæðra barnlausra kvenna í vanskilum með önnur lán hefur aftur á móti hækkað mikið síðan kreppan skall á. Árið 2010 voru 8,4% þeirra í vanskilum og voru konur því 37,5% allra einstæðinga í vanskilum með önnur lán en húsnæðislán. Hlutfall kvenna hefur hækkað síðastliðin tvö ár. Á tímabilinu 2004–2008 voru konur um 15–20% barnlausra einstæðinga í vanskilum með önnur lán. Meðal einstæðra karla lækkaði hlutfall einstæðinga í vanskilum með önnur lán en húsnæðislán á árunum 2005–2008, en hækkaði svo snarlega aftur árið 2009. Árið 2010 voru 13,2% karlkyns einstæðinga í vanskilum með önnur lán.<sup>36</sup>

<sup>34</sup> Hagstofa Íslands – áhrifastöður, sótt í nóvember 2010.

<sup>35</sup> Hagstofa Íslands – fjárhagsstaða heimilanna, sótt í nóvember 2010.


<sup>36</sup> Hagstofa Íslands – fjárhagsstaða heimilanna, sótt í nóvember 2010.

**Graf 1.11.** Einstætt barnlaust fólk í vanskilum með lán eða leigu árin 2004–2010 eftir kyni.



Kynjahlutfall er svipað árið 2010 þegar spurt er hvort húsnæðiskostnaður sé þung byrði. Þrjú árin á undan höfðu konur verið í meirihluta. Byrðar annarra lána hafa þungst mikið milli ára hjá þessum hópi kvenna. Árið 2008 kvörtuðu tæplega 7% kvenna undan þungum byrðum annarra lána, en árið 2010 hafði hlutfallið meira en tvöfaldast.

**Graf 1.12.** Einstæðar barnlausar konur sem telja húsnæðiskostnað og önnur lán þunga byrði árin 2004–2010.




Algengustu vandamálin í þessum hópi eru að geta ekki mætt óvæntum útgjöldum eða eiga erfitt með að ná endum saman, en frá því árið 2004 hafa konur verið þar í meirihluta. Árið 2010 sagðist rúmlega helmingur aðspurðra kvenna eiga í slíkum erfiðleikum. Rúmlega 40% karla sögðust ekki geta mætt óvæntum útgjöldum, en 48% áttu erfitt með að ná endum saman.<sup>37</sup> Hafa þeir í huga að um sjálfsmat er að ræða og gæti því reynst vera kynjamunur á viðhorfum til þess hvað það þýðir að geta ekki mætt óvæntum útgjöldum eða eiga erfitt með að ná endum saman.

## Matarúthlutanir

Matarúthlutanir hjálparamtaka hafa mikið verið í umræðunni frá efnahagshruninu. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun á þeim hópi fólks sem leitaði eftir mataraðstoð þriggja hjálparamtaka þann 24. nóvember 2010. Samtals leituðu 1.071 einstaklingur til Fjölskylduhjálpar Íslands, Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrksnefndar þann dag og sóttu flestir úthlutun til Mæðrastyrksnefndar, eða 55%. Upplýsingar, aðrar en um kyn og aldur, eru þó eingöngu fengnar frá Fjölskylduhjálpinni og Hjálparstarfi kirkjunnar þar sem ekki fékkst samþykki Mæðrastyrksnefndar fyrir könnuninni. Hjá öllum þremur samtökunum voru konur í meirihluta, eða samtals um 57% allra sem sóttu úthlutun.<sup>38</sup>

**Graf 1.13.** Hlutfall fólks sem leitaði eftir aðstoð hjálparamtaka við matarúthlutun 24. nóvember 2010 eftir kyni.\*



\*Sjá töflu 1.9 í viðauka III.


Nokkur kynjamunur var á aldursdreifingu, en meðalaldur kvenna var sex árum lægri en karla (39 ár meðal kvenna og 45 ár meðal karla). Konur voru hlutfallslega fleiri en karlar í aldurshópnum 20–29 ára, eða 16 prósentustigum fleiri. Karlar voru aftur á móti hlutfallslega fleiri á aldrinum 40–59 ára, eða 58% á móti 37% kvenna. Örfáir voru yngri en 20 ára eða eldri en 60 ára.<sup>39</sup>

<sup>37</sup> Hagstofa Íslands – fjárhagsstaða heimilanna, sótt í nóvember 2010.

<sup>38</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.


<sup>39</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.

**Graf 1.14.** Aldursdreifing þeirra sem fengu matarúthlutun 24. nóvember 2010 eftir kyni.



Menntunarstig kynjanna var mjög ólíkt meðal þeirra sem fengu matarúthlutun þennan dag. Hlutfallslega fleiri konur höfðu einungis lokið grunnskólanámi, eða 57% kvenna á móti 34% karla. Kynjahlutfallið snerist aftur á móti við á framhaldsskólastigi, en 56% karla höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi á móti 35% kvenna. Gæti það meðal annars skýrst af hlutfallslega hærra menntunarstigi Pólverja (84% lokið námi á framhaldsskólastigi á móti 30% Íslendinga) og hærra hlutfalli karla meðal Pólverja (63%). Fáir höfðu lokið háskólaprófi, eða alls 29 einstaklingar, og var lítil kynjamunur þar á milli.<sup>40</sup>


**Graf 1.15.** Menntunarstig þeirra sem fengu matarúthlutun 24. nóvember 2010 eftir kyni.



<sup>40</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.

Konur reyndust oftar en karlar vera einhleypar og áttu frekar börn. Rúmlega helmingur kvennanna var einhleypur eða ekkja, en 37% karlanna. Hlutfall giftra karla var 46% á móti 29% kvenna. Jafnhátt hlutfall karla og kvenna voru fráskilin. Þá bjuggu hlutfallslega mun fleiri karlar einir, eða 35% karla á móti 15% kvenna. Í samræmi við það voru konur oftar einstæðir foreldrar, eða 44% kvenna á móti 8% karla sem er svipað hlutfalli einstæðra mæðra í samfélaginu almennt. Flest þeirra sem sóttu mataraðstoð þennan dag áttu börn, en athygli vekur að hlutfallslega fleiri karlar en konur áttu engin börn, eða 31% karla á móti 10% kvenna.<sup>41</sup>

**Graf 1.16.** Einstæðingar og einstæðir foreldrar meðal þeirra sem fengu matarúthlutun 24. nóvember 2010.




Þegar spurt var um ástæður þess að fólkið leitaði eftir mataraðstoð nefndu konur frekar lágur tekjur, skuldavanda og heilsubrest sem helstu ástæðu. Rúmlega 80% kvennanna báru fyrir sig lágur tekjur á móti 60% karla. Þá sagðist helmingur kvennanna eiga við heilsuleysi að stríða. Athygli vekur að einungis 20% karlanna sögðust eiga í skuldavanda. Konurnar voru heldur fleiri, eða 37%. Karlar nefndu frekar atvinnuleysi sem ástæðu þess að þeir leituðu til hjálparsamtaka, eða 56% karla á móti 30% kvenna.<sup>42</sup>

<sup>41</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.

<sup>42</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.

**Graf 1.17.** Helstu ástæður þess að fólk sótti matarúthlutun 24. nóvember 2010 eftir kyni.\* \*\*




\*Nefna mátti fleiri en eina ástæðu.

\*\*Sjá töflu 1.10 í viðauka III.

Meðal einhleypra nefndu flestir lágur tekjur sem ástæðu fyrir því að leita sér aðstoðar. Það gerðu einnig einstæðir foreldrar, en 84% þeirra nefndu lágur tekjur sem ástæðu þess að þau leituðu eftir mataraðstoð. Þeir einstæðu foreldrar sem nefndu veikindi eða heilsufar sem ástæðu voru 57%, en 46% nefndu skuldavanda. Einungis 26% þeirra nefndu atvinnuleysi.<sup>43</sup>

**Graf 1.18.** Helstu ástæður þess að einstæðingar og einstæðir foreldrar leituðu til hjálparsamtaka 24. nóvember 2010.\*




\*Sjá töflu 1.11 í viðauka III.

<sup>43</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.



Nánast öll þau sem þáðu mataraðstoð voru ýmist atvinnulaus eða öryrkjar. Karlar voru í mun meira mæli atvinnulausir en konur, 64% karla á móti 29% kvenna. Á hinn bóginn voru konur frekar öryrkjar en karlar, eða 44% kvenna á móti 30% karla. Fleiri konur en karlar voru í launaðri vinnu og fleiri konur voru á eftirlaunum.<sup>44</sup>

**Graf 1.19.** Staða þeirra sem fengu matarúthlutun 24. nóvember 2010 á vinnumarkaði eftir kyni.




Athygli vekur að karlar tilheyrðu mun frekar lægsta tekjuhópnum. Vel yfir helmingur karlanna, eða 57%, hafði tekjur undir 150.000 kr. undangenginn mánuð og hið sama gildi um þriðjung kvenna. Aftur á móti voru konur frekar með 200.000 kr. eða hærri tekjur undangenginn mánuð heldur en karlar. Í samræmi við hlutfall atvinnulausra karla þáðu karlar mun oftast atvinnuleysisbætur og þeir þáðu einnig oftast fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu. Konur höfðu frekar til umráða húsaleigubætur, barnabætur, meðlag, barnalífeyri, mæðralaun eða fæðingarorlofsgreiðslur. Í samræmi við hlutfall kvenna á örorku voru fleiri konur sem þáðu örorku- og endurhæfingarlífeyri eða dagpeninga úr sjúkrasjóði.<sup>45</sup>


<sup>44</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.

<sup>45</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.

**Graf 1.20.** Heildartekjur þeirra sem fengu matarúthlutun 24. nóvember 2010, fyrir skatt undangenginn mánuð, eftir kyni.




**Graf 1.21.** Tekjur þeirra sem fengu matarúthlutun 24. nóvember 2010 eftir kyni.



Þegar litið er til ríkisfangs þeirra sem þáðu mataraðstoð 24. nóvember 2010 kemur í ljós að 68% voru með íslenskt ríkisfang, 24% með pólskt ríkisfang og 8% með annað ríkisfang. Talsverður kynjamunur var meðal Íslendinga annars vegar og Pólverja hins vegar. Yfir 65% Íslendinganna voru konur, sem er 8 prósentustigum hærra en konur að meðaltali í heild. Meðal Pólverja voru konur aftur á móti í minnihluta, eða 37%.

Meðal fólks með annað ríkisfang var kynjaskiptingin jafnari, eða 58% konur á móti 42% karla.<sup>46</sup>

**Graf 1.22.** Ríkisfang þeirra sem fengu matarúthlutun 24. nóvember 2010 eftir kyni.



### Lágtekjuhlutfall<sup>47</sup>

Hlutfall einstaklinga með tekjur undir lágtekjumörkum hækkadi á árunum 2006–2009. Árið 2009 var áætlað að 9,9% einstaklinga væru með tekjur undir mörkum, en það er hæsta hlutfallið sem mældist á tímabilinu. Hagstofan áætlar að um 22.300 manns yfir 18 ára aldri hafi verið með tekjur undir lágtekjumörkum árið 2009, þar af var áætlað að konur væru 12.300 talsins en karlar 10.000. Ef einstaklingar yngri en 18 ára eru taldir með nær fjöldinn 31.300 manns sem voru undir lágtekjumörkum árið 2009, þar af 18.200 konur og 13.300 karlar (sjá töflu 1.13 í viðauka III). Í heildina, ef miðað er við alla aldurshópa, fjölgaði fólki undir lágtekjumörkum um 700 milli árána 2008 og 2009, þar af *fækkaði* körlum um 400 frá því árinu áður, en konum *fjölgaði* um 1.300.<sup>48</sup>

Ef litið er til stöðu fólks á vinnumarkaði eru konur ávallt hlutfallslega fleiri en karlar nema meðal atvinnulausra. Árið 2007 voru tæp 29% atvinnulausra kvenna undir lágtekjumörkum en aðeins 8% karla. Árið 2009 var hlutfallið meðal atvinnulausra karla orðið tæplega 32%, en tæplega 27% meðal kvenna. Fjöldi einstaklinga á bak við tölur yfir atvinnulausa er þó mun minni en fyrir hina hópana. Áhugavert væri að sjá hver þróun lágtekjuhlutfallsins var á árinu 2010 þegar atvinnuleysi minnkaði hraðar meðal karla en kvenna.<sup>49</sup>


<sup>46</sup> Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2011.

<sup>47</sup> Lágtekjuhlutfall er það hlutfall einstaklinga sem lendir undir lágtekjumörkum. Lágtekjumörk miðast við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu.

<sup>48</sup> Hagstofa Íslands – tekjudreifing, sótt í desember 2010.

<sup>49</sup> Hagstofa Íslands – tekjudreifing, sótt í desember 2010.


**Graf 1.23.** Lágtekjuhlutfall kvenna eftir stöðu á vinnumarkaði árin 2006–2009.\* \*\*



\*Hér er tekið mið af öllum aldurshópum.

\*\*Sjá töflu 1.12 í viðauka III.


**Graf 1.24.** Lágtekjuhlutfall karla eftir stöðu á vinnumarkaði árin 2006–2009.\*



\*Sjá töflu 1.12 í viðauka III.

Sérstaka athygli vekur kynjamunurinn meðal eftirlaunþega sem falla undir lágtekjumörk. Í heildina fjölgaði í hópnum á árunum 2006–2009, en konum fjölgaði mun meira en körlum. Þegar mest lét náðu 21,3% kvenna á eftirlaunum ekki lágtekjumörkum. Ári síðar voru þær komnar niður í 18%, en á sama tíma voru rúmlega 10% karlkyns eftirlaunþega undir lágtekjumörkum. Að mati Hagstofunnar er áætlaður fjöldi kvenna 3.500 og karla 1.400 fyrir árið 2009. Á tímabilinu 2006–2009 voru konur því 63–80% eftirlaunþega sem voru undir lágtekjumörkum.<sup>50</sup>


**Graf 1.25.** Hlutfall og áætlaður fjöldi eftirlaunþega með tekjur undir lágtekjumörkum árin 2006–2009 eftir kyni.\*



\*Sjá töflu 1.14 í viðauka III.

Talsverður kynjamunur er meðal þeirra sem eru ekki í vinnu, ekki skráð atvinnulaus og eru með tekjur undir lágtekjumörkum. Konur í þessum hópi voru fleiri allt tímabilið 2006–2009. Áætlaður fjöldi fyrir árið 2009, samkvæmt Hagstofunni, voru 5.800 konur og 3.300 karlar. Rúmlega 19% kvenna „ekki í vinnu“ árið 2009 voru með tekjur undir lágtekjumörkum á móti tæplega 15% karla.<sup>51</sup>

**Graf 1.26.** Áætlaður fjöldi einstaklinga sem skráðir eru „ekki í vinnu“ árin 2006–2009 eftir kyni.\*



\*Sjá töflu 1.15 í viðauka III.

<sup>50</sup> Hagstofa Íslands – tekjudreifing, sótt í desember 2010.

<sup>51</sup> Hagstofa Íslands – tekjudreifing, sótt í desember 2010.

## 1.3 Einstæðar mæður

### Í stuttu máli:

- Einstæðar mæður eru 91,4% einstæðra foreldra.
- Helstu breytingar á fjárhagserfiðleikum einstæðra foreldra frá því fyrir efnahagshrun snúa að auknum vanskilum og aukinni lánabyrði. Hvorki í rannsókn Seðlabankans né upplýsingum frá Hagstofunni eru tölur yfir einstæða foreldra kyngreindar og kemur því fram hver munurinn er á tekjum og skuldum einstæðra mæðra og feðra.
- Launamunur kynjanna, kynjaskiptur vinnumarkaður og hátt hlutfall kvenna í námi benda þó til þess að konur séu frekar í lægra launabilinu en karlar í því hærra. Jafnframt þyrfti að taka tillit til hlutfalls atvinnulausra í þessum hópi til að fá skýra mynd af stöðu tekna og skulda einstæðra mæðra.
- Börn sem sækja áfengis- og vímuefnaeðferð og börn sem koma við sögu í málum barnaverndarnefnda búa oftast hjá einstæðum mæðrum. Í ljósi versnandi fjárhagsstöðu einstæðra mæðra er ástæða til að fylgjast vel með.
- Engar upplýsingar fundust um atvinnuþátttöku, atvinnuleysi, fjölda einstæðra mæðra í námi eða fjölda einstæðra mæðra á námslánunum.

Árið 2010 var heildarfjöldi einstæðra foreldra á Íslandi 12.805 manns, þar af var hlutfall einstæðra mæðra 91,4% eða 11.703 konur.<sup>52</sup> Að baki hverri konu standa að meðaltali 2,5 börn sem gerir tæplega 30.000 konur og börn í heildina. Tæplega helmingur einstæðra mæðra býr í Reykjavík (5.011) og tæp 70% á höfuðborgarsvæðinu (8.018).<sup>53</sup> Á landsvísu eru 1.102 karlar skráðir einstæðir feður með 2,3 börn að meðaltali og er fjöldi einstaklinga þar að baki samtals 2.482. Þegar teknar eru saman tölulegar staðreyndir um einstæða foreldra verða þær að skoðast með þennan kynjamun í huga.


Einstæðum foreldrum hefur farið stöðugt fjölgandi síðan árið 1998 og hefur þeim fjölgað ört eftir efnahagshrunið. Árið 1998 voru einstæðir foreldrar tæplega 8.783, þar af voru 587 karlar. Árið 2009 voru einstæðir foreldrar orðnir tæplega 12.500, en árið eftir voru þeir orðnir rúmlega 12.800. Undantekning á fjölgun einstæðra mæðra var milli árána 2007 og 2008, en þá fækkaði þeim úr 11.257 í 11.166 á meðan einstæðum feðrum hélt áfram að fjölga. Það sama gerðist milli árána 2010 og 2011.<sup>54</sup>

<sup>52</sup> Þegar vísað er til einstæðra mæðra er átt við konur sem búa einar með barni eða börnum með lögheimili hjá þeim.

<sup>53</sup> Höfuðborgarsvæðið er Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær.

<sup>54</sup> Hagstofa Íslands – fjölskyldan, sótt í nóvember 2010.

**Graf 1.27.** Fjöldi einstæðra foreldra eftir kyni 1998–2011.



Engin opinber gögn fundust um atvinnuþátttöku, atvinnuleysi, fjölda einstæðra mæðra í námi eða sem þiggja námslán eftir að kreppan skall á. Ástæða er þó til að fylgjast sérstaklega með þessum hópi.

Í þingsályktunartillögu, sem lögð var fram á Alþingi 2005–2006, um stuðning við einstæða foreldra í námi segir að samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar frá árinu 2003 skili einstæðar mæður sér illa í framhaldsskólanám. Aðeins 33% einstæðra mæðra á aldrinum 19 ára eða yngri stunduðu þá nám á framhaldsskólastigi, um 16% þeirra á aldrinum 20–29 ára og rúm 4% einstæðra mæðra yfir þrítugt. Þá stunduðu um 15% einstæðra foreldra, feðra og mæðra, á aldrinum 20–29 ára nám við háskóla eða á sérskólastigi.<sup>55</sup> Fátt er vitað um stöðu menntunar einstæðra mæðra í dag.

Í erindi Sigrúnar Júlíusdóttur, prófessors í félagsráðgjöf, á málþingi um fjölskyldumál árið 2008 kom fram að á Íslandi hafi þá um þriðjungur einstæðra mæðra lifað við lágtekjumörk, en sambærilegt hlutfall foreldra í sambúð eða hjónabandi með börn á framfæri var 5%.<sup>56</sup> Árið 2009 var lágtekjuhluftfall einstæðra foreldra 23%, á móti 4–6% para með eitt til tvö börn á framfæri og 10% para með þrjú eða fleiri börn.<sup>57</sup>

Þá unnu einstæðar mæður hlutfallslega fleiri stundir í viku en aðrar konur og voru því meira fjarri heimilinu og undir meira álagi en foreldrar í öðrum fjölskyldugerðum. Sigrún nefnir einnig að einstæðar mæður hafi yfirleitt lélegan bílakost eða engan bíl til umráða sem feli oft í sér aukaútgjöld. Einstæðar mæður búi iðulega við bágbornar og ótraustar húsnæðisaðstæður, í færri fermetrum og færri herbergjum á mann heldur en par með börn. Þá sé staðsetning og gæði húsnæðis þeirra verra en hjá öðrum fjölskyldugerðum í sömu stöðu, og einstæðar mæður búi sjaldnast í eigin húsnæði.<sup>58</sup>

<sup>55</sup> Hlynur Hallsson, 2005–2006.

<sup>56</sup> Sigrún Júlíusdóttir, 2008.

<sup>57</sup> Hagstofa Íslands – tekjudreifing, sótt í desember 2010.

<sup>58</sup> Sigrún Júlíusdóttir, 2009; sjá einnig umfjöllun: Sjöfn Kristjánsdóttir, 2008.

Auk þess hafa einstæðar mæður að jafnaði þurft á meiri fjárhagsaðstoð að halda en aðrar fjölskyldugerðir. Í skýrslu velferðarráðuneytisins um stöðu barna í mismunandi fjölskyldum skrifar Sigrún Júlíusdóttir:

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands (2005) um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til fjölskyldna (greint eftir fjölskyldugerð) á landsvísu sækja einstæðir feður minnsta fjárhagsaðstoð (2%) hjá sínu sveitarfélagi meðan einstæðar mæður sækja/fá mesta aðstoð (34%) næst á eftir einstæðum barnlausum körlum (37%). Í ársskýrslu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (2007) kemur fram að meðal þeirra sem fá fjárhagsaðstoð er hlutfall einstæðra foreldra 35% en hjóna/sambúðarfólks með börn 4,5%. Hvað varðar húsaleigubætur er hlutfallið 26% fyrir einstæða foreldra en hjóna/sambúðarfólks með börn 4,4%. Hlutfall einstæðra foreldra er 47% en 2,3% fyrir hjón/sambúðarfólk með börn þegar litið er til talna um sérstakar húsaleigubætur.<sup>59</sup>

Því er ljóst að einstæðar mæður eru gríðarlega viðkvæmur hópur, sérstaklega fyrir efnahagslægðum eins og þeirri sem nú gengur yfir.

### **Fjárhagserfiðleikar í kjölfar hruns**

Frá stofnun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna (nú Umboðsmanns skuldara) voru einstæðar mæður stærsti einstaki hópur skjólstæðinga stofunnar, eða um 30% þeirra sem leituðu sér ráðgjafar. Breyting varð á árið 2009 þegar hlutfallsleg fækkun varð í þeirra hópi á mótí mikilli aukningu í hópi hjóna og sambúðarfólks með börn. Hlutfall einstæðra feðra er aftur á mótí lægst.<sup>60</sup>

---

<sup>59</sup> Sigrún Júlíusdóttir, 2009: 32.

<sup>60</sup> Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, 2010.



**Tafla 1.1.** Fólk sem leitaði til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eftir fjölskyldugerð 2007–2009.

	2009		2008		2007	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<i>Einhleyp kona</i>	164	14%	134	15%	117	19%
<i>Einhleypur karl</i>	239	20%	182	21%	141	23%
<i>Einstæð móðir</i>	252	21%	257	30%	208	34%
<i>Einstæður faðir</i>	50	3%	17	2%	10	2%
<i>Hjón/sambúðarfólk</i>	88	7%	44	5%	29	5%
<i>Hjón/sambúðarfólk með börn</i>	411	35%	235	27%	107	17%
<b>Samtals</b>	<b>1.184</b>	<b>100%</b>	<b>869</b>	<b>100%</b>	<b>612</b>	<b>100%</b>

Í rannsókn Seðlabanka Íslands frá miðu ári 2009 á stöðu íslenskra heimila í kjölfar bankahrunsins kemur fram að 40% einstæðra foreldra eru með tekjur á bilinu 150–250.000 kr. á mánuði. Þá eru tæplega 30% einstæðra foreldra með lægri tekjur en 150.000 á mánuði.<sup>61</sup> Það ætti því ekki að koma á óvart að lánabyrði hefur aukist gríðarlega hjá þessum hópi og jafnframt vanskil lána og leigu. Í tölum Hagstofunnar yfir heimili í fjárhagsvandræðum árin 2004–2010 mælast einstæðir foreldrar oftast í vanskilum með lán af öllum heimilisgerðum og lánabyrði mælist hæst í þeirra hópi. Jafnframt geta einstæðir foreldrar síst mætt óvæntum útgjöldum og eiga erfðast með að ná endum saman. Taka skal fram að um er að ræða mat fólks á eigin stöðu.<sup>62</sup>

Hvorki í rannsókn Seðlabankans né upplýsingum frá Hagstofunni eru tölur yfir einstæða foreldra kyngreindar og því kemur hvergi fram hver munurinn er á tekjum eða skuldum einstæðra mæðra og fedra. Niðurstaðan er áhugaverð fyrir þessa samantekt í ljósi þess að 91% einstæðra foreldra er konur.

Húsnæðiskostnaður hefur lengi mælst þung byrði hjá einstæðum foreldrum. Í tölum Hagstofunnar kemur fram að á tímabilinu 2004–2010 telur venjulega um þriðjungur einstæðra foreldra húsnæðislán eða leigu þunga byrði nema árin 2006 og 2007 þegar hlutfallið lækkaði niður fyrir 20%. Byrðar annarra lána hafa aftur á móti aukist mikið. Árið 2004 töldu tæp 9% einstæðra foreldra önnur lán vera þung byrði, en árið 2010 var hlutfallið orðið 35,8%.<sup>63</sup> Samkvæmt fyrrnefndri rannsókn Seðlabanka Íslands vorðu 29% einstæðra foreldra yfir 50% ráðstöfunartekna sinna í lánagreiðslur árið


<sup>61</sup> Karen Vignisdóttir og Þorvarður Tjörvi Ólafsson, 2009.

<sup>62</sup> Hagstofa Íslands – fjárhagsstaða heimilanna, sótt í nóvember 2010.

<sup>63</sup> Hagstofa Íslands – fjárhagsstaða heimilanna, sótt í nóvember 2010.

2009, en þeir sem skulduðu svo mikið voru taldir vera í áhættuhópi. Þá vörðu um 61% einstæðra foreldra innan við 40% ráðstöfunartekna sinna í lánagreiðslur árið 2009.<sup>64</sup>

**Graf 1.28.** Hlutfall einstæðra foreldra sem telja húsnæðiskostnað og önnur lán vera þunga byrði 2004–2010.




\*Sjá töflu 1.16 í viðauka III.

Vanskil lána hafa aukist töluvert meðal einstæðra foreldra og mest meðal þeirra af öllum heimilisgerðum. Af þeim sögðust 23,5% vera í vanskilum með húsnæðislán eða leigu árið 2010, en meðaltalið fyrir árin 2004–2009 var 14,5%. Enn fleiri, eða tæplega þriðjungur einstæðra foreldra, sögðust vera í vanskilum með önnur lán en húsnæðislán. Til samanburðar sögðust tæplega 10% heimila þar sem búa tveir fullorðnir og tvö börn vera í vanskilum með húsnæðislán eða leigu árið 2010. Af þeim heimilum sögðust 14,5% vera í vanskilum með önnur lán. Næst einstæðum foreldrum komast tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn. Árið 2010 sögðust 19,2% í þeim hópi vera í vanskilum með húsnæðislán eða leigu, en 25,8% í vanskilum með önnur lán.<sup>65</sup>

<sup>64</sup> Karen Vignisdóttir og Þorvarður Tjörvi Ólafsson, 2009.

<sup>65</sup> Hagstofa Íslands – fjárhagsstaða heimilanna, sótt í nóvember 2010.


**Graf 1.29.** Hlutfall einstæðra foreldra í vanskilum með lán eða leigu 2004–2010.\*



\*Sjá töflu 1.17 í viðauka III.

Rúm 77% einstæðra foreldra sögðust eiga erfitt með að ná endum saman árið 2010 og 66,5% sögðust ekki geta mætt óvæntum útgjöldum. Hlutfallið hefur hækkað mikið síðan árið 2007, en er sambærilegt árinu 2004. Samanborið við aðra hópa mælist hlutfall einstæðra foreldra sérstaklega hátt. Heimili án barna koma best út, en tveir fullorðnir með eitt til tvö börn standa einnig töluvert betur að vígi en einstæðir foreldrar. Tæplega 30% heimila þar sem búa tveir fullorðnir með tvö börn geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, en 52,2% eiga erfitt með að ná endum saman.<sup>66</sup>

**Graf 1.30.** Hlutfall einstæðra foreldra sem eiga erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum eða í erfiðleikum með að ná endum saman.



\*Sjá töflu 1.18 í viðauka III.


<sup>66</sup> Hagstofa Íslands – fjárhagsstaða heimilanna, sótt í nóvember 2010.

## Barnavernd

Um þriðjungur barna sem sækja áfengis- og vímuefnaeðferðir og ríflega 40 prósent barna í málum barnaverndarnefnda búa hjá einstæðum mæðrum. Nýjustu tölur Barnaverndarstofu eru frá árinu 2008 svo ekki er hægt að gera rýna í stöðuna í efnahagskreppunni. Ástæða er þó til þess að fylgjast sérstaklega með einstæðum mæðrum í ljósi versnandi fjárhagsstöðu þeirra.

Á tímabilinu 2005–2008 fjölgaði börnum sem sótt var um í áfengis- og vímuefnaeðferð og bjuggu hjá kynforeldrum, en þeim fækkaði sem bjuggu hjá einstæðum mæðrum. Þó var meirihluti barnanna í umsjá einstæðrar móður eða í 31–39% tilvika. Til samanburðar bjuggu börnin í 22% tilvika hjá móður og stjúpa og í 20–26,5% tilvika hjá báðum kynforeldrum.<sup>67</sup>

**Graf 1.31.** Hlutfall barna í meðferð árin 2005–2008 eftir heimilisaðstæðum.\* \*\*



\*Hlutfall námunnað að næstu heilu tölu.


\*\*„Annað“ stendur fyrir: Til skiptis hjá móður og föður; kjörforeldrar; ættingjar; á stofnun; annars staðar; fjöldi barna sem vantar upplýsingar um.

Meirihluti mála hjá Barnaverndarstofu varðar börn sem búa ekki hjá báðum foreldrum, þar af bjuggu 43,7% hjá einstæðri móður árið 2008. Hlutfall barna sem bjuggu hjá einstæðri móður í málum barnaverndarnefnda hækkaði lítillega árið 2008 miðað við árin 2005–2007. Barnaverndarmálum fjölgaði í heildina mikið á þessu árabili, eða frá 3.643 málum árið 2005 í 4.265 mál árið 2008.<sup>68</sup>

<sup>67</sup> Barnaverndarstofa, 2010a.

<sup>68</sup> Barnaverndarstofa, 2010a.

**Graf 1.32.** Hlutfall barna í málum barnaverndarnefnda 2005–2008 eftir heimilisaðstæðum.



## 2. Atvinna og atvinnuleysi

Hinn íslenski vinnumarkaður er að mörgu leyti kynbundinn. Enn eru til hefðbundnar kvenna- og karlastéttir þar sem annað kynið er ráðandi. Vinnuframlag kvenna er hlutfallslega lægra en karla því þær eru líklegri til að vinna hlutastarf. Enn fyrirfinnst kynbundinn launamunur, sem og valdamunur þegar kemur til dæmis að stjórnun fyrirtækja. Konur sækja fremur í nám en karlar en þó skilar menntun körlum lengra en konum á vinnumarkaði hvað laun varðar. Setja þarf hinn ólíka veruleika kvenna og karla á vinnumarkaði í samhengi við aukið atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins og viðbrögð hins opinbera við kreppunni.

Breytingar hjá hinu opinbera koma almennt þyngra niður á konum, en breytingar á almennum vinnumarkaði harðar niður á körlum. Karlar misstu vinnu þegar í kjölfar bankahrunsins vegna hins háa hlutfalls karla við störf í t.d. byggingargeiranum. Konum er hins vegar hætt við að missa vinnu mun síðar í kjölfar niðurskurðar ríkisins því stór hluti ríkisstarfsmanna er konur. Þessi þróun atvinnuleysis er þegar sýnileg en atvinnulausum konum hefur fjölgað hratt undanfarið. Viðbrögð ríkisins við afleiðingum kreppunnar felast bæði í opinberum niðurskurði, svo sem uppsögnum og banni við nýráðningum, og aðgerðum til að vinna bug á auknu atvinnuleysi. Á sama tíma og skorið er niður í kvennastörfum er reynt að skapa fleiri karlastörf. Umræðan héraendis um „mannaflokkar framkvæmdir“ er til marks um karllæga slagsíðu í atvinnuþróunarstefnu. Auk þess hve lífseig staðalímyndin um mikilvægi atvinnu fyrir karlmenn er, skýrast slíkar aðgerðir af því að viðbrögð ríkis eru of hæg og miðast eingöngu að þeim sem fyrst misstu vinnuna, þ.e. körlum. Tryggja þarf að aðgerðir í þágu vinnumarkaðarins skapi störf sem henti konum og körlum með fjölbreyttan bakgrunn. Með það í huga skyldi einnig athuga hvers konar störf eru búin til á hverju landsvæði því kynbundið atvinnuleysi er ólíkt milli landsvæða.

### 2.1 Kynjaskiptur vinnumarkaður

#### Í stuttu máli:


- Opinber niðurskurður hefur meiri áhrif á atvinnustöðu kvenna en karla því þær eru meirihluti ríkisstarfsmanna – sérstaklega í umönnunarkerfinu.
- Í kjölfar hrunsins hefur háskólanemum fjölgað, körlum hlutfallslega ögn meira en konum.
- Atvinnuþátttaka háskólanema hefur breyst kynbundið í kreppunni. Árið 2007 unnu fleiri karlar en konur launavinnu með námi, en dæmið hafði snúist við 2010. Karlar vinna þó enn fleiri vinnutíma á viku.

#### Kvenna- og karlastéttir

Enn má flokka margar starfsstéttir sem kvenna- og karlastéttir þar sem annað kynið er í miklum meirihluta. Sem dæmi má nefna að árið 2009 unnu 7.600 konur og 1.700 karlar við skrifstofustörf, en 19.500 konur á móti 13.100 körlum við þjónustu og verslun. Hins vegar unnu 17.200 karlar sem iðnaðarmenn en aðeins 1.800 konur,

7.600 karlar við vélar og vélgæslu á móti 900 konum og við sjómennsku eða búskap störfuðu 5.400 karlar og 1.200 konur (sjá einnig töflu 2.1 í viðauka III).<sup>69</sup>

**Graf 2.1.** Hlutfall kynja meðal ýmissa starfsstétta árið 2009.



Íslenska ríkið er stærsti vinnustaður landsins, en þar starfa að jafnaði um 12% alls vinnandi fólks í landinu.<sup>70</sup> Áhrif breytts efnahagsástands gætir í launaþróun og launasetningu ríkisins með meiri töf en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Niðurskurður hjá hinu opinbera er þyngri og tímafrekari en hjá einkaaðilum svo atvinnuleysi og launalækkunar ríkisstarfsfólks koma seinna í ljós. Yfirleitt er að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvari á einhliða breytingu launakjara og sami fyrirvari eða lengri gildir þegar störf eru lögð niður.

Konur eru nærri tveir þriðju hluti ríkisstarfsmanna. Hjá sveitarfélögunum starfa einnig hlutfallslega margar konur, en hlutdeild kvenna í heildarfjölda stöðugilda sveitarfélaga var um 73,2% árið 2009. Með hliðsjón af launagögnum starfsmanna sveitarfélaga virðist meðalstarfshlutfall kvenna vera lægra en karla svo álykta má að hlutfall kvenna sé jafnvel enn hærra.<sup>71</sup> Í Reykjavík töldu konur 75% allra starfsmanna Reykjavíkurborgar í október árið 2009, en þar störfuðu á þeim tíma rétt tæplega 4.000 manns.<sup>72</sup>

#### Áhrif kreppunnar á kynbundinn vinnumarkað

Vegna hins mikla fjölda kvenna meðal ríkisstarfsmanna koma breytingar hjá hinu opinbera almennt þyngra niður á konum, en breytingar á almennum vinnumarkaði harðar niður á körlum. Konur eru að jafnaði um 65% ríkisstarfsmanna. Fjölmennustu starfsstéttir ríkisins eru á sviði heilbrigðismála, menntamála og löggæslu. Hið háa hlutfall kvenna meðal ríkisstarfsmanna má helst skýra með mannfjölda hinna svokölluðu kvennastétta á borð við kennara og hjúkrunarfræðinga.<sup>73</sup> Konur eru í dag 82% þeirra 8.561 manns (6.387 stöðugildi í dagvinnu) sem starfar í

<sup>69</sup> Hagstofa Íslands – vinnumarkaður, sótt í janúar 2011.

<sup>70</sup> Fjármálaráðuneytið – lykiltölur um starfsmenn og stofnanir ríkisins, sótt í nóvember 2010.


<sup>71</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga, 2010.

<sup>72</sup> Anna Borgþórsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir og Ragna B. Garðarsdóttir, 2010.

<sup>73</sup> Fjármálaráðuneytið – lykiltölur um starfsmenn og stofnanir ríkisins, sótt í nóvember 2010.

heilbrigðisgeiranum.<sup>74</sup> Haustið 2008 voru konur tæplega 80% grunnskólakennara á Íslandi.<sup>75</sup>

**Graf 2.2.** Kynjahlutfall hjá ríkinu og hinum fjölmennu kvennastéttum ríkisins.



*\*Sjá töflu 2.2 í viðauka III.*

Framundan er samdráttur í rekstri heilbrigðisstofnana. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að starfsmönnum verði fækkað um 634 (445 stöðugildi) eða um 7,4%. Gera má ráð fyrir að konur verði yfirgnæfandi hluti þeirra sem missa vinnu í kjölfar niðurskurðar í heilbrigðisgeiranum og kemur landsbyggðin sérstaklega illa út. Af öllum sem starfa á íslenskum heilbrigðisstofnunum er yfir helmingur (56%) hjá Landspítalanum eða 4.795 starfsmenn, en þar er gert ráð fyrir hlutfallslega minnstum niðurskurði. Af þeim 3.766 starfsmönnum annarra heilbrigðisstofnana en Landspítalans er gert ráð fyrir að skera niður 566 störf, eða 15% allra starfsmanna.<sup>76</sup> Þetta skal setja í samhengi við það að víða á landsbyggðinni er atvinnuleysi hlutfallslega meira meðal kvenna en karla.

Í kjölfar framlagningar fjárlagafrumvarpsins fól heilbrigðisráðherra faghópi að yfirfara útfærslur stofnana á aðgerðum til að mæta kröfum um hagræðingu. Í lok nóvember 2010 voru boðaðar breytingar á frumvarpinu sem byggðar voru á niðurstöðum hópsins. Í tillögunum er gert ráð fyrir mun minni samdrætti útgjalda en upphaflega var ráðgert. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nam hagræðingarkrafa gagnvart heilbrigðisstofnunum rúmum þremur milljörðum króna, en verður um 1,9 milljarðar. Gert er ráð fyrir að hagræðingarkrafa ársins 2011 verði um 1,3 milljarðar króna, en að kröfu um frekari hagræðingu sem nemur um 570 milljónum króna verði frestað til ársins 2012.<sup>77</sup>

<sup>74</sup> Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um störf á heilbrigðisstofnunum, 2010.

<sup>75</sup> Félag grunnskólakennara – starfsfólk í grunnskólum haustið 2008, sótt í nóvember 2010.

<sup>76</sup> Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um störf á heilbrigðisstofnunum, 2010.

<sup>77</sup> Heilbrigðisráðuneytið – breytingar á hagræðingaráformum á heilbrigðisstofnunum, sótt í desember 2010.



Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á að skera niður í skólastarfi um milljarð króna á næsta skólaári. Sparnaðurinn felst meðal annars í sameiningu skóla og fækkun kennslustunda, hagrætt verður í almennum kennslukostnaði sem svarar til 2,8% á ársgrunni af úthlutuðu kennslumagni og tengdum þáttum.<sup>78</sup> Árið 2009 voru starfsmenn á Menntasviði Reykjavíkurborgar 2.450 í 2.210 stöðugildum. Konur voru þá um 78% af öllu starfsfólki Menntasviðsins.<sup>79</sup> Stærsti hluti starfsmanna Menntasviðsins er starfsmenn hinna 39 grunnskóla Reykjavíkur og eru kennarar um 59% af starfsmönnum Menntasviðsins.<sup>80</sup> Muni þessi niðurskurður fela í sér til dæmis uppsagnir starfsfólks, launalækkanir eða skert starfshlutfall, mun hann koma hart niður á konum sem eru fjölmennar í starfsliði grunnskóla.

Niðurskurð í umönnunarkerfinu skal ekki eingöngu setja í samhengi við fjölda kvenna í slíkum störfum heldur einnig hið ólaunaða umönnunarhlutverk sem konur taka iðulega frekar að sér en karlar líkt og rætt var í fyrsta kafla. Minni þjónusta við börn, aldraða og fatlaða, og að senda sjúklinga heim af sjúkrastofnunum áður en þeir eru færir um að sjá um sig sjálfir eru þekktar sparnaðarleiðir hjá heilbrigðisstofnunum. Vegna aukinnar heimilisábyrgðar kvenna er ástæða til að hafa áhyggjur af áhrifum slíkra aðgerða í niðurskurði í íslenska heilbrigðiskerfinu. Í rannsókn á sænska velferðarkerfinu benda Ginsburg og Rosenthal (2006) á að fyrst og fremst tveir þjónustubættir hins opinbera áttu þátt í auka atvinnuþátttöku sænskra kvenna í kjölfar kreppunnar á níunda áratugnum og að búa til störf fyrir konur; dagvistun barna og umönnun eldri borgara. Í Svíþjóð hafa þessir tveir þættir þróast í öfuga átt, dagvistun barna hefur orðið víðtækari og almennari en umönnun aldraðra takmarkaðri. Dregið hefur úr heimahjúkrun aldraðra og hjúkrunarheimilum fjölgað. Þá hefur innlagnardögum á spítölum fækkað og fólk sent mun fyrr heim. Breytingarnar höfðu það í för með sér að aldraðir þurftu að huga að því sjálfir að verða sér út um aðstoð einkaaðila eða treysta á ættingja, sem hafði svo aftur áhrif á konur þar sem þær sinna fremur en karlar því hlutverki að aðstoða aldraða ættingja. Í rannsókn Ginsburg og Rosenthal kemur einnig fram að í kreppunni á níunda áratugnum jókst stuðningur við einstaklinga sem áttu við mikla fötlun að stríða, en aðstoð við þá sem áttu við minni fötlun að etja minnkaði mikið svo þeir urðu gjarnan að reiða sig á fjölskylduna.<sup>81</sup>

## Menntun

Í takt við kynbundið starfsval er námsval Íslendinga einnig kynbundið, eins og sjá má á grafi 2.3.<sup>82</sup>

<sup>78</sup> Reykjavíkurborg, 2010.


<sup>79</sup> Reykjavíkurborg, 2009.

<sup>80</sup> Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2011b.

<sup>81</sup> Ginsburg, H.L. og Rosenthal, M.G., 2006.

<sup>82</sup> Hagstofa Íslands – háskólar, sótt í janúar 2011a.

**Graf 2.3.** Brautskráningar á háskólastigi og doktorsstigi eftir sviði og kyni árið 2009.\*




\*Sjá töflu 2.3 í viðauka III.

Þá eru konur líklegri til að mennta sig en karlar. Undanfarin ár hefur hlutfall kvenna sem útskrifast frá háskólastigi verið hátt í tvöfalt hærra en karla (kynjabilið er meira meðal nemenda sem útskrifast en þeirra sem eru skráðir hverju sinni). Konur eru fleiri í öllum aldursflokkum útskrifaðra, en munurinn er áberandi mestur meðal nemenda 40 ára og eldri.<sup>83</sup>

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna, skilar menntun körlum lengra en konum á vinnumarkaði. Kynjabil á launum minnkar fyrst eftir framhaldsgráðu í háskóla, þ.e. MA-, MS- eða doktorsgráðu, en bilið helst að öðru leyti, hvort sem fólk er eingöngu með grunnskólamenntun, framhaldsskólamenntun eða grunnenntun frá háskóla, þ.e. BA- eða BS-próf.

<sup>83</sup> Hagstofa Íslands – háskólar, sótt í janúar 2011a.

**Graf 2.4.** Meðallaun kynjanna eftir menntun.\*




\*Graf af vefsíðu VR, sjá: <http://www.vr.is/index.aspx?groupid=477206>

*Áhrif kreppunnar á nemendur*

Á tímabilinu 2007–2010 fjölgaði skráðum nemum á háskólastigi um 2.332 og dró saman með kynjunum þótt enn séu mun fleiri konur í háskólanámi.<sup>84</sup>

**Graf 2.5.** Skráðir nemendur á háskóla- og doktorsstigi eftir kyni árin 2007–2010.\*



\*Sjá töflu 2.4 í viðauka III.

Athygli vekur að atvinnuþátttaka nema hefur breyst kynbundið í kjölfar hrunsins. Árið 2007 unnu hlutfallslega fleiri karlar launavinnu með námi en konur, og fleiri vinnutíma á viku. Sama var uppi á teningnum árið 2008, en þó hafði dregið nokkuð saman með kynjunum. Árið 2009 hafði dæmið hins vegar snúist við, en þá unnu fleiri

<sup>84</sup> Hagstofa Íslands – háskólar, sótt í janúar 2011b.

konur en karlar launavinnu með námi. Karlar unnu samt sem áður fleiri vinnustundir en konur, þótt munurinn á fjölda vinnustunda hefði minnkað. Árið 2010 fjölgaði enn hlutfallslega konum sem unnu með námi töluvert fram yfir karlkyns háskólanema, en áfram voru vinnustundir karla fleiri þótt sífellt drægi saman með kynjunum hvað það varðar.<sup>85</sup>

---

<sup>85</sup> Hagstofa Íslands – námsmenn, sótt í janúar 2011.

## 2.2 Atvinnuleysi kynjanna

### Í stuttu máli:


- Atvinnuleysisþróunin frá hruni fylgir þekktu kynjamynstri – karlar missa fyrr vinnu í kjölfar kreppu en áhrifin á atvinnuleysi kvenna eru lengur að birtast, og sveiflurnar eru mun minni meðal kvenna en karla.
- Á atvinnuleysissskrá fjölgaði körlum hlutfallslega hraðar en konum fyrst eftir hrun, en sumarið 2010 hafði atvinnuleysi kynjanna jafnast út. Körlum fjölgaði aftur yfir vetrarmánuðina, en gera má ráð fyrir að atvinnuleysi kvenna aukist þegar líður á efnahagskreppuna.
- Hjá aldurshópnum 16–24 ára fjölgaði piltum margfalt meira á atvinnuleysissskrá en stúlkum. Þessi mikli kynjamunur hefur haldið sér hlutfallslega meiri hjá þessum aldursflokki en öðrum.
- Langtímaatvinnuleysi eykst samhliða almennu atvinnuleysi. Fyrir hrun var langtímaatvinnuleysi mun meira meðal kvenna en karla, en um haustið 2010 hafði það jafnast meðal kynjanna vegna þess hve fljótt atvinnuleysi karla jókst í kjölfar hrunsins. Miðað við reynslu annarra þjóða má ætla að konur verði atvinnulausar lengur en karlar.
- Frá bankahruninu hafa karlar verið í meirihluta atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu, en á landsbyggðinni hafa kynin reglulega skipst á að tilheyra meirihluta á atvinnuleysissskrá.
- Atvinnulausir karlar eru ögn ólíklegri til að skrá sig í hvers konar vinnumálaúrræði.
- Um það bil fimmtungur íslenska vinnuafslsins fellur utan vinnumarkaðar; fólk á aldrinum 16–74 ára sem er hvorki starfandi né atvinnulaust. Töluverður kynjamunur er á þeim hópi en erfitt er að finna upplýsingar um hann.
- „Mannafslsrekar framkvæmdir“ meðal opinberra aðgerða til að skapa fleiri störf er til marks um karllæga slagsíðu í atvinnuþróunarstefnu, en slíkar framkvæmdir, auk stóriðju, skapa fyrst og fremst störf sem einungis karlar velja. Á sama tíma og búin eru til störf fyrir karla eru kvennastörf skorin niður.

Atvinnuleysi hefur aukist mikið í kjölfar efnahagshrunsins og gengið í bylgjum síðan. Vegna framangreindra ólíkra aðstæðna kynjanna á vinnumarkaði (og áhrifa kynjamisvægis annars staðar í samfélaginu) getur aukið atvinnuleysi haft ólík áhrif á konur og karla, og því er nauðsynlegt að skoða þróun mála og hvaða áhrif aðgerðir eða aðgerðaleyfi hafa á hvort kyn um sig.

Við að kanna atvinnuleysi kynjanna skal hafa í huga að af heildarfjölda Íslendinga eru karlar fleiri en konur og hefur munað 2–3.000 undanfarin ár. Kynjahlutfall á atvinnuleysissskrá þarf að setja í samhengi við þetta því þegar atvinnuleysi kynjanna er hlutfallslega jafnt eru samt sem áður fleiri karlar en konur á atvinnuleysissskrá.

Þá skiptir einnig máli hvernig atvinnuleysi er mælt. Hafa skal í huga að eftirfarandi tölur um atvinnuleysi koma frá Vinnumálastofnun, en hjá Hagstofunni fást aðrar tölur. Í stuttu máli liggur munurinn einna helst í því að tölur Vinnumálastofnunar um fjölda atvinnulausra miðast við þau sem hafa skráð sig hjá stofnuninni og sótt um atvinnuleysisbætur, á meðan tölur Hagstofunnar miðast við könnun þar sem fólk er talið atvinnulaust ef það segist vilja og geta unnið en fær ekki vinnu. Samkvæmt skilgreiningu Vinnumálastofnunar getur fólk einnig verið hlutaatvinnulaust, en ekki samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar. Þá meta þessar stofnanir mannafla (meðalfjölda starfandi og atvinnulausra) ólíkt, tölur Hagstofunnar eru miðaðar við meðalfjölda einstaklinga en ársverk hjá Vinnumálastofnun. Loks birtir Vinnumálastofnun mánaðartölur en Hagstofan ársfjórðungslegar.<sup>86</sup>

**Graf 2.6.** Tölum Hagstofu og Vinnumálastofnunar ber ekki saman.\*



\*Graf frá Hagstofu Íslands

Atvinnuleysi kvenna og karla skal ekki eingöngu sett í samhengi við kynbundinn vinnumarkað, heldur einnig þá ólíku stöðu kynjanna á heimilinu sem kynnt var í fyrsta kafla. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að vinnuframlag atvinnulausra karla á heimili er jafnvel minna en framlag kynbræðra þeirra sem eru í launaðri vinnu. Jafnréttisvaktin 2008 taldi mögulegt að viðbrögð íslenskra karla sem lentu í atvinnuleysi gætu verið nokkuð ólík því sem gerist annars staðar. Lögbundinn réttur íslenskra karla til fæðingarorlofs gæti til dæmis haft jákvæðari áhrif á viðhorf karla til þátttöku í uppeldi og heimilisstörfum við atvinnumissi en erlendar rannsóknir sýndu.<sup>87</sup> Ný íslensk rannsókn sýnir hins vegar að atvinnulausir karlar eyða u.þ.b. einum og hálfum tíma minna í heimilisstörf (barnauppeldi undanskilið) á viku en konur í fullri vinnu. Atvinnulausir karlar eyða u.þ.b. tveimur tímum á viku í

<sup>86</sup> Fjármálaráðuneytið, 2010.

<sup>87</sup> Jafnréttisvaktin, 2009.

heimilisstörf umfram karla í fullri vinnu, á meðan konur í atvinnuleysi auka vinnuframlag sitt á heimilinu til muna.<sup>88</sup>

### **Kynbundin atvinnuleysispróun frá hrúni**

Próun atvinnuleysis frá hrúni haustið 2008 og til ársloka 2010 fylgir þekktu kynjamynstri – karlar missa fyrr vinnu í kjölfar kreppu en áhrif kreppu á atvinnuleysi kvenna eru lengur að birtast, og sveiflurnar eru mun minni meðal kvenna en karla.

Þær atvinnugreinar sem tóku mestu áhættu meðan á góðærinu stóð fóru verst út úr hrúninu; bankar og byggingaiðnaður. Áhættuhegðun innan þessara geira hefur verið tengd því hversu margir karlmenn voru þar við stjórnvölinn. Af því leiddi að margir karlar; háskólamenntaðir, iðnmenntaðir og ómenntaðir, misstu vinnu eftir hrúnið og voru lengi í miklum meirihluta atvinnulausra. Atvinnuleysi jókst mikið meðal iðnaðarmanna vegna hins snarpa samdráttar í byggingariðnaði, en alla jafna er atvinnuleysi lítið meðal þeirra. En eins og Katrín Ólafsdóttir (2009) bendir á er það einungis fyrsta kastið. Hið opinbera hefur tekið á sig gríðarlegar skuldbindingar í kjölfar hrúns bankanna og þarf nú að draga saman seglin og segja upp starfsfólki. Þegar hópum karla var sagt upp á fjármálamarkaði og í byggingariðnaði má segja að átt hafi sér stað ákveðin leiðrétting. Óvenju margir karlar unnu við þessi ákveðnu störf og ljóst að ekki var um sjálfbæran rekstur að ræða.<sup>89</sup> Konur störfuðu síður á þeim vettvangi, en taka nú skellinn þegar kemur að niðurskurði ríkisins því tveir þriðju hlutar ríkisstarfsmanna eru konur. Konur eru í meirihluta nýútskrifaðra úr háskólum og þær konur sem hefðu annars leitað vinnu hjá hinu opinbera munu ekki fá starf vegna ráðningabanns og niðurskurðar.<sup>90</sup> Þegar líður á efnahagskreppuna má því gera ráð fyrir að atvinnuleysi kvenna aukist og miðað við reynslu annarra þjóða má ætla að konur verði atvinnulausar lengur en karlar.

Hálft ári fyrir bankahrúnið, í lok mars 2008, var skráð atvinnuleysi á Íslandi 1%, 0,9% meðal karla og 1,3% meðal kvenna. Fljótlega í kjölfar hrúnsins voru karlar í fyrsta sinn í 30 ár fleiri en konur á atvinnuleysisrá. Í lok desember 2008 var skráð atvinnuleysi orðið 4,8% í heildina, 5,2% meðal karla og 4,1% meðal kvenna. Í mars 2009 var skráð atvinnuleysi 8,9% sem er hæsta hlutfall frá því kreppan skall á og til dagsins í dag, þ.e. 10,3% meðal karla og 7,2% meðal kvenna. Atvinnulausum körlum fækkaði talsvert yfir sumarmánuðina 2009 en fjölgaði svo aftur yfir vetrarmánuðina. Við lok árs 2009 var atvinnuleysi meðal karla 8,9% en 7,3% meðal kvenna. Á árinu 2010 fækkaði atvinnulausum alls staðar á landinu, en körlum mun hraðar en konum. Fyrstu mánuði ársins 2010 var atvinnuleysi hlutfallslega meira meðal karla. Þá dró saman með kynjunum og yfir sumarmánuðina var nokkuð jafnt atvinnuleysi hjá konum og körlum, en seinni mánuði ársins jókst aftur atvinnuleysi karla. Í mars var 8,1% atvinnuleysi meðal kvenna og 10,2% meðal karla, en í júlí 7,4% meðal karla og 7,5% meðal kvenna. Í lok október var skráð atvinnuleysi meðal kvenna 7,2% og 7,8% meðal karla. Í lok árs 2010 var skráð atvinnuleysi yfir landið 8%, þ.e. 8,5% meðal karla en 7,3% meðal kvenna.<sup>91</sup>


<sup>88</sup> Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir, 2010.

<sup>89</sup> Katrín Ólafsdóttir, 2009.

<sup>90</sup> Bryndís Erna Jóhannsdóttir, 2010.

<sup>91</sup> Vinnuálagstafnun – mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði, sótt í janúar 2011.

**Graf 2.7.** Próun atvinnuleysis meðal karla og kvenna á Íslandi, september 2008–september 2010.\*



\*Sjá töflu 2.5 í viðauka III.

### Atvinnuleysi eftir búsetu


Frá bankahruninu hafa karlar verið í meirihluta atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu, en á landsbyggðinni hafa kynin reglulega skipst á að tilheyra meirihluta á atvinnuleysisskrá. Hér er talað um landsbyggðina í heild sinni í hlutfalli við höfuðborgarsvæðið, en atvinnuleysistöölur eru ólíkar á milli þeirra landsvæða sem falla undir landsbyggðina.

Á fyrri hluta ársins 2009 voru fleiri karlar en konur á landsbyggðinni atvinnulausir, en frá júní til og með nóvember voru konurnar hlutfallslega fleiri. Fyrstu mánuði ársins 2010 var atvinnuleysi meira meðal karla á landsbyggðinni, en í maí tóku konurnar við og héldu meirihluta til og með nóvember. Í desember 2010 jókst atvinnuleysi ögn meðal karla á landsbyggðinni, og var þá 7,1% en 6,8% hjá konum. Svæðisbundinn kynjamunur á skráðu atvinnuleysi var þá mestur á Austurlandi þar sem atvinnuleysi meðal kvenna var nærri 2 prósentustigum meira en karla.<sup>92</sup>

<sup>92</sup> Vinnumálastofnun – mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði, sótt í janúar 2011.



**Graf 2.8.** Hlutfallslegt atvinnuleysi eftir kyni og búsetu, júní 2008–desember 2010.\*



\*Sjá töflu 2.6 í viðauka III.

### Langtímaatvinnuleysi

Þegar atvinnuleysi eykst mikið er mesta aukningin iðulega meðal þeirra sem hafa verið atvinnulausir í nokkrar vikur og mánuði (skammtímaatvinnuleysi). Sá hópur sem í dag hefur verið lengi án atvinnu fer vaxandi, þannig eykst langtímaatvinnuleysi samhliða almennu atvinnuleysi. Einnig fjölgar þeim sem hafa verið á atvinnuleysisbótum í lengur en þrjá mánuði og fá fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustunni.


Í mars 2008 höfðu um 27% allra á atvinnuleysisskrá verið þar í meira en hálf ár og 14% í meira en ár, en í október 2010 höfðu um 54% atvinnulausra verið það í meira en hálf ár og 35% í meira en ár.<sup>93</sup> Vegna hinnar miklu fjölgunar á atvinnuleysisskrá í kjölfar hrunsins fór hlutfall langtímaatvinnulausra fyrst niður á við. Langtímaatvinnulausir voru lengst af um 25% allra á skrá á árinu 2008, en fóru niður í 10% í árslok.<sup>94</sup> Á árinu 2009 fjölgaði langtímaatvinnulausum hins vegar hratt. Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í meira en eitt ár voru 2% af atvinnuleysisskrá í byrjun árs 2009, en orðin 21% í lok ársins. Þeim sem höfðu verið atvinnulausir í 6–12 mánuði fjölgaði á árinu úr 5 í 28%. Langtímaatvinnulausir (sex mánuðir eða lengur) voru því orðnir rétt um helmingur (49%) þeirra sem voru á skrá í lok ársins 2009 og fjölgaði að árslokum 2010.<sup>95</sup>

<sup>93</sup> Vinnumálastofnun – mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði, sótt í janúar 2011.

<sup>94</sup> Vinnumálastofnun, 2009.

<sup>95</sup> Vinnumálastofnun, 2010a.

**Graf 2.9.** Hlutfall langtímaatvinnulausra af heildinni á atvinnuleysissskrá í mars 2008 og október 2010.



\*Sjá töflu 2.7 í viðauka III.

#### *Kynbundið langtímaatvinnuleysi*

Rannsóknir á langtímaatvinnuleysi í kjölfar efnahagsþrenginga benda til þess að konur séu lengur atvinnulausar því þær fá ekki vinnu jafn fljótt og karlar og fá lægra hlutfall vinnu en áður.<sup>96</sup> Líkur er á að slíkt gæti einnig gerst hér á landi. Til dæmis vegna staðalímyndar karla sem fyrirvinna heimilisins og því mikilvægara að þeir vinni. Í efnahagsþrengingum vill festast í sessi svokölluð fyrirvinnu-hugmyndafræði á þann veg að almenningi, vinnuveitendum og jafnvel stjórnvöldum þyki eðlilegt að karlar hafi forgang um vinnu. Viðhorf til kvenna má sjá víða. Innan vébanda Vinnumálastofnunar er til dæmis starfræktur styrktarsjóður fyrir konur í viðskiptum, *Atvinnumál kvenna*. Á heimasíðu verkefnisins má meðal annars finna „húsráð vikunnar“ og „uppskrift vikunnar“. Húsráð vikunnar 8.–14. nóvember 2010 var: „Hvítir sokkar verða skjannahvítir ef þeir eru soðnir í vatni með nokkrum sítrónusneiðum en í sítrónum eru náttúruleg bleikiefni.“<sup>97</sup> Efast má um gildi og tilgang þess að veita konum í atvinnuleit góð ráð við heimilisstörf.

Reynsla Svíþjóðar af niðursveiflu á níunda áratugnum gefur hugmynd um hvernig aðgerðir gegn kreppu geta haft ólík áhrif á konur og karla, en ástæðurnar voru þar um margt líkar ástæðum efnahagshrunsins á Íslandi. Atvinnuleysi í Svíþjóð versnaði og lengdist vegna aðhaldsaðgerða stjórnvalda sem minnkaði neyslu og fækkaði verulega störfum hjá hinu opinbera. Á níunda áratugnum var atvinnuleysi að jafnaði um 8% á um fimm ára tímabili. Karlar urðu atvinnulausir fyrr en konur, en til lengri tíma litið voru það hins vegar konur sem misstu frekar vinnuna sökum samdráttar. Ástæður þessa liggja helst í því að konur áttu erfiðara með að fá vinnu aftur þegar atvinnuástandið batnaði,<sup>98</sup> en það getur haft langvarandi og neikvæðar afleiðingar

<sup>96</sup> Sjá meðal annars Tryggvi Hallgrímsson, 2009; Perrons, Diane, 2010, Baum M. Shore, B.K. og Fleissner K., 1993.


<sup>97</sup> *Atvinnumál kvenna*, 2010.

<sup>98</sup> Ginsburg, H.L. og Rosenthal, M.G., 2006.

fyrir atvinnu- og framamöguleika kvenna, kynbundinn launamun, verkaskiptingu og möguleika samfélagsins til að nýta mannauð kvenna til uppbyggingar efnahagslífs og samfélags.

Fyrir kreppu var langtímaatvinnuleysi mun meira meðal kvenna en karla, en um haustið 2010 hafði það jafnast meðal kynjanna. Það að karlar hafi á þessum tíma náð konum í langtímaatvinnuleysi má skýra með því að hrúnið hafði þegar í stað mikil áhrif á atvinnustöðu karla og var atvinnuleysi meðal þeirra lengst af töluvert meira en kvenna. Í ljósi þess að nú eykst atvinnuleysi meðal kvenna er nauðsynlegt að fylgjast áfram með þróuninni til að fá merkjanlegar upplýsingar um langvarandi áhrif kreppunnar á langtímaatvinnuleysi kynjanna.

**Graf 2.10.** Hlutfall langtímaatvinnulausra af heildarfjölda hvors kyns á atvinnuleysissskrá í mars 2008 og október 2010.\*



\*Sjá töflu 2.8 í viðauka III.

Í mars 2008 (hálfu ári fyrir hrún) var fjöldi þeirra kvenna sem höfðu verið atvinnulausar í 6–12 mánuði 16,3% af heildarfjölda atvinnulausra kvenna, en hlutfall karla í sömu sporum aðeins 9,4%. Í október 2010 hafði þessum körlum fjölgað í 19,2% af öllum körlum á skrá og konum fjölgað í 19,9%. Þótt hlutfall kynjanna hafi endað svipað hátt 2010 fjölgaði körlum hlutfallslega mun meira en konum vegna þess hve konur höfðu verið miklu fleiri í þessum hópi fyrir kreppu. Þegar kemur að þeim einstaklingum sem höfðu verið atvinnulausir í 12–24 mánuði var í mars 2008 hlutfall kvenna 10,6% af heildarfjölda kvenna á skrá, en hlutfall karlanna 7,6%. Í október 2010 var hlutfall kvenna í þessum hópi komið upp í 29,1% af öllum konum á skrá og hlutfall karla 29,4%. Aftur enduðu kynin nokkuð jöfn, en fjölgunin meiri meðal karla. Hvað varðar alvarlegasta hópinn, eða þá einstaklinga sem höfðu verið atvinnulausir í 24 mánuði eða lengur, var hlutfall kvenna 6,8% af heildarfjölda kvenna í mars 2008 en hlutfall karla 3,2%. Í október 2010 hafði hlutfall kvenna lækkað niður í 5,5% en karla hækkað upp í 5,4%. Hlutfall kynjanna endaði jafnt en þróunin var kynbundin, konum fækkaði á meðan körlum fjölgaði.<sup>99</sup>


<sup>99</sup> Vinnumálastofnun – mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði, sótt í janúar 2011.

## Atvinnuleysi ungmenna

Hlutfallslega stærsti aldurshópurinn á atvinnuleysissskrá er 25–29 ára, en einn hópur velferðarvaktarinnar hefur sérstaklega beint sjónum sínum að fólki á aldrinum 16–24 ára. Atvinnuleysi jókst mikið í kjölfar hrunsins og bitnaði fyrst á þeim sem yngri voru. Upphaflega (frá lokum árs 2007 til loka árs 2008) varð mesta aukningin hjá aldurshópnum 16–24 ára, en hlutfall þeirra hækkaði á því tímabili um 7 prósentustig. Atvinnulausum á aldrinum 25–34 ára fjölgaði um 6 prósentustig, en aldurshóparnir 35–44 ára og 45–54 ára breyttust lítið á þessu tímabili. Hlutfall þeirra eldri lækkaði um 8 prósentustig hjá 55–64 ára og um 7 prósentustig hjá yfir 64 ára.

Hlutfall yngstu hópanna á atvinnuleysissskrá minnkaði svo heldur þegar leið á árið 2009 og jókst að sama skapi hjá þeim eldri. Í lok árana 2006 og 2007 voru um 16% allra á atvinnuleysissskrá á aldrinum 15–24 ára, en í lok árs 2008 hafði hlutfallið hækkað upp í 23%. Ári seinna var hlutfallið hins vegar komið niður í 18% og í lok árs 2010 var hlutfall 15–24 ára 17% allra á atvinnuleysissskrá.<sup>100</sup>

**Graf 2.11.** Hlutfall aldurshópsins 15–24 ára af öllum á atvinnuleysissskrá árin 2007–2010.\*



\*Sjá töflu 2.9 í viðauka III.


### Kynbundið atvinnuleysi ungmenna

Kynjamunurinn á þróun atvinnuleysis ungs fólks er sá að atvinnuleysissskellurinn kom í upphafi sérlega illa við unga karla. Þeim fjölgaði margfalt meira á atvinnuleysissskrá en ungum konum fyrst eftir hrunið. Eftir þann mikla skell fækkaði ungu fólki hlutfallslega á meðan því eldra fjölgaði, og ungum körlum fækkaði hlutfallslega hraðar en konum (sem þó skipti litlu miðað við hið gríðarháa hlutfall ungra karla sem upphaflega skráði sig). Þessi mikli kynjamunur hefur haldist hlutfallslega meiri hjá þessum aldursflokki en öðrum. Í dag er 15–24 ára næststærsti aldurshópur atvinnulausra karla en þriðji stærsti kvenna.<sup>101</sup>

<sup>100</sup> Vinnuálastofnun – mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði, sótt í janúar 2011.

<sup>101</sup> Vinnuálastofnun – mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði, sótt í janúar 2011.

**Graf 2.12.** Fjöldi 15–24 ára pilta og stúlkna á atvinnuleysisrá árin 2007–2010.\*



\*Sjá töflu 2.10 í viðauka III.

### Fólk utan vinnumarkaðar

Ýmsir hópar sem hafa hug á að vera á vinnumarkaði hafa lítinn eða engan rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins og eru því viðkvæmir hópar nú þegar erfitt er að fá vinnu og þar með tekjur til framfærslu. Velferðarvaktin sendi nokkrum sveitarfélögum bréf til að afla nánari upplýsinga um þennan hóp. Í ljós kom mikill munur á skráningu sveitarfélaganna og reyndist nánast ógerlegt að bera svör þeirra saman. Fjölgað hefur í hópnum sem þiggur fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum (þar sem hann hefur ekki rétt á atvinnuleysisbótum) í öllum sveitarfélögum og þeim fjölgar sem hafa lengi notið fjárhagsaðstoðar félagsþjónustunnar. Hópurinn yngist og í honum eru fleiri karlar en konur.<sup>102</sup>

#### *Kynbundinn hópur*

Samkvæmt tölum Hagstofunnar er kynjamunur í þeim hópi sem fellur utan vinnumarkaðar – fólk sem er á aldrinum 16–74 ára, en tilheyrir ekki vinnuaflinu (hvorki starfandi né atvinnulaus). Árið 2007 féllu 12,5% allra íslenskra karla í þennan hóp og 21,4% kvenna. Árið 2010 hafði fjölgað í báðum hópum, en þá féllu 15,5% karla utan vinnumarkaðar og 22,4% kvenna. Hluti þessa fólks er namar og tilheyrir þess vegna ekki vinnumarkaði. Hátt hlutfall kvenna í framhaldsmenntun útskýrir því að einhverju leyti hátt hlutfall kvenna í þeim hópi sem fellur utan vinnumarkaðar. Eins verður að gera ráð fyrir að öryrkjar tilheyri þeim hópi sem er utan vinnumarkaðar, en 62% öryrkja eru konur.<sup>103</sup>

Erfitt er að finna upplýsingar um hópinn fólk utan vinnumarkaðar en áhugavert væri að skoða kynjamuninn nánar. Eins og áður hefur komið fram má til dæmis leiða líkur að því að foreldrar ungra barna sem komast ekki aftur á vinnumarkað séu í meirihluta konur. Þá bendir margoft til þess að ómenntaðar konur yfir ákveðnum aldri eigi almennt erfðast með að komast aftur í vinnu eftir atvinnuleysi og séu því mögulega í sérstakri hættu á að detta alveg út af vinnumarkaði. Þá má gera ráð fyrir að karlmenn fjölmenni í hópum iðnaðarmanna sem ekki hafa greitt tryggingagjöld og eigi því ekki bótarétt á

<sup>102</sup> Velferðarvaktin, 2009a.

<sup>103</sup> Guðrún Hannesdóttir, 2010.

tímum þar sem iðnaðarmenn berjast við mikið atvinnuleysi. Að mörgu leyti er hópurinn utan vinnumarkaðar falinn, en betri upplýsingar um hann gætu mögulega sagt ýmislegt um ólíka stöðu kynjanna.

## Atvinnusköpun

Meðal opinberra aðgerða sem hafa verið í umræðunni til að vinna bug á atvinnuleysinu er að skapa fleiri störf. Eins og áður hefur komið fram er umræðan hér á landi um „mannafslfrekar framkvæmdir“ til marks um karllæga slagsíðu í atvinnuþróunarstefnu, en slíkar framkvæmdir, auk stóriðju, skapa fyrst og fremst störf sem einungis karlar velja. Sem dæmi má nefna að í mars 2009 samþykkti ríkisstjórnin að vinna að framgangi ellefu tillagna frá stýrihópi um aðgerðir í atvinnumálum til að sporna gegn atvinnuleysi, sem skapað gætu allt að 6.000 ársverk á komandi misserum. Í júní 2009 sendi iðnaðarráðuneytið frá sér fyrstu samantektina á árangrinum og var niðurstaðan þá sú að þegar hafi mátt rekja um 2.200–2.500 störf til átaksins. Stærsti einstaki liðurinn í verkefninu er í byggingariðnaði þar sem upphaflega var reiknað með um 1.700 ársverkum en fljótt benti til þess að enn fleiri byggingarstörf yrðu til vegna aðgerða stjórnvalda.<sup>104</sup> Þá tekur vefsíðan Ísland.is saman stöðu iðnaðarverkefna einkaaðila sem gera megri ráð fyrir að skapi yfir 1.400 ársverk, en af þeim eru til dæmis 800 ársverk ætluð til að reisa Búðarhálsvirkjun.<sup>105</sup> Rifja skal hér upp að mun fleiri karlar vinna við iðnað en konur. Árið 2009 unnu á Íslandi 17.200 karlar sem iðnaðarmenn á móti 1.800 konum.<sup>106</sup>

## Úrræði fyrir atvinnulausa

Vinnumálastofnun, ýmsar stofnanir, stéttarfélag, fyrirtæki og félagasamtök bjóða upp á fjölbreytt úrval úrræða og aðstoðar fyrir atvinnulausa. Hér er bæði um að ræða menntunarúrræði svo og fjölbreyttan stuðning, svo sem vegna áfalla, skipulagningar fjármála og sjálfstyrkingar. Jafnréttisvaktin 2008 hafði það eftir ráðgjöfum og sérfræðingum Vinnumálastofnunar að áberandi sé hversu erfiðara sé fyrir karla að þiggja aðstoð í formi vinnumálaúrræða, sér í lagi námskeið, fræðslu og einstaklingsviðtöl. Á meðan karlar sækja heldur stuðning til jafningja, annarra karla í svipaðri stöðu, séu konur duglegri að sækjast eftir handleiðslu í formi þeirrar þjónustu sem í boði er.<sup>107</sup>

Tölfræði Vinnumálastofnunar staðfestir nokkurn kynjamun á sókn atvinnulausra eftir úrræðum því hlutfall karla af þeim sem skráðu sig í hvers kyns vinnumálaúrræði var nokkrum prósentustigum lægra en hlutfall þeirra á atvinnuleysisskrá. Yfir allt árið 2009 voru karlar að meðaltali 61,7% allra á atvinnuleysisskrá.<sup>108</sup> Fjöldi skráninga í vinnumálaúrræði á árinu voru 6.965, þar af voru karlar skráðir í 3.848 úrræði og fylltu þannig 55% skráninga. Á bak við þessar 6.965 skráningar eru 5.305 einstaklingar því mikill fjöldi sækir fleiri en eitt úrræði.<sup>109</sup>

<sup>104</sup> Iðnaðarráðuneytið – átak í atvinnumálum hefur þegar skilað yfir 2.200 störfum, sótt í janúar 2011.

<sup>105</sup> Ísland.is – aðgerðir í atvinnumálum, sótt í janúar 2011.


<sup>106</sup> Hagstofa Íslands – vinnumarkaður, sótt í janúar 2011.

<sup>107</sup> Jafnréttisvaktin, 2009.

<sup>108</sup> Vinnumálastofnun – mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði, sótt í janúar 2011.

<sup>109</sup> Vinnumálastofnun, 2010a.

**Graf 2.13.** Hlutfall kynjanna á atvinnuleysissskrá árið 2009 og þeirra sem skráðu sig í úrræði fyrir atvinnulausa.\*



\*Sjá töflu 2.11 í viðauka III.

Í dag er erfitt að finna nánari upplýsingar um hvort og hvernig hin ýmsu vinnumálaúrræði hagnast kynjunum á ólíkan hátt. Úrræðin er mörg og fjölbreytt og ákvarðanir karla og kvenna um að sækja sér hvers kyns úrræði gætu tengst hefðbundnum kynbundnum starfsstéttum, staðalímyndum kynjanna, viðhorfum og fordómum.

Velferðarráðuneytið vinnur að tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er snýr að útgjöldum vegna úrræða atvinnuleitenda. Á tímabilinu september 2010–febrúar 2011 skyldi unnið að markvissari greiningu og samantekt upplýsinga og ef ástæða þykir til verða gerðar nauðsynlegar breytingar í mars til ágúst 2011.

Vinnumálastofnun er heimilt að kosta að hluta eða öllu leyti þátttöku atvinnuleitenda í ýmsum úrræðum til að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Áætlað er að á árinu 2010 hafi útgjöld vegna þessara úrræða verið á bilinu 600–1.000 milljónir króna, en þau eru að nokkru leyti háð lögum og reglum en einnig verklagi og vinnubrögðum innan Vinnumálastofnunar. Töluverður sveigjanleiki er því til að stýra útteilingu fjármagns við fjárlagagerð. Verkefni ráðuneytisins felst í að kyngreina slík útgjöld og meta áhrif núverandi aðferða við útteilingu fjármagns á kynin. Markmiðið með greiningu útgjalda til slíkra úrræða er að fyrir liggi gögn sem auðveldi skoðun á því á hvern hátt fjármagnið kemur í hlut kynjanna. Jafnframt mun greiningin auðvelda mat á því hvort sú skipting sé eðlileg í samhengi við stöðu kynjanna á atvinnuleysissskrá. Í framhaldi munu upplýsingarnar sem fást úr þessari greiningu nýtast til skoðunar á þeim reglum og aðferðum sem Vinnumálastofnun vinnur samkvæmt.<sup>110</sup>

<sup>110</sup> Fjármálaráðuneytið, 2010.

### 3. Kynbundið ofbeldi

Niðurstöður úr nýlegri könnun á ofbeldi karla gegn konum, sem velferðarráðuneytið fól Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að gera, sýna fram á að 42% kvenna á Íslandi hafa sætt ofbeldi einhvern tíma á ævinni frá 16 ára aldri. Samkvæmt þessum niðurstöðum má ætla að um 2.400 konur hafi verið beittar líkamlegu ofbeldi á síðustu tólf mánuðum. Erlendar rannsóknir hafa leitt líkum að auknu ofbeldi gegn konum á tímum efnahagslæggða. Sé það raunin hér á Íslandi er mikilvægt að fylgjast sérstaklega vel með á tímum sem þessum.

Konur á öllum aldri eru beittar ofbeldi, en þó er líklegra að konur á aldrinum 18–24 ára verði fyrir ofbeldi en þær sem eldri eru. Hlutfall kvenna sem greina frá ofbeldi lækkar almennt eftir því sem konur eru eldri, en ekki þegar um þvingun eða tilraun til samfara er að ræða. Einnig vekur eftirtekt að munur er eftir menntun kvenna því konur sem höfðu lokið háskólaprófi höfðu í minna mæli verið beittar grófu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi.<sup>111</sup> Áhrifarík niðurstaða ofbeldisrannsókna hér á landi, fyrir samantekt af því tagi sem hér er gerð, er að mjög lágt hlutfall ofbeldismála rata inn á borð lögreglu eða annarra opinberra aðila. Opinber tölfræði um tíðni kynbundins ofbeldis gefur því aðeins hugmynd um hvernig staðan þróast í raun.

#### 3.1 Heimilisofbeldi

##### Í stuttu máli:

- Samkvæmt skráningu lögreglu á málum heimilisófriðar og -ofbeldis hefur slíkum málum fækkað síðan árið 2007.
- Komum í Kvennaathvarfið hefur fjölgað, er metaðsókn varð árið 2010.
- Flestar konur koma í viðtöl, en konum í dvöl hefur ekki fjölgað. Það gæti meðal annars skýrst af því að þær komast síður burt af fjárhagslegum ástæðum eða því að konur leiti sér fyrir hjálpar en áður og þurfi síður að flýja heimili sín.
- Hlutfall nýrra skjólstaðinga Kvennaathvarfsins jókst mikið árið 2010 og hélst hátt árið 2009. Vekur það upp spurningar um hvort breytingar hafi orðið á hópnum.
- Hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem leita til Kvennaathvarfsins er hátt miðað við hlutfall þeirra í samfélaginu. Fjöldi þeirra lækkaði tímabundið rétt eftir að efnahagshrunið skall á, en fjölgaði aftur stuttu seinna. Hlutfall þeirra hefur aldrei verið hærra en árið 2010.

##### Heimilisofbeldi á Íslandi

Heimilisofbeldi, þar sem karl beitir eiginkonu eða sambyliskonu ofbeldi, er tiltölulega algengt á Íslandi. Í framangreindri könnun sögðust 22% kvenna hafa einhvern tímann á ævinni verið beittar ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka. Af þeim sögðust

<sup>111</sup> Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir, 2009.



26% hafa verið í lífshættu þegar þær voru síðast beittar ofbeldi og 41% þeirra sagði að sér hefði verið unnið líkamlegt mein. Fráskildar konur greina helst frá því að þær hafi verið beittar ofbeldi af karlmanni, sem þykir benda til þess að margar konur komast úr slíkum samböndum.<sup>112</sup>

#### *Sýn félagsþjónustunnar á kynbundið ofbeldi*

Í rannsókn frá árinu 2009, á ofbeldi gegn konum og viðbrögðum félagsþjónustunnar, segir að tilkynningar vegna heimilisofbeldis komi oftast til vegna þess að börn eru á heimilinu. Svo virðist sem börn séu mæðrum sínum ákveðinn aðgangur að aðstoð. Barnlausar konur leiti sér sjaldan aðstoðar og almennt leiti konur sjaldan aðstoðar gagnert vegna heimilisofbeldis. Skráning félagsþjónustunnar á heimilisofbeldi er þó ábótavant á Íslandi og þótt upplýsingarnar séu fyrir hendi er ekki hægt að kalla þær fram heilrænt og því er ekkert yfirlit til um málaflokkinn.<sup>113</sup>

Þá eru mjög takmarkaðar upplýsingar til um ofbeldi gegn tilteknum hópum kvenna, svo sem öldruðum konum, erlendum konum og fötluðum konum. Erlendar konur leita sér aðstoðar í nokkrum mæli, en talið er að margar geri það ekki af ótta við að slíkt hefði áhrif á landvistarleyfi þeirra. Fatlaðar og aldraðar konur leita mjög sjaldan eftir aðstoð vegna heimilisofbeldis. Þá kemur fram í rannsókninni að starfsfólk í félagsþjónustunni hafi talið sig hafa litla reynslu af málum fatlaðra og aldraðra, og væri óöruggt um hvernig sé best að taka á þeim.

Í rannsókninni kemur fram að starfsfólk félagsþjónustunnar taldi margt hvert að andlegt ofbeldi í garð kvenna hefði aukist síðastliðin ár og að það tengdist oftast en ekki áfengis- og fíkniefnaneyslu.<sup>114</sup> Rannsókn sem gerð var á ofbeldi gegn konum, og reynslu kvenna á aldrinum 18–80 ára, styður þessa niðurstöðu, en 60% kvenna sem höfðu orðið yfir ofbeldi töldu að gerandinn hafi verið undir áhrifum áfengis, fíkniefna eða lyfja þegar ofbeldið átti sér stað.<sup>115</sup> Þá segir að starfsfólk félagsþjónustunnar sé vakandi fyrir mögulegum áhrifum kreppunnar, sem gæti leitt til aukins heimilisofbeldis.<sup>116</sup>

#### *Rannsókn á lögreglugögnum um heimilisofbeldismál 2006–2007*

Í rannsókn Ríkislögreglustjóralögreglustjóra, sem birt var haustið 2010, voru rúmlega 900 mál greind eins og þau birtust í gögnum lögreglunnar.<sup>117</sup> Á árunum 2006 og 2007 voru 2.281 heimilisofbeldismál tilkynnt til lögreglu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að flest málanna voru skráð á höfuðborgarsvæðinu, eða 76% ofbeldismála og 81% ágreiningsmála. Hærra hlutfall heimilisofbeldismála á höfuðborgarsvæðinu var ekki aðeins talið endurspeglar hærra hlutfall ofbeldis heldur einnig að þar sé lögregla líklegri til að skrá mál af þessu tagi.<sup>118</sup>

Þá segir að ekki séu allir á eitt sáttir innan lögreglunnar um hvernig beri að skilgreina heimilisofbeldismál sem hafi veruleg áhrif á skráningu málanna. Einungis í 27%

<sup>112</sup> Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir, 2009.

<sup>113</sup> Anni G. Haugen, 2009.

<sup>114</sup> Anni G. Haugen, 2009.

<sup>115</sup> Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir, 2009.

<sup>116</sup> Anni G. Haugen, 2009.

<sup>117</sup> Árið 2006: 397 mál, þar af 172 ágreiningsmál og 225 ofbeldismál. Árið 2007: 596 mál, þar af 363 ágreiningsmál og 233 ofbeldismál.

<sup>118</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010a.

tilvika sem skoðuð voru hafði þolandi verið skráður samkvæmt þeirri skilgreiningu sem rannsakendur studdust við. Annars var hann skráður sem „tilkynnandi“, „kærandi“, „aðstandandi“, „húsráðandi“, „vitni“ eða „annað“. Þetta átti sérstaklega við um mál flokkuð sem ágreiningsmál.<sup>119</sup>

Af 964 þolendum (samkvæmt skilgreiningu rannsakenda) var hlutfall kvenna um 70%. Konur voru aftur á móti í minnihluta gerenda, eða um 24%. Í samræmi við könnun Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd var gerandinn í flestum tilvikum maki (43% tilvika) eða fyrrverandi maki (24% tilvika). Í 28% tilvika var um önnur fjölskyldutengsl að ræða, þar af var gerandinn foreldri í 77% tilvika, í 9% tilvika systkini þolanda. Aldursdreifing meðal þolenda og gerenda var svipuð, meðalaldur beggja var 35 ár. Hærra hlutfall karlkyns þolenda var undir 18 ára aldri, eða um 14% en 7% kvenna. Konur voru almennt yngri en karlar meðal gerenda, 55% kvenna undir 35 ára aldri en 46% karla. Hlutfall kynjanna undir 18 ára aldri er nokkuð jafnt.<sup>120</sup>

Það sem einkenndi heimilisofbeldið var að yfirleitt var aðeins um einn þolanda að ræða (74% tilvika) og einn geranda (83% tilvika). Einnig var einkennandi að um ítrekuð brot var að ræða en ekki einstök tilvik. Í þriðjungu málanna hafði gerandi áður beitt þolanda ofbeldi.<sup>121</sup>

Þá tengdist heimilisofbeldi gjarnan öðrum brotum. Lítill hluti gerenda hafði aldrei áður komið við sögu lögreglu og höfðu þeir þá helst verið teknir fyrir of hraðan akstur, þjófnað og akstur án ökuréttinda, en einnig fyrir vörslu og meðferð fíkniefna og ölvun á almannafæri. Á sama tíma og gerendur voru kærðir fyrir heimilisofbeldismál, fjölgaði einnig öðrum brotum meðal þeirra. Gerendur voru kærðir til lögreglu í 36% tilvika og í flestum tilvikum var kært fyrir líkamsárás.<sup>122</sup>

Rannsókn ríkislögreglustjóra sýnir einungis tilkynnt brot, en ástæða er til að ætla að tíðni heimilisofbeldis sé mun hærrí en þar kemur fram. Rannsókn frá árinu 1996 sýndi að tæplega þriðjungur þeirra sem töldu sig hafa orðið fyrir heimilisofbeldi tilkynnti það til lögreglu, en í sambærilegri rannsókn frá árinu 2009 var talið að einungis 13% þeirra kvenna sem höfðu orðið yfir ofbeldi tilkynntu brotið til lögreglu.<sup>123</sup>

### **Áhrif efnahagsþrenginga á heimilisofbeldi**

Hafi atvinnuleysi og fjárhagsörðugleikar áhrif á heimilisofbeldi er enn frekari ástæða til að fylgjast með þróun heimilisofbeldis á tímum efnahagsþrenginga. Rétt er að áréttá í þessu samhengi að ofbeldi á sér stað á öllum tegundum heimila, á öllum stigum samfélagsins, og er ekki bundið sérstökum eiginleikum, hvorki karla né kvenna. Ákveðnir álagspættir hafa þó mælst í rannsóknum sem gefa til kynna að til dæmis langvarandi atvinnuleysi karla, fjárhagsörðugleikar og félagslegt umhverfi geti aukið ofbeldi.

Niðurstöður bandarískrar rannsóknar frá árinu 2004 sýndu skýr tengsl milli

<sup>119</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010a.

<sup>120</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010a.

<sup>121</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010a.

<sup>122</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010a.

<sup>123</sup> Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir, 2009.

atvinnuleysis karla, fjárhagsörðugleika og aukins ofbeldis. Tveir hópar voru bornir saman, annars vegar frá fátæku hverfi og hins vegar ríkara hverfi. Í báðum hópum jókst ofbeldi þegar karlar misstu vinnuna og margfaldaðist þegar atvinnuleysið og fjárhagslegir erfiðleikar urðu viðvarandi. Hærri tíðni ofbeldis var þó að finna í fátækari hverfum og var það meðal annars skýrt með ríkara félagslegu samþykki fyrir ofbeldi í slíku umhverfi og meiri einangrun kvenna.<sup>124</sup> Ofbeldi var því að finna á öllum stigum samfélagsins og jókst með atvinnuleysi karla, en samþykki og viðurkenning umhverfisins hafði einnig áhrif.

Ekki er jafn skýrt hvaða áhrif atvinnuþátttaka kvenna hefur á heimilisofbeldi og hefur ólíkum nálgunum verið beitt til að skýra þau tengsl. Annars vegar eru þau sem leggja áherslu á að atvinnuþátttaka kvenna ógni körlum, sérstaklega þegar þeir eru sjálfir atvinnulausir, og geti þar af leiðandi leitt til ofbeldis. Hins vegar eru þau sem leggja áherslu á mikilvægi fjárhagslegs sjálfstæðis kvenna í þessu samhengi. Hafi konur atvinnu séu þær í betri stöðu til að koma sér úr aðstæðum sínum.<sup>125</sup>

Í erindi Guðrúnar Ágústsdóttur á ráðstefnu um kvennarannsóknir árið 1995 kemur fram að skjólstæðingar Kvennaathvarfsins voru á þeim tíma oftast heimavinnandi en konur að meðaltali í þjóðfélaginu: „Það er liður í þeirri kúgun sem þær búa við og liður í því að einangra þær og gera þær fjárhagslega ósjálfstæðar að halda þeim innan heimilisins.“<sup>126</sup> Samkvæmt þessari nálgun er atvinnuleysi (eða óvirkni á vinnumarkaði) kvenna hluti af ofbeldinu sem þær lifa við og er það í samræmi við fyrrnefndar rannsóknir sem lagt hafa áherslu á að konur á vinnumarkaði séu síður líklegar til að verða fyrir heimilisofbeldi.

Í þessu samhengi er ástæða til að hafa áhyggjur af auknu fjárhagslegu ósjálfstæði kvenna í kjölfar kreppunnar. Atvinnuþróun er sérstakt áhyggjuefni því niðurskurður hjá ríkinu virðist bitna verst á konum til langs tíma, en áætlanir um atvinnuuppbyggingu gera ekki ráð fyrir að skapa nein kvennastörf að ráði. Auk atvinnuleysis getur aukin greiðslubyrði vegna skulda, eins og fram kemur í kafla um fjárhagsvandræði kvenna, og minnkandi kaupmáttur virkað sem hindrun fyrir konur sem vilja komast úr ofbeldissamböndum og sem kúgunartæki ofbeldismanna.

## **Þróun heimilisofbeldismála á Íslandi síðan fyrir kreppu**

### *Heimilisofbeldi í gögnum lögreglunnar*

Heimilisofbeldi er skilgreint sem verkefnaflokkur í málaskrárkerfi lögreglunnar, en brotið er svo skráð samhliða því sem við á hverju sinni. Það getur til dæmis verið líkamsárás, líkamsmeiðingar eða eignaspjöll. Í lok árs 2005 voru settar verklagsreglur um skráningu á heimilisófriði og heimilisofbeldi. Í verklagsreglunum er meðal annars að finna betri skilgreiningu en áður á því hvaða mál teljast til heimilisófriðar.

Sjá má að skráð brot vegna „heimilisófriðar, ofbeldis“ eru svipuð að fjölda árin 2008, 2009 og fyrstu ellefu mánuði ársins 2010. Dregið hefur úr fjölda skráðra


<sup>124</sup> Benson, M. L. og Fox, G.L., 2004.

<sup>125</sup> Umræða um mismunandi aðferðir við að meta áhrif atvinnuþátttöku kvenna á heimilisofbeldi má sjá meðal annars: Villarreal, A., 2007.

<sup>126</sup> Guðrún Ágústsdóttir, 1995.

brota/verkefna vegna „heimilisófriðar, ágreinings“ frá árinu 2007 samkvæmt gögnum lögreglu.<sup>127</sup>

**Graf 3.1.** Fjöldi heimilisófriðar- og heimilisofbeldismála árin 2006–2010 samkvæmt skráningu lögreglu.\* \*\*



\*Frá 1. janúar til 1. desember 2010.

\*\*Sjá töflu 3.1 í viðauka III.


### Komur í Kvennaathvarfið

Kvennaathvarfið sinnir mikilvægu hlutverki sem úrræði fyrir konur sem búa við heimilisofbeldi. Ástæða þess að konur leita til athvarfsins er fyrst og fremst vegna nýafstaðinna atburða sem gjarnan fela í sér grófara ofbeldi en áður, þ.e. árás þar sem kona óttast um líf sitt eða áverkarnir eru alvarlegri en áður, á borð við nauðgun eða ofbeldi gegn börnum. Þá skortir margar konur upplýsingar eða stuðning við skilnað eða sambúðarslit. Um 16% kvenna koma vegna hvatningar frá fagmanni eða nákomins ættingja eða vegna fjölmiðlaumfjöllunar. Hluti kvennanna segir einfaldlega að mælirinn hafi orðið fullur. Lítill hluti kvennanna segist hafa komið um leið og þær sluppu út af heimilinu, eða að þær séu hræddar um að snúa aftur til ofbeldismannsins leiti þær ekki til Kvennaathvarfsins.<sup>128</sup>

<sup>127</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010a.

<sup>128</sup> Samtök um Kvennaathvarf, 2011.

**Graf 3.2.** Ástæður þess að konur leita til Kvennaathvarfsins árið 2010.




Komur í Kvennaathvarfið náðu hámarki árið 2006. Þeim fækkaði aftur árið 2007 en fjölgaði svo aftur á árunum 2008–2010. Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins frá árinu 2008 segir að erlendar rannsóknir staðfesti að ofbeldi aukist í efnahagslægð, en á sama tíma minnki aðsókn í kvennaathvörf.<sup>129</sup> Ein skýring á því gæti verið að atvinnuleysi og erfiðleikar við að selja fasteignir hamli konum að komast úr aðstæðunum. Slíkt mynstur má ef til vill lesa úr komutölum Kvennaathvarfsins. Skjólstaðingum Kvennaathvarfsins hefur fjölgað frá því fyrir efnahagshrunið, en fyrst og fremst hefur viðtölum fjölgað en ekki dvalarkonum. Þetta gæti bent til þess að ofbeldi hafi aukist en konur eigi erfðara með að yfirgefa heimili sín. Önnur skýring gæti verið að konur leiti fyrr aðstoðar en áður og séu þar af leiðandi síður komnar á þann stað að þurfa að flýja heimili sín þegar þær leita aðstoðar.

Metaðsókn varð þriðja árið í röð árið 2006 og þótti þessi aukna aðsókn sýna áhrif aukinnar umræðu í samfélaginu um kynbundið ofbeldi. Árið 2008 dvöldu 130 konur í Kvennaathvarfinu, en leita þarf aftur til ársins 1995 til að finna sambærilegar tölur þegar 136 konur dvöldu þar. Árið 2009 fækkaði dvalarkonum í 118 sem er sambærilegt tölum frá lokum tíunda áratugarins. Hlutfall kvenna eftir búsetu hefur ekki breyst í kjölfar kreppunnar. Árið 2009 voru 57% kvennanna frá Reykjavík, 22% frá höfuðborgarsvæðinu, 6% frá Suðurnesjum og um 1–4% frá öðrum landshlutum.<sup>130</sup>

<sup>129</sup> Samtök um Kvennaathvarf, 2009.

<sup>130</sup> Samtök um Kvennaathvarf, 2010a.

**Graf 3.3.** Fjöldi koma í Kvennaathvarfið árin 2005–2010.\* \*\*




\*Hér eru ekki talin viðtöl sem tekin eru við dvalarkonur meðan á dvöl stendur.

\*\*Sjá töflu 3.2 í viðauka III.

Árið 2008 fjölgaði konum sem komu í fyrsta sinn í athvarfið um 13 prósentustig milli ára sem er mesta aukning sem orðið hefur á nýkomum á svo stuttu tímabili. Það árið var 61% allra skjólstæðinga að koma í fyrsta sinn sem var flestar nýkomur frá því árið 1991. Árið 2009 fækkaði nýkomum niður í 56% sem er þó vel fyrir ofan meðaltal síðasta áratugar. Hækkun hlutfalls nýrra skjólstæðinga Kvennaathvarfsins vekur upp spurningar um hvort breyting hafi orðið á hópnum sem sækir aðstoð athvarfsins og hvað valdi þá þeim breytingum.<sup>131</sup>

**Graf 3.4.** Hlutfall nýkoma í Kvennaathvarfið árin 2005–2010.\*



\*Sjá töflu 3.3 í viðauka III.

<sup>131</sup> Samtök um Kvennaathvarf, 2010b.

Hlutfall erlendra kvenna sem nýta þjónustu Kvennaathvarfsins er hátt miðað við hlutfall þeirra í samfélaginu almennt. Í ársskýrslu athvarfsins frá 2009 segir að líkleg skýring sé að þær geti ekki leitað til tengslanets fjölskyldu og vina, líkt og íslenskar konur. Þá er hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem dvelur í Kvennaathvarfinu mun herra en þeirra sem nýta sér viðtalsþjónustuna.

Konum af erlendum uppruna fjölgaði fram að október 2008, en fyrstu mánuðina eftir hrunið hurfu þær úr hópi skjólstaðinga Kvennaathvarfsins. Um mitt árið 2009 hófu þær að sækja þjónustu athvarfsins á ný og aldrei hafa fleiri erlendar konur leitað til athvarfsins en árið 2010, en þá voru þær 36% allra skjólstaðinga. Enn voru þær þó einungis 20% þeirra sem nýttu sér viðtalsþjónustu athvarfsins.<sup>132</sup>

**Tafla 3.1.** Uppruni skjólstaðinga Kvennaathvarfsins eftir heimsálfum árin 2005–2010.\*

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<i>Ísland</i>	86%	78%	75%	71%	75%	64%*
<i>Evrópa - annað</i>	5%	10%	14%	15%	13%	-
<i>Afríka</i>	3%	2%	4%	6%	4%	-
<i>Ameríka</i>	1%	3%	1%	3%	4%	-
<i>Asía</i>	3%	7%	6%	5%	4%	-

\*Ekki fengust upplýsingar um hvaðan skjólstaðingar af erlendum uppruna voru árið 2010, en samtals voru konur af erlendum uppruna 36% (135 konur) þeirra sem leituðu þá til Kvennaathvarfsins.

Í svari Kvennaathvarfsins við fyrirspurn skýrsluhöfunda kemur fram að greining á mönnum, sem konur af erlendum uppruna flýja þegar þær koma í athvarfið, sýnir að helmingur þeirra er af erlendum uppruna og hinn helmingurinn Íslendingar. Í þeim tilfellum þar sem ofbeldismaðurinn er erlendur er oftast um samlanda konunnar að ræða og í flestum tilfellum koma þau frá löndum utan EES-svæðisins. Í heildina fyrir alla skjólstaðinga athvarfsins eru 73% ofbeldismannanna Íslendingar.<sup>133</sup>

<sup>132</sup> Samtök um Kvennaathvarf, 2010.

<sup>133</sup> Samtök um Kvennaathvarf 2011.

## 3.2 Kynferðisbrot

### Í stuttu máli:

- Tilkynningum um kynferðisbrot til lögreglu hefur fjölgað stöðugt síðan árið 2004 og erfitt er að meta hvort kreppan hafi haft áhrif á þá fjölgun.
- Árið 2009 voru karlar 96,4% kærðra fyrir kynferðisbrot, eða 185 karlar á móti sjö konum.
- Kynferðisbrotum á landsbyggðinni fjölgaði árið 2009 og voru hlutfallslega flest í Vestmannaeyjum eða 54 brot á hverja 10.000 íbúa.
- Tíðni koma á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar hefur ekki aukist eftir að efnahagskreppan skall á. Árið 2009 var tíðnin svipuð að meðaltali og síðustu fimm árin, en árið 2010 fækkaði málum um 10% frá árinu áður.
- Aldursdreifing þeirra sem leita til Neyðarmóttökunnar (ókyngreint) sýnir að hópurinn 19–25 ára er langstærstur, eða 42% allra sem leituðu til móttökunnar á árunum 2005–2010.
- Ákvæðum almennra hegningarlaga um vændi var breytt árið 2007 og 2009. Nú er ólöglegt að greiða fyrir, hafa atvinnu af og hafa milligöngu um vændi. Lögreglumálum hefur fjölgað talsvert eftir lagabreytinguna.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra benti nýlega á það í grein í Fréttablaðinu að Stígamót og Neyðarmóttaka vegna nauðgunar taka árlega á móti 230 manneskjum að meðaltali sem leita sér aðstoðar eftir að hafa orðið fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun. Samtals hafa um 1.600 manns leitað sér aðstoðar á þessum tveimur stöðum á síðustu sjö árum. Árið 2009 komu 233 nauðgunarmál á borð Neyðarmóttökunnar og Stígamóta. Það ár voru 130 nauðganir tilkynntar til lögreglu, en aðeins bárust 65 kærur.<sup>134</sup>

### Þróun kynferðisbrota á Íslandi síðan fyrir kreppu

Erfitt er að meta hvort kynferðisbrotum hafi fjölgað vegna kreppunnar. Í fyrsta lagi vegna þess að tilkynningum til lögreglu hefur fjölgað stöðugt síðan árið 2004. Fjölgunin virðist því í fljótu bragði ótengd efnahagsástandi. Í öðru lagi verður að hafa í huga að hluti brotanna sem koma inn á borð lögreglunnar og Stígamóta er eldri mál. Þótt ekki nema brot af þolendum kynferðisbrota leiti til Neyðarmóttökunnar þá lýsa tölur hennar ef til vill best ástandinu því þangað leita brotapolar stuttu eftir að brot á sér stað. Í þriðja lagi er aðeins tilkynnt um og leitað aðstoðar vegna lítills hluta raunverulegra brota. Eins og fyrr segir sýndi rannsókn á kynbundnu ofbeldi frá árinu 2009 að einungis 13% kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi tilkynna brotið til lögreglu.<sup>135</sup>

Tilkynningum og kærur um kynferðisbrot hefur fjölgað töluvert síðan árið 2004. Árið 2008 var metár en þá voru 368 kynferðisbrot tilkynnt til lögreglu. Brotin voru


<sup>134</sup> Ögmundur Jónasson og Halla Gunnarsdóttir, 2010.

<sup>135</sup> Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir, 2009.



færri árið 2009, eða 318 sem er svipaður fjöldi og meðaltal árána 2004–2008.<sup>136</sup> Árið 2008 var hlutfall eldri brota 29% skráðra kynferðisbrota það ár, flest áttu sér stað 2006 eða 2007 en nokkur voru enn eldri. Oft koma eldri mál upp þegar nýtt kynferðisbrotamál er tilkynnt til lögreglu, þegar við rannsókn máls kemur í ljós að hinn grunaði á langan brotaferil að baki.<sup>137</sup>

**Graf 3.5.** Brot tilkynnt til lögreglu: Fjöldi kynferðisbrota árin 2004–2009.<sup>138</sup> \*



\*Sjá töflu 3.4 í viðauka III.

Kynferðisbrotum á landsbyggðinni fjölgaði árið 2009 og voru hlutfallslega flest í Vestmannaeyjum, eða 54 brot á hverja 10.000 íbúa. Til samanburðar voru brotin níu á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu.<sup>139</sup>

Hlutfall kærðra er almennt hærra meðal karla í öllum brotaflokkum, en hæst er það þó meðal kærðra fyrir kynferðisbrot. Árið 2009 voru 96,4% kærðra fyrir kynferðisbrot karlkyns, eða 185 karlar á móti sjö konum, þar af voru 70,3% kærðir fyrir eitt kynferðisbrot, en 29,7% fyrir tvö eða fleiri. Aldursdreifing kærðra í kynferðisbrotum er dreifðari en fyrir önnur brot á hegningarlögum. Meðalaldurinn er 32 ár, en 27 ár fyrir önnur brot.<sup>140</sup>

Forsvarskonur Stígamóta töldu í byrjun árs 2009 að greina mætti aukin merki um vanlíðan skjólstaðinga þeirra og aukna þörf fyrir aðstoð Stígamóta. Í ársskýrslu samtakanna fyrir árið 2008 kemur fram að sjálfsvígstílaunir jukust um 25% milli ára

<sup>136</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010b.

<sup>137</sup> Ríkislögreglustjóri, 2009a.

<sup>138</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010b.

<sup>139</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010b.


<sup>140</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010b.

meðal þeirra sem leituðu aðstoðar Stígamóta. Jafnframt fjölgaði hópnauðgunum úr sex í 15 milli árunum 2007 og 2008.<sup>141</sup>

#### *Neyðarmóttaka vegna nauðgunar*

Tíðni koma á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar á Landspítalanum hefur ekki aukist eftir að efnahagskreppan skall á. Árið 2009 var fjöldinn svipaður meðaltali síðustu fimm ára, en árið 2010 fækkaði málum um 10% frá árinu áður. Karlar sem leituðu til Neyðarmóttökunnar voru óvenjumargir árið 2010 eða tvöfalt fleiri en að meðaltali síðastliðin fimm ár og hafa þeir aldrei verið fleiri (sjá töflu 3.5 í viðauka III). Konur voru eftir sem áður 93% þolenda sem leituðu til Neyðarmóttökunnar árið 2010.<sup>142</sup>

**Graf 3.6.** Fjöldi karla og kvenna sem leituðu til Neyðarmóttöku vegna nauðgunar árin 2005–2010.




*\*Sjá töflu 3.5 í viðauka III.*

Meðalaldur þeirra sem leita til Neyðarmóttökunnar er tiltölulega lágur. Aldursdreifing þeirra sem leita til Neyðarmóttökunnar (ókyngreint) sýnir að hópurinn 19–25 ára er langstærstur, eða 42% allra sem leituðu til móttökunnar á árunum 2005–2010. Einungis 1% skjólstaðinga á því tímabili var eldri en 55 ára.

<sup>141</sup> Jafnréttisvaktin, 2009.

<sup>142</sup> Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, 2011.

**Graf 3.7.** Aldursdreifing skjólstæðinga Neyðarmóttökunnar árin 2005–2010.




*\*Sjá töflu 3.6 í viðauka III.*

Árin 2009 og 2010 fjölgaði í hópi 19–25 ára, þrátt fyrir fækkun koma á Neyðarmóttökuna í heildina. Aðeins einu sinni áður hafa konur í þessum aldurshópi verið fleiri, en það var árið 2006 þegar 65 konur á aldrinum 19–25 ára leituðu til Neyðarmóttökunnar. Fækkun koma árið 2010 má helst rekja til fækkunar í yngsta hópnum, 10–15 ára.<sup>143</sup>

<sup>143</sup> Neyðarmóttakan tekur venjulega á móti börnum frá 12 ára aldri. Yngri börnum er sinnt í samstarfi við barnaverndaraðila eða lögreglu. Í svari frá Neyðarmóttöku (dags. 3. febrúar 2011) segir að yngri börn fái e.t.v. lakari þjónustu en hin eldri ef um ný mál sé að ræða því til dæmis sé ekki gert ráð fyrir að hægt sé að finna sýni án þess að um innþrengingu er að ræða (til dæmis sæði, munnvatn). Þá eru lækna Neyðarmóttökunnar ekki sérhæfðir í að sinna börnum.

**Graf 3.8.** Neyðarmóttaka vegna nauðgunar: Aldursdreifing árin 2007–2010.\*



\*Sjá töflu 3.6 í viðauka III.

#### Vændi

Ákvæðum almennra hegningarlaga um vændi (206 gr.) var breytt árið 2007 og 2009. Nú er ólöglegt að greiða fyrir og hafa atvinnu af vændi, auk þess sem bannað er að hafa milligöngu um vændi.<sup>144</sup> Fá mál hafa komið á borð lögreglu, þótt þeim hafi fjölgað verulega eftir lagabreytingarnar. Eftir að hegningarlögunum var breytt hefur málum fjölgað á borði lögreglu, enda hefur háttsemi allra aðila sem að vændi koma verið gerð refsiverð. Vegna breytinganna er því erfitt fullyrða um, út frá tilkynntum brotum til lögreglunnar, hvort vændi hafi aukist í kjölfar efnahagskreppunnar.

Skipulega vændisstarfsemi er að finna á Íslandi. Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá febrúar 2009 er varað við þeirri hættu að skipulagt vændi aukist í kjölfar efnahagsþrenginga og aukins atvinnuleysis. Vændiskonur koma þá gjarnan erlendis frá og starfsemin tengist oft fíkniefnaglæpum.<sup>145</sup> Í skýrslu ríkislögreglustjóra er ekki rætt um aukið vændi sem ekki tengist skipulagðri glæpastarfsemi. Aftur á móti segir í áfangaskýrslu Jafnréttisvaktarinnar frá mars 2009 að reynsla annarra landa sýni að í versnandi efnahagsástandi séu konur sem standi illa efnahagslega í hættu á að leiðast út í vændi. Þá er helst litið til kvenna í láglaunastörfum, atvinnulausra kvenna, einstæðra mæðra, nemenda og fíkniefnaneytenda.<sup>146</sup> Stígamót munu á árinu opna úrræði fyrir konur á leið úr vændi. Til þess var fé safnað sérstaklega þar sem Stígamótakonur vita að þörfin fyrir slíkt úrræði er mikil.<sup>147</sup>


<sup>144</sup> Almenn hegningarlög, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

<sup>145</sup> Ríkislögreglustjóri, 2009b.

<sup>146</sup> Jafnréttisvaktin, 2009.

<sup>147</sup> Stígamót, 2011.

**Graf 3.9.** Brot tilkynnt til lögreglu: Fjöldi vændisbrota árin 2004–2010.<sup>148</sup> \* \*\*



*\*2010 eru bráðabirgðatölur frá 10. janúar 2011.*

*\*Sjá töflu 3.7 í viðauka III.*

<sup>148</sup> Ríkislögreglustjóri, 2010b.

### 3.3 Barnavernd

#### Í stuttu máli:

- Nýjasta ársskýrsla Barnaverndarstofu tekur til árana 2007 og 2008. Lítið er því um upplýsingar um síðustu tvö ár.
- Í ársskýrslu Velferðarsviðs fyrir árið 2009 greindi barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar í fyrsta sinn frá kynjahlutfalli barna sem tilkynnt var um.
- Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölga frá ári til árs og skjólstæðingum Barnahúss einnig.
- Efnahagskreppan virðist ekki valda sérstakri fjölgun, en erlendar rannsóknir sýna að eftirköst kreppu geta komið fram allt að fimm til sjö árum eftir að hún skellur á. Ástæða er því til að halda áfram að fylgjast grannt með framvindu mála.
- Tilkynningar til barnaverndarnefnda eru frekar vegna stráka.
- Stúlkur eru aftur á móti í miklum meirihluta skjólstæðinga Barnahúss sem þolendur kynferðisofbeldis. Jafnframt tilkynna stúlkur í meðferð frekar um kynferðislega misnotkun og eru oftar þunglyndar en strákar.
- Breytingarnar sem þó hafa orðið eru að hlutfall tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna vanrækslu hefur hækkað og tilkynningum vegna áhættuhegðunar barna fækkað.

Tilkynningum til barnaverndarnefnda landsins hefur farið fjölgandi undanfarinn áratug og hefur fjölgunin milli ára oft farið yfir 10 prósentustig. Einnig hefur fjöldi mála aukist sem hljóta formlega könnun barnaverndarnefnda.<sup>149</sup> Atvinnuleysi, fátækt og viðkvæm félagsleg staða einkennir stærstan hluta þeirra fjölskyldna sem barnavernd aðstoðar. Í fyrsta hluta rannsóknar, sem unnin var af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd á fjölgun barnaverndartilkynninga árin 2005–2009, kemur fram að í tilviki 40% fjölskyldna sem njóta aðstoðar barnaverndarnefndar eru foreldrar heimavinnandi, öryrkjar eða atvinnulausir og búa við efnahagslega erfiðleika. Slíkt sé einnig áberandi í finnskum rannsóknum. Sá hluti rannsóknarinnar tekur einungis til upplýsinga frá barnaverndarnefndum í Reykjavík, Reykjanesbæ og Árborg.<sup>150</sup>

Í rannsókn Rannsóknastofnunarinnar kemur einnig fram að niðurstöður erlendra rannsókna hafi sýnt fram á neikvæð áhrif langtímaatvinnuleysis foreldra á börn. Þá hafi meðal annars komið fram jákvæð fylgni milli aukins atvinnuleysis og aukningar á fjölda barna á fósturheimilum, en aðrar rannsóknir sýna að langtímaatvinnuleysi foreldra hafi neikvæð áhrif á heilsufar barna. Niðurstöður rannsóknar á tengslum atvinnuleysis sænskra foreldra og framvindu barna þeirra í námi sýndu neikvæð tengsl við atvinnuleysi föður en jákvæð við atvinnuleysi móður.<sup>151</sup>

<sup>149</sup> Barnaverndarstofa, 2010a.

<sup>150</sup> Halldór Sig. Guðmundsson, 2009.

<sup>151</sup> Halldór Sig. Guðmundsson, 2009.

Í rannsókninni eru leiddar að því líkur að kreppan hafi ekki haft aukin áhrif á fjölgun tilkynninga. Því var þó ekki hafnað að afleiðingar efnahagsþrenginga hafi eða muni hafa áhrif á fjölda tilkynninga. Vísað er í reynslu Finna, sem bendir til að áhrif efnahagsþrenginga komi ekki fram fyrr en *fimm til sjö árum eftir að kreppa hefst*, og komi þá fram í fjölgun barna sem þurfi á aðstoð barnaverndar að halda og einnig í aukningu á fósturráðstöfunum. Þá er bent á að árleg fjölgun barnaverndartilkynninga kalli á aukin fjárframlög til barnaverndar.<sup>152</sup> Niðurskurður í velferðarkerfinu í kjölfar kreppunnar gæti því haft neikvæð áhrif á barnavernd.

### Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tölur yfir ástæður tilkynninga til barnaverndarnefnda sem berast Barnaverndarstofu eru ekki kyngreindar. Til stendur að bæta úr því samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu.

Í ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árin 2008–2009 segir að ástæður tilkynninga virðast hafa breyst nokkuð á árinu 2009 sé miðað við fyrri ár:

Þannig hafa tilkynningar um áhættuhegðun barna jafnan verið yfir helmingur allra tilkynninga en vanræksla barna innan við 30% tilkynninga. Á síðastliðnu ári bar svo við að áhættuhegðun telur um 46% tilkynninga en tilkynningum vegna vanrækslu hefur fjölgað í 35%. Helst þetta í hendur við hlutfallslega fjölgun tilkynninga frá öðrum en lögreglu, en fram að þessu hafa tilkynningar frá lögreglu verið helmingur allra tilkynninga. Allt eru þetta vísbendingar um nokkuð breytt landslag frá því fyrir efnahagshrun.<sup>153</sup>

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um rúmlega 1% fyrstu níu mánuði ársins 2010 samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2009. Nokkur munur er á landsvæðum, tilkynningum fækkaði um tæplega 2% á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu en fjölgaði um tæplega 7% á landsbyggðinni.<sup>154</sup>

Árin 2007 og 2008 voru fleiri drengir en stúlkur á bak við barnaverndartilkynningar. Aldurshópurinn 15–17 ára var fjölmennastur árið 2007, eða 27,2% allra barna. Árið 2008 var algengasti aldurshópurinn hjá stúlkum 11–14 ára, eða 12,4%. Um 36–37% barnanna bjuggu hjá báðum foreldrum.

Árið 2008 var í fyrsta sinn spurt um þjóðerni barna. Af þeim börnum sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga árið 2008 voru 7,8% þeirra af erlendum uppruna. Þá var átt við börn sem eiga að minnsta kosti annað foreldri af erlendum uppruna eða eiga annað fyrsta móðurmál en íslensku. Ekki kemur fram fjöldi þeirra eða kynjaskipting.

Á árunum 2006–2008 skiptust tilkynningar á mjög svipaðan hátt og hafa ekki verið stórvægilegar breytingar milli ára. Árið 2009 hækkaði hlutfall tilkynninga sem varða vanrækslu, en hlutfall tilkynninga um áhættuhegðun lækkaði miðað við árin á undan. Talið var að alls 90 börn hefðu verið í yfirvofandi hættu árið 2008 eða 1,8% allra barna sem tilkynnt var um. Ekki kemur fram kynjaskipting barnanna.

<sup>152</sup> Halldór Sig. Guðmundsson, 2009.

<sup>153</sup> Barnaverndarstofa, 2010a.

<sup>154</sup> Barnaverndarstofa, 2010b.

Stærstur hluti tilkynninga vegna ofbeldis er vegna tilfinningalegs og sálræns ofbeldis. Fyrstu níu mánuðina árið 2010 hafði tilkynningum um slíkt ofbeldi fjölgað talsvert frá því árið áður. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 voru alls 523 tilkynningar þess eðlis, en sömu mánuði ársins 2010 voru þær orðnar 808 talsins. Þar af voru 182 sem tengdust heimilisofbeldi árið 2009, en 278 árið 2010. Hlutfall tilkynninga vegna kynferðislegs ofbeldis stóð í stað á sama tíma.<sup>155</sup>

**Tafla 3.2.** Ástæður tilkynninga til barnaverndarnefnda – allt landið.

	2008	2009	2010*
Áhættuhegðun	51,9 %	46,4 %	47,1%
Vanræksla	29%	34,7%	31%
Vegna ofbeldis	18,5%	18,6%	21%


\* Fyrstu níu mánuði ársins.

#### Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

Barnaverndarnefndir um landið eru gríðarlega margar og því tímafrekt að safna gögnum frá þeim, auk þess sem gögnin eru sjaldan birt opinberlega. Í ársskýrslu Velferðarsviðs fyrir árið 2009 greindi barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar í fyrsta sinn frá kynjahlutfalli barna. Það er því áhugavert að rýna í tölurnar þrátt fyrir að ekki sé unnt að gera samanburð milli ára.

Í tölum frá Reykjavík kemur í ljós að tilkynningar vegna drengja eru fleiri í heildina. Alls bárust 1.121 tilkynning vegna drengja á móti 875 vegna stúlkna. Munur er þó milli aldurshópa því fleiri tilkynningar berast vegna stúlkna en drengja á aldrinum 0–5 ára. Alls bárust 203 tilkynningar vegna stúlkna á þeim aldri árið 2009, á móti 158 tilkynningum vegna drengja. Tilkynningar vegna stúlkna á aldrinum 6–12 ára eru 43,6%, en 39,8% vegna 13–18 ára stúlkna. Í ljósi þessa væri áhugavert að skoða kynjamun á ástæðum að baki tilkynningum.<sup>156</sup>

**Graf 3.10.** Barnaverndartilkynningar í Reykjavík árið 2009.\*



\*Sjá töflu 3.8 í viðauka III.


<sup>155</sup> Barnaverndarstofa, 2010b.

<sup>156</sup> Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, 2010.



Þegar fjöldi tilkynninga sem leiddu til þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur kannaði málið frekar er skoðaður, kemur í ljós að lítil kynjamunur er á heildarfjölda mála. Alls voru 529 tilkynningar vegna drengja kannaðar betur, en 525 tilkynningar vegna stúlkna. Hlutfallslega leiða því tilkynningar vegna stúlkna oftar til könnunar hjá Barnavernd Reykjavíkur. Mestur er munurinn meðal barna á aldrinum 13–18 ára, en þar er helmingur tilkynninga vegna stúlkna kannaður á móti 34% vegna pilta.

**Graf 3.11.** Tilkynningar sem leiddu til könnunar hjá Barnavernd Reykjavíkur.\*



\*Sjá töflu 3.9 í viðauka III.


### Mál í meðferð barnaverndarnefnda

Sé litið til talna fyrir allar barnaverndarnefndir árin 2005–2008 var heildarfjöldi barnaverndarmála hlutfallslega mestur vegna pilta. Elsti aldurshópurinn var fjölmennastur, eða tæplega 33% allra barna.<sup>157</sup> Árið 2007 bættist við aldurshópurinn 18–20 ára og voru þá 2,5% einstaklinganna í þeim aldurshópi. Aldurshópurinn 15–17 ára var fjölmennastur árið 2007, eða 27,2% allra barna.<sup>158</sup> Kyngreindar upplýsingar fyrir árin 2009–2010 liggja ekki fyrir.

<sup>157</sup> Barnaverndarstofa, 2008.

<sup>158</sup> Barnaverndarstofa, 2010a.


**Graf 3.12.** Mál sem barnaverndarnefndir höfðu til meðferðar árin 2005–2008.\*



\*Sjá töflu 3.10 í viðauka III.

Árið 2008 hafði málum drengja fjölgað í öllum aldurshópum. Meðal stúlkna fjölgaði í öllum aldurshópum nema þeim elsta, 15–18 ára. Milli árána 2005 og 2008 varð mest aukning meðal stúlkna á aldrinum 0–5 ára, eða 33% aukning. Næstmesta aukningin varð meðal 11–14 ára stúlkna, eða 31% aukning milli árána 2005 og 2008 (sjá einnig töflu 3.11 í viðauka III).


**Graf 3.13.** Fjöldi barnaverndarmála vegna stúlkna árin 2005–2008.



### Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

Málum Barnaverndar Reykjavíkur hefur fjölgað undanfarin ár en tóku stökk árið 2008. Fjölgunin hefur einkum verið meðal tveggja hópa, drengja á aldrinum 13–18 ára og stúlkna 0–5 ára. Athygli vekur að fjöldi mála vegna drengja á aldrinum 0–5 ára stóð í stað árin 2005–2008 á meðan fjöldi stúlkna jókst mikið miðað við drengi, eða úr því að vera 21,5% færri í að vera 21% fleiri en drengir á sama aldri.<sup>159</sup>

**Graf 3.14.** Fjöldi mála hjá barnaverndarnefnd Reykjavík vegna 0–5 ára barna árin 2005–2008.



### Barnahús

Verkefni Barnahúss eru fræðsla og ráðgjöf við upphaf máls, leiðbeiningar við könnun máls, könnunarviðtal fyrir barnaverndarnefndir eða skýrslutöku fyrir dómi, læknisskoðun, greining og meðferð. Tölur Barnahúss fyrir árin 2009 og 2010 hafa ekki verið gefnar út, en ástæða er til að skoða komur í Barnahús undanfarin tvö ár í ljósi þess hve mikill kynjamunur er á notkun þjónustu Barnahúss, en stúlkur eru í miklum meirihluta þeirra barna sem til þess leitar.

Milli árana 2007 og 2008 fjölgaði skýrslutökum fyrir dómi í Barnahúsi. Líkt og fyrri ár var aukningin mest meðal stúlkna á aldrinum 10–18 ára. Einnig fjölgaði viðtölum í heildina (rannsóknarviðtölum og greiningar- og meðferðarviðtölum). Aukningin var mest meðal stúlkna 10–18 ára og er það í samræmi við fjölgun á skýrslutökum fyrir dómi í þeirra hópi. Árið 2007 voru 126 viðtöl tekin við stúlkur á aldrinum 10–18 ára en 234 viðtöl árið 2008, eða um 46% aukning milli ára.<sup>160</sup>


Mikill kynjamunur var á skjólstæðingum Barnahúss sem fara í viðtöl og margfaldaðist hann milli ára. Drengjum fækkaði lítillega, en stúlkum fjölgaði um 65,5%. Færri drengir í aldursflokknum 6–9 ára fóru í rannsóknarviðtal í Barnahúsi árið 2008. Líkleg skýring er talin vera sú að færri könnunarviðtöl voru tekin í þessum aldursflokki vegna kynferðislegra leikja meðal jafnaldra.<sup>161</sup>

<sup>159</sup> Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010.

<sup>160</sup> Barnaverndarstofa, 2010a.

<sup>161</sup> Barnaverndarstofa, 2010a.

**Graf 3.15.** Viðtöl í Barnahúsi árin 2007–2008.



Árið 2008 fóru 29 börn í læknisskoðun í Barnahúsi, allt stúlkur. Sex stúlkur yngri en þriggja og hálfis árs komu einungis í læknisskoðun í Barnahúsi, en þáðu enga aðra þjónustu. Ástæða þess er lágur aldur barnanna, en svo ung börn fara ekki í rannsóknarviðtöl og fá ekki sérhæfða greiningu og meðferð.<sup>162</sup>

<sup>162</sup> Barnaverndarstofa, 2010a.

## 4. Heilsa

Efnahagslegar breytingar á samfélögum eru taldar hafa ýmis áhrif á heilsu fólks. Atvinnuleysi, peningaskortur og óvissa breytir lífi fólks og getur valdið heilsuspillandi streituáhrifum. Í skýrslu heilsufars- og heilsugæsluhóps velferðarvaktarinnar er áhyggjum lýst af mögulegum áhrifum efnahagskreppunnar á lýðheilsu, svo sem á langvarandi streitu sem eykur hættu á sjúkdómum á borð við hjartadrep, æðakölkun, heilblóðfall, sykursýki, gigt, þunglyndi, kvíða og fleira.<sup>163</sup> Líklega er of stutt liðið frá upphafi kreppunnar til að leggja mat á slík áhrif. Mögulega sjást þó einhver slík áhrif ef skoðuð er lyfjanotkun kvenna sem er einnig takmörkunum háð því margt annað getur haft áhrif á breytingar á notkun lyfja. En áhrifin er ekki einungis heilsuspillandi, einnig verða breytingar á viðhorfum og hegðun fólks þegar kemur að frjósemi. Fæðingum fjölgar en einnig fóstureyðingum, og valda breyttar forsendur því að aldur kvenna sem fæða börn eða gangast undir fóstureyðingu breytist einnig.

### 4.1 Frjósemi

#### Í stuttu máli:

- Fjöldi fæðinga hefur aukist jafnt og þétt síðan árið 2003. Frávik árið 2009, miðað við meðaltal árána 2000–2008, voru 14%.
- Mest er fjölgunin í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum, auk þess á Akureyri.
- Tíðni fæðinga hjá yngsta hópnum, 15–24 ára, hefur farið lækkandi ár frá ári, en hjá þeim eldri hækkar hún á móti og tekur stökk árið 2009. Á árunum 2008–2009 fjölgaði sérstaklega fæðingum barna mæðra á aldrinum 30–34 ára.
- Árið 2009 varð talsverð fjölgun barna sem fæddust foreldrum sem ekki voru skráðir í sambúð og hafa þær fæðingar aldrei verið fleiri síðastliðinn áratug.
- Fóstureyðingum fjölgaði talsvert á árunum 2008–2009 miðað við síðustu fjögur árin á undan. Árið 2009 voru þær samtals 971 sem er 5% aukning miðað við meðaltal árána 2000–2008.
- Árið 2009 varð fjölgun á fóstureyðingum meðal allra aldurshópa, að hópnum 15–19 ára undanskildum. Þar fækkaði bæði fóstureyðingum og fæðingum, en fóstureyðingar í þeim hópi hafa ekki verið færri síðan árið 1991.
- Mest fjölgaði fóstureyðingum meðal 25–29 ára kvenna, alls voru þær 244 árið 2009 og hafa aldrei verið fleiri fóstureyðingar í þeim hópi.
- Ófrjósemisaðgerðum hefur fækkað síðan árið 2000, en hlutfall karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir hefur snúist við. Mun fleiri karlar en konur fara nú í slíka aðgerð. Árið 2000 voru konur 67,5% þeirra sem


<sup>163</sup> Velferðarvaktin, 2009b.

gengust undir ófrjósemisaðgerð. Árið 2009 voru þær komnar niður í 30% fækkaði hratt eftir að efnahagskreppan skall á.

### Fæðingartíðni<sup>164</sup>

Fæðingum hefur fjölgað jafnt og þétt síðan árið 2003. Mest varð aukningin milli ára 2007 og 2008, eða um 5,7%. Milli 2008 og 2009 varð svo 3,8% aukning. Miðað við meðaltal árunna 2000–2008 var frávik fyrir árið 2009 14 prósentustig (sjá töflu 4.1 í viðauka III).<sup>165</sup>

**Graf 4.1.** Fæðingartíðni á Íslandi árin 2000–2009.



Fjölgun fæddra barna árin 2008 og 2009 var mest í Reykjavík og nágrennasveitarfélögunum Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, en einnig í Reykjanesbæ, á Akranesi og Akureyri. Annars staðar á landinu stóð fjöldi fæðinga ýmist í stað eða fækkaði.<sup>166</sup>

Mesta fjölgunin síðan árið 2000 hefur orðið á fæðingum barna meðal kvenna á aldrinum 25–34 ára, en 62% allra barna sem fæddust á árinu 2009 fæddust konum á þessu aldrarsbili. Milli árunna 2008 og 2009 fjölgaði sérstaklega fæðingum barna mæðra á aldrinum 30–34 ára.<sup>167</sup>


<sup>164</sup> Fæðingartíðni er reiknuð sem hlutfall milli lifandi fæddra barna mæðra á aldursárinu og meðalfjölda kvenna á því aldursári.

<sup>165</sup> Hagstofa Íslands – fæddir og dánir, sótt í janúar 2011a.

<sup>166</sup> Hagstofa Íslands – fæddir og dánir, sótt í desember 2010a.

<sup>167</sup> Hagstofa Íslands – fæddir og dánir, sótt í janúar 2011b.


**Graf 4.2.** Fjöldi fæðinga eftir aldri móður árin 2000–2009.\*



\*Sjá töflu 4.1 í viðauka III.

Á árinu 2009 varð talsverð fjölgun barna sem fæddust foreldrum sem ekki voru skráðir í sambúð. Alls fæddust 768 börn sem er 15,6% af öllum fæðingum það ár. Hlutfallið var 13,3% árið 2008 og 14,4% árið 2007.<sup>168</sup>

**Graf 4.3.** Fjöldi barna fædd foreldrum sem ekki eru í sambúð árin 2000–2009.\*




\*Sjá töflu 4.2 í viðauka III.

<sup>168</sup> Hagstofa Íslands – fæddir og dánir, sótt í janúar 2011c.

Fæðingartíðni jókst árið 2009 í öllum aldurshópum nema þeim yngsta, 15–24 ára. Tíðni fæðinga í yngsta hópnum hefur farið lækkandi ár frá ári, en hjá þeim eldri hækkar hún og tók stökk árið 2009.<sup>169</sup>

**Graf 4.4.** Fæðingartíðni eftir aldri móður árin 2000–2009.



### Fóstureyðingar

Fæðingartíðni hefur aukist, en jafnframt fjölgaði fóstureyðingum talsvert á árunum 2008–2009 miðað við síðustu fjögur árin á undan. Heildarfjöldi fóstureyðinga hafði þá ekki verið hærrí síðan árið 2000.<sup>170</sup> Þá voru þær samtals 987, en árið 2009 voru þær samtals 971, sem er 5% aukning miðað við meðaltal 2000–2008.<sup>171</sup>


<sup>169</sup> Hagstofa Íslands – fæddir og dánir, sótt í janúar 2011b.

<sup>170</sup> Landlæknisembættið – fóstureyðingar, sótt í desember 2010.

<sup>171</sup> Heildarfjöldi fóstureyðinga 2000–2008 var 8.332, eða að meðaltali 925 á ári.




**Graf 4.5.** Fjöldi fóstureyðinga árin 2000–2009.



Árið 2009 varð fjölgun á fóstureyðingum meðal allra aldurshópa, að hópnum 15–19 ára undanskildum. Þar fækkaði þeim líkt og fæðingum, en fóstureyðingar í þeim aldurshópi hafa ekki verið færri síðan árið 1991. Hjá konum á aldrinum 35–44 ára fjölgaði fóstureyðingum lítillega. Mest fjölgaði fóstureyðingum meðal 25–29 ára kvenna, alls voru þær 244 talsins árið 2009 og hafa aldrei verið fleiri fóstureyðingar í þeim hópi.

**Graf 4.6.** Fjöldi fóstureyðinga árin 2006–2009 eftir aldri kvenna.\*




\*Sjá töflu 4.3 í viðauka III.

Fjölgunin árin 2008–2009 var meiri meðal ógiftra kvenna en giftra kvenna og kvenna í sambúð. Yfirleitt eru giftar konur og konur í sambúð um þriðjungur þeirra sem fara í fóstureyðingu. Árin 2008 og 2009 varð fjölgun meðal kvenna sem eiga fyrir eitt barn eða þrjú börn. Einnig varð fjölgun árið 2009 meðal kvenna sem höfðu farið einu sinni til tvisvar sinnum áður í fóstureyðingu. Fjölgunina má helst rekja til félagslegra ástæðna, en ekki heilsufarslegra.<sup>172</sup>

### Ófrjósemisaðgerðir

Ófrjósemisaðgerðum hefur fækkað síðan árið 2000, en hlutfall karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir hefur snúist við. Mun fleiri karlar en konur fara nú í slíka aðgerð. Fjöldi karla hefur aukist jafnt og þétt en tók stökk árið 2008. Árið 2000 voru konur 67,5% þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerð, en árið 2009 voru þær komnar niður í 30% og fækkaði hratt eftir að efnahagskreppan skall á.<sup>173</sup>

**Graf 4.7.** Fjöldi ófrjósemisaðgerða karla og kvenna árin 2000–2009.



<sup>172</sup> Landlæknisembættið – fóstureyðingar, sótt í desember 2010.

<sup>173</sup> Landlæknisembættið – ófrjósemisaðgerðir, sótt í desember 2010.

## 4.2 Lyfjaneysla


### Í stuttu máli:

- Konur á aldrinum 15–74 ára eru í meirihluta viðtakenda lyfjaávísana.
- Neysla á svefnlyfjum og róandi lyfjum hefur aukist mikið síðan 2006. Mikill munur er á neyslu kynjanna á slíkum lyfjum, en konur eru 64% þeirra sem fá þeim ávísað.
- Notkun á lyfjum við athyglisbresti og ofvirkni hefur aukist mikið undanfarin ár, fyrst og fremst meðal fullorðinna. Sérstaklega hefur konum á fullorðinsaldri fjölgað.
- Erfitt er að meta aukningu á notkun blóðþrýstingslyfja vegna reglugerðarbreytingar sem gerð var árið 2009.

Konur eru í meirihluta viðtakenda lyfjaávísana á Íslandi eftir 15 ára aldur og fram að sjötugsaldri. Í heildina fá um 80% kvenna að minnsta kosti eina lyfjaávísun árlega. Tæplega 50% kvenna fá fleiri en fimm lyfjaávisanir á ári. Hlutfallið er aftur á móti 67% meðal karla sem fá eina lyfjaávísun og rúmlega 30% sem fá að minnsta kosti fimm lyfjaávisanir.

Fyrir 15 ára aldur og eftir sjötugt eru karlar í meirihluta viðtakenda. Á aldursbilinu \*0–14 ára er lyfjum vísað oftar á stráka en stelpur, eða í 58% tilvika. Á aldursbilinu 15–19 ára snýst dæmið snarlega við, en þá er lyfjum ávísað til stelpna í rúmlega 72% tilvika. Konur eru í meirihluta fram að 35 ára aldri þegar dregur smám saman aftur saman með kynjunum og við sjötugt taka karlar fram úr konum.<sup>174</sup>

**Graf 4.8.** Hlutfall lyfjaávísana eftir aldri og kyni árið 2009.




<sup>174</sup> Landlæknisembættið, 2010.

Fjöldi nýrra notenda jókst í flestum lyfjaflokkum árið 2008, en minni fjölgun varð árið á eftir.<sup>175</sup> Mest varð aukningin í notkun sýklalyfja. Í svari við fyrirspurn skýrsluhöfunda til landlæknisembættisins, þar sem spurt var um breytingar á lyfjanotkun í efnahagslægdinni, segir að áhrif sparnaðar á stofnunum sjáist í ávísunum (upplýsingar úr lyfjagagnagrunni) sem hlutfall af heildinni (sölutölur Lyfjastofnunar). Þá var spurt sérstaklega um ávísanir á þunglyndislyfjum og kvíðastillandi, rítalíni og blóðþrýstingslækkandi lyfjum. Í svari embættisins segir að erfitt sé að meta blóðþrýstingslyf vegna reglugerðarbreytingar árið 2009 sem hafi haft mikil áhrif á notkunina. Þá hafi ávísanir á svefnlyf og róandi lyf aukist mikið á tímabilinu 2006–2010, og mikill kynjamunur sé á notkun á lyfjum við athyglisbresti og ofvirkni.

Alls voru 147.643 ávísanir á svefnlyf og róandi lyf gefnar út árið 2006, en fjöldi þeirra var kominn upp í 168.512 ávísanir fjórum árum síðar.<sup>176</sup> Um tveir þriðju hlutar ávísana eru til kvenna. Rúmlega 11% aukning varð á ávísunum til kvenna á árunum 2006–2010, en 14,3% aukning ávísana til karla. Í heildina hefur körlum fjölgað um 1 prósentustig á tímabilinu, úr 35 í 36% þeirra sem fá ávísað svefnlyfjum eða róandi lyfjum.<sup>177</sup>

**Graf 4.9.** Fjöldi lyfjaávísana fyrir svefnlyf og róandi lyf.



#### *Lyf við athyglisbresti og ofvirkni*

Notkun lyfja við athyglisbresti og ofvirkni hefur aukist mikið undanfarin fjögur ár. Notkun karla minnkaði lítillega árið 2010 en lyfjaávísunum til kvenna hélt áfram að fjölga. Talsverður munur er á notkun kynjanna, en um 37% notenda árið 2010 voru konur.<sup>178</sup>


<sup>175</sup> Landlæknisembættið, 2010.

<sup>176</sup> Tölurnar eru ekki vigtaðar og sýna aðeins lyf sem er ávísað, því vantar lyfjanotkun eldra fólks og fólks sem fær lyf á sjúkrahúsum.

<sup>177</sup> Landlæknisembættið, 2011.


<sup>178</sup> Landlæknisembættið, 2011.

**Graf 4.10.** Fjöldi ávísana á lyf við athyglisbresti og ofvirkni árin 2006–2010.



Gríðarleg aukning hefur orðið á fjölda ávísana til kvenna sem hvorki teljast börn né ellilífeyrisþegar og hefur fjöldi þeirra nærri tvöfaldast síðan árið 2006. Ellilífeyrisþegum hefur einnig fjölgað hlutfallslega mikið. Ávísunum til stúlkna fjölgaði talsvert milli 2008 og 2009, en fækkaði aftur árið 2010. Árið 2006 var lítill munur á notkun stúlkna og kvenna, en árið 2010 voru konur 43% fleiri en stúlkur.<sup>179</sup>

**Graf 4.11.** Fjöldi lyfjaávisana til kvenna fyrir lyf við athyglisbresti og ofvirkni árin 2006–2010.




Kynjamunurinn á ávísunum lyfja við athyglisbresti og ofvirkni til barna er sláandi, en notkun stráka yngri en 18 ára er margföld á við stúlkna. Ávísunum til stráka fjölgaði

<sup>179</sup> Landlæknisembættið, 2011.

líkt og til stelpna árið 2009 en fækkaði talsvert árið 2010. Notkun karla og kvenna er álíka mikil og hefur aukist í takt síðan árið 2006, en árið 2010 eru tæplega 200 færri ávísanir til kvenna en karla. Karlkyns eftirlaunaþegum hefur fjölgað hlutfallslega minna en konum, en þeir eru nokkuð fleiri en konur árið 2010.<sup>180</sup>


**Graf 4.12.** Fjöldi lyfjaávísa til karla fyrir lyf við athyglisbresti og ofvirkni árin 2006–2010.



### Sjálfsvíg

Atvinnuleysi og auknir fjárhagsörðugleikar geta haft áhrif á andlega heilsu einstaklinga. Óttast var um að sjálfsvígum kynni að fjölga í kjölfar kreppunnar. Eins og sjá má hér hefur sjálfsvígum kvenna ekki fjölgað undanfarin ár.<sup>181</sup>

**Graf 4.13.** Fjöldi sjálfsvíga kvenna og karla árin 2000–2009.



<sup>180</sup> Landlæknisembættið, 2011.

<sup>181</sup> Hagstofa Íslands – fæddir og dánir, sótt í desember 2010b.

## Samantekt

Hér á eftir eru í örstuttu máli teknar saman helstu niðurstöður hvers kafla skýrslunnar, en niðurstöður könnunarinnar miða aðeins við þau opinberu talnagögn sem voru skýrsluhöfundum aðgengileg.

### Heimili og fjölskylda

#### *Foreldrar ungra barna*

Barneignir hafa ólík áhrif á atvinnustöðu kynjanna – þær styrkja tengsl karla við vinnumarkaðinn en veikja tengsl kvenna. Feðraorlofið er afar mikilvægur þáttur í að vernda stöðu kvenna á vinnumarkaði og styrkja tengsl karla við heimilið, en á Íslandi eiga feður og mæður jafnan rétt á fæðingarorlofi. Í kjölfar efnahagsshrunsins hefur hámark á fæðingarorlofsgreiðslum verið lækkað þrisvar og er þakið núna 300.000 kr. Þessar sparnaðaraðgerðir hafa mun fremur bitnað á feðrum, en 45,7% feðra í fæðingarorlofi lenda í núgildandi hámarki en aðeins 19% mæðra. Þetta kynbundna tekjutap er vafalítið tengt því að orlofsgreiðslum til feðra hefur frá 2008 fækkað um 8,9% á meðan greiðslum til mæðra fjölgaði um 4,5%. Tekjur eru lykilatriði í ákvörðun karla um að taka fæðingarorlof, til dæmis vegna kynbundins launamunar, sem veldur því að tekjutap fjölskyldunnar er líklegra til að verða meira við fæðingarorlof föður. Dæmi um þetta er að lítill kynjamunur er á fjölda foreldra sem að einhverju leyti taka tekjutengt fæðingarorlof, en meðal þeirra sem fá fastan fæðingarstyrk (afar lág fjárhæð) eru karlar í miklum minnihluta.

Skoða þyrfti kynjamun á þeim hópi foreldra sem þurfa að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og detta á meðan út af vinnumarkaði með tilheyrandi tekjutapi. Líklega má telja að þarna séu konur í miklum meirihluta, en erfitt er að finna upplýsingar um þá foreldra sem ekki tilheyra vinnuaflinu.

#### *Fjárhagsvandi heimilanna*

Launamunur kynjanna hefur ekki aukist eins og þekkt er í efnahagskreppu heldur minnkað. Þetta þó þarf að setja í samhengi við miklar launahækkningar karla á útpenslutímanum, sér í lagi hjá launahæstu hópunum. Eins hafa karlar fremur orðið fyrir beinni launaskerðingu vegna kreppunnar meðan konur taka frekar á sig skerðingu á starfshlutfalli.

Kyngreindar upplýsingar um vanskil lána og leigu takmarkast við einstætt, barnlaust fólk. Hlutfall einstæðra barnlausra kvenna í vanskilum með lán eða leigu hefur hækkað eftir að kreppan skall á. Einstæðir barnlausir karlar eru þó áfram mun fleiri í vanskilum en konur, eða í 74% tilvika árið 2010. Byrðar húsnæðiskostnaðar og lána hafa þyngst mikið hjá einstæðum barnlausum konum. Fram til 2009 höfðu karlar verið í meirihluta en árið 2010 hafði kynjahlutfallið jafnast. Konur eru í meirihluta þeirra sem telja sig ekki geta mætt óvæntum útgjöldum eða eiga erfitt með að ná endum saman. Rúmlega 50% einstæðra barnlausra kvenna eru í þeirri stöðu á mótí 40% karla.

Þann 24. nóvember 2010 sóttu 1.071 manns matarúthlutun til Fjölskylduhjálpar Íslands, Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrksnefndar. Íslendingar voru í meirihluta og meðal þeirra voru konur 65%. Meðal Pólverja voru konur 37%, en þær voru 58% meðal fólks með annað ríkisfang. Aðspurðar um ástæður þess að konur sóttu matarúthlutun báru ríflega 80% þeirra fyrir sig lágar tekjur. Þá sagðist helmingur kvennanna eiga við veikindi að stríða. Priðjungur

kvennanna sem sóttu matarúthlutun var atvinnulaus á móti 64% karla, en 44% reyndust vera öryrkjar á móti 30% karla. Fleiri konur en karlar voru í launaðri vinnu, og reyndust mun oftar en karlar vera með yfir 200.000 kr. í mánaðartekjur fyrir skatt. Karlar voru oftar undir 150.000 kr. í tekjur undangenginn mánuð.

Hlutfall einstaklinga með tekjur undir lágtekjumörkum hækkaði á árunum 2006–2009. Hagstofan áætlað að á árinu 2009 hafi 18.200 konur og 13.300 karlar verið undir lágtekjumörkum. Körlum fækkar um 3 prósentustig frá árinu áður, en konum fjölga um 7 prósentustig. Undantekning er meðal atvinnulausra, en árið 2007 voru tæp 29% atvinnulausra kvenna undir lágtekjumörkum en aðeins 8% karla. Árið 2009 var hlutfall meðal atvinnulausra karla orðið tæplega 32%, en meðal kvenna tæplega 27%. Sérstaka athygli vekur kynjamunurinn meðal eftirlaunabega sem falla undir lágtekjumörk. Hagstofan áætlaðar að árið 2009 hafi 3.500 konur á eftirlaunum verið með tekjur undir lágtekjumörkum, á móti 1.400 körlum. Af þeim sem skráðir eru „ekki í vinnu“ árið 2009 eru 5.800 konur sem lifa undir lágtekjumörkum á móti 3.300 körlum.

### *Einstæðar mæður*

Einstæðar mæður eru 91,4% einstæðra foreldra. Tölur yfir einstæða foreldra eru þó sjaldan kyngreindar, svo ekki er vitað hver munurinn er á aðstæðum einstæðra mæðra og feðra. Launamunur kynjanna, kynjaskiptur vinnumarkaður og hátt hlutfall kvenna í námi benda þó til þess að konur séu frekar í lægra launabilinu en karlar í því hærra. Jafnframt þyrfti að taka tillit til hlutfalls atvinnulausra í þessum hópi, til þess að fá skýra mynd af stöðu tekna og skulda einstæðra mæðra. Hvorki fundust upplýsingar um atvinnuþátttöku eða atvinnuleysi einstæðra mæðra né fjölda þeirra í námi eða á námslánunum.

Helstu breytingar á fjárhagserfiðleikum einstæðra foreldra frá því fyrir efnahagshrun snúa að auknum vanskilum og aukinni lánabyrði. Börn sem sækja áfengis- og vímuefnaeðferð og börn sem koma við sögu í málum barnaverndarnefnda búa oftast hjá einstæðum mæðrum. Í ljósi versnandi fjárhagsstöðu þessa hóps er ástæða til að fylgjast vel með.

## **Atvinna og atvinnuleysi**

### *Kynjaskiptur vinnumarkaður*

Innan margra starfsstétta er annað kynið í miklum meirihluta (70% starfsmanna eða meira) svo enn má tala um hefðbundnar kvennastéttir og karlastéttir. Konur eru meirihluti ríkisstarfsmanna svo opinber niðurskurður hefur meiri áhrif á atvinnustöðu kvenna en karla, sérstaklega í umönnunarkerfinu, þ.e. heilbrigðisgeiranum, leikskólum og grunnskólum. Á sama tíma og búin eru til störf fyrir karla eru kvennastörf skorin niður. „Mannaflokkar framkvæmdir“ meðal opinberra aðgerða til að skapa fleiri störf eru til marks um karllæga slagsíðu í atvinnuþróunarstefnu, en slíkar framkvæmdir, auk stóriðju, skapa fyrst og fremst störf sem einungis karlar velja.

Í kjölfar hrunsins hefur háskólanemum fjölgað og dregið ögn saman með kynjunum, þótt konur í framhaldsnámi séu áfram í miklum meirihluta. Atvinnuþátttaka háskólanema hefur breyst kynbundið í kreppunni. Árið 2007 unnu fleiri karlar en konur launavinnu með námi en dæmið hafði snúist við 2010. Karlar vinna þó enn fleiri vinnutíma á viku.



### *Atvinnuleysi kynjanna*

Breytingar hjá hinu opinbera koma almennt þyngra niður á konum, en breytingar á almennum vinnumarkaði harðar niður á körlum. Atvinnuleysisþróunin frá hrúni fylgir þekktu kynjamynstri – karlar missa fyrr vinnu í kjölfar kreppu en áhrifin á atvinnuleysi kvenna eru lengur að birtast og sveiflurnar eru mun minni meðal kvenna en karla. Fyrst eftir hrún fjölgaði körlum hlutfallslega hraðar á atvinnuleysissskrá en konum, en sumarið 2010 hafði atvinnuleysi kynjanna jafnast út. Körlum fjölgaði aftur yfir vetrarmánuðina, en miðað við reynslu annarra landa má gera ráð fyrir að atvinnuleysi kvenna aukist þegar líður á efnahagskreppuna og verði lengur atvinnulausar en karlar. Langtímaatvinnuleysi eykst samhliða almennu atvinnuleysi. Fyrir hrúnið var langtímaatvinnuleysi mun meira meðal kvenna en karla, en um haustið 2010 hafði það jafnast meðal kynjanna vegna þess hve fljótt atvinnuleysi karla jókst í kjölfar hrúnins.

Hjá aldurshópnum 16–24 ára fjölgaði þiltum margfalt meira á atvinnuleysissskrá en stúlkum. Þessi mikli kynjamunur hefur haldið sér hlutfallslega meira hjá þessum aldursflokki en öðrum. Frá bankahruninu hafa karlar verið í meirihluta atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu, en á landsbyggðinni hafa kynin reglulega skipst á að tilheyra meirihluta á atvinnuleysissskrá. Atvinnulausir karlar eru ólíklegri en konur til að skrá sig í hvers kyns vinnumálaúrræði.

Um það bil fimmtungur íslenska vinnuafslins fellur utan vinnumarkaðar; fólk á aldrinum 16–74 ára sem er hvorki starfandi né atvinnulaust. Töluverður kynjamunur er á þeim hópi en erfitt er að finna upplýsingar um hann.

### **Kynbundið ofbeldi**

#### *Heimilisofbeldi*

Samkvæmt skráningu lögreglu hefur málum heimilisófriðar og -ofbeldis farið fækkandi síðan árið 2007. Komum í Kvennaathvarfið hefur þó fjölgað og voru flestarárið 2010. Flestar konur koma í viðtöl, en konum í dvöl hefur ekki fjölgað. Það gæti meðal annars skýrst af því að þær komast síður burt af fjárhagslegum ástæðum eða að konur leiti sér fyrr hjálpar en áður og þurfi síður að flýja heimili sín. Hlutfall nýrra skjólstaðinga Kvennaathvarfsins jókst mikið árið 2010 og hélst hátt árið 2009. Vekur það upp spurningar um hvort breytingar hafi orðið á hópnum. Hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem leita til Kvennaathvarfsins er hátt miðað við hlutfall þeirra í samfélaginu almennt og hefur aldrei verið hærra en árið 2010. Fjöldi þeirra lækkaði tímabundið rétt eftir að efnahagshrúnið skall á en fjölgaði aftur stuttu seinna.

#### *Kynferðisbrot*

Erfitt er að meta hvort kynferðisbrotum hafi fjölgað vegna kreppunnar því tilkynningum til lögreglu hefur fjölgað stöðugt síðan árið 2004. Fjölgunin virðist þannig í fljótu bragði ótengd efnahagsástandi. Þá er hluti brotanna sem koma inn á borð lögreglunnar og Stígamóta gömul mál, en eldri brot voru 29% skráðra kynferðisbrota árið 2008. Auk þess er aðeins tilkynnt um og leitað aðstoðar vegna lítils hluta raunverulegra kynferðisbrota.

Tölur Neyðarmóttöku vegna nauðgunar lýsa ef til vill best ástandinu í dag, en ekki nema brot af þolendum kynferðisbrota leitar þangað. Tíðni koma á Neyðarmóttökuna hefur ekki aukist eftir að efnahagskreppan skall á. Árið 2009 var svipað að meðaltali og síðustu fimm ára, en árið 2010 fækkaði málum um 10% frá árinu áður. Aldursdreifing þeirra sem leita til Neyðarmóttökunnar (ókyngreint) sýnir

að hópurinn 19–25 ára er langstærstur eða 42% allra sem leituðu til móttökunnar á árunum 2005–2010.

Árið 2009 voru karlar 96,4% kærðra fyrir kynferðisbrot eða 185 karlar á móti sjö konum. Kynferðisbrotum á landsbyggðinni fjölgaði árið 2009 og voru hlutfallslega flest í Vestmannaeyjum eða 54 brot á hverja 10.000 íbúa.

Ákvæði almennra hegningarlaga um vændi tóku breytingum árið 2007 og 2009. Nú er ólöglegt að greiða fyrir, hafa atvinnu af og hafa milligöngu um vændi. Lögreglumálum hefur fjölgað talsvert eftir lagabreytinguna.

### *Barnavernd*

Nýjasta ársskýrsla Barnaverndarstofu tekur til árána 2007 og 2008. Lítið er því um upplýsingar síðustu tveggja ára. Efnahagskreppan virðist ekki valda meiri fjölgun en áður, en erlendar rannsóknir sýna að eftirköst kreppu geta komið fram allt að fimm til sjö árum eftir að hún skellur á. Ástæða er því til að halda áfram að fylgjast grannt með framvindu mála.

Breytingarnar sem þó hafa orðið eru að hlutfall tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna vanrækslu hefur hækkað og tilkynningum vegna áhættuhegðunar barna fækkað. Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgar frá ári til árs og skjólstæðingum Barnahúss einnig. Fjöldi barna sem sækir áfengis- og vímuefnaeðferð hefur haldist tiltölulega stöðugur.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda eru frekar vegna stráka, en stúlkur eru aftur á móti í miklum meirihluta skjólstæðinga Barnahúss sem þolendur kynferðisofbeldis. Jafnframt tilkynna stúlkur í meðferð frekar um kynferðislega misnotkun og eru oftast þunglyndar en strákar.

## **Heilsa**

### *Frjósemi*

Fjöldi fæðinga hefur aukist jafnt og þétt síðan árið 2003. Frávik árið 2009, miðað við meðaltal árána 2000–2008, voru 14%. Mest er fjölgunin í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum, auk þess á Akureyri. Tíðni fæðinga hjá yngsta hópnun, 15–24 ára, hefur farið lækkandi ár frá ári, en hjá þeim eldri hækkar hún á móti og tók stökk árið 2009. Milli árána 2008 og 2009 fjölgaði sérstaklega fæðingum barna mæðra á aldrinum 30–34 ára. Á árinu 2009 varð talsverð fjölgun barna sem fæddust foreldrum sem ekki voru skráðir í sambúð og hafa þær fæðingar aldrei verið fleiri síðastliðinn áratug.

Fóstureyðingum fjölgaði talsvert á árunum 2008–2009 miðað við síðustu fjögur árin á undan. Árið 2009 voru þær samtals 971 sem er 5% aukning miðað við meðaltal 2000–2008. Árið 2009 varð fjölgun meðal allra aldurshópa, að hópnun 15–19 ára undanskildum. Þá fækkaði bæði fóstureyðingum og fæðingum, en fóstureyðingar í þeim hópi ekki verið færri síðan árið 1991. Mest fjölgaði fóstureyðingum meðal 25–29 ára kvenna, alls voru þær 244 árið 2009 og hafa aldrei verið fleiri fóstureyðingar í þeim hópi.

Ófrjósemisaðgerðum hefur fækkað síðan árið 2000, en hlutfall karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir hefur snúist við. Mun fleiri karlar en konur fara nú í slíka aðgerð. Árið 2000 voru konur 67,5% þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerð, en árið 2009 voru þær komnar niður í 30% og fækkaði hratt eftir að efnahagskreppan skall á.

### *Lyfjaneysla*

Konur á aldrinum 15–74 ára eru í meirihluta viðtakenda lyfjaávísa. Neysla á svefnlyfjum og róandi lyfjum hefur aukist mikið síðan 2006. Mikill munur er á neyslu kynjanna á slíkum lyfjum, en konur eru 64% þeirra sem fá þeim ávísað. Notkun á lyfjum við athyglisbresti og ofvirkni hefur aukist mikið undanfarin ár, fyrst og fremst meðal fullorðinna, sérstaklega fullorðinna kvenna.

## Umraða

### Takmarkanir aðferðarinnar

Velferð kvenna nær yfir vítt svið málaflokka og því þurfti að ramma verkefnið inn. Aðferðin var að leita í safn erlendra rannsókna á kynbundnum áhrifum efnahagslæggða, þá voru skilgreiningar hópa velferðarvaktarinnar á brýnustu málefnum settar í samhengi kynjabreytunnar, auk þess sem stuðst var við almenna þekkingu á stöðu kvenna á Íslandi. Afrakstur rannsóknarvinnunnar voru 50 spurningar sem skiptust í 15 þemu:

- |                                     |   |
|-------------------------------------|---|
| 1. Eignir, skuldir og tekjur kvenna | 10. Áhrif niðurskurðar í heilbrigðismálum               |
| 2. Konur í greiðsluferfiðleikum     | 11. Streita, þunglyndi og álagssjúkdómar                |
| 3. Einstæðar mæður                  | 12. Lyfjaneysla   |
| 4. Fjárhagsaðstæður ungra kvenna    | 13. Veikindafjarvistir frá vinnu                        |
| 5. Atvinnuleysi meðal kvenna        | 14. Barnavernd  |
| 6. Viðkvæmir hópar á vinnumarkaði   | 15. Viðkvæmir hópar (öryrkjar, fatlaðir, utangarðsfólk) |
| 7. Fólk utan vinnumarkaðar          |   |
| 8. Notkun á heilbrigðisþjónustu     |   |
| 9. Kynbundið ofbeldi                |   |

Helstu takmarkanir aðferðarinnar tengdust gagnaöfluninni. Áhrifin voru þau að nokkrum spurningum var ekki svarað. Ekki fundust margar nothæfar rannsóknir á áhrifum efnahagslæggða á velferð kvenna því gjarnan var fjallað um konur frá löndum sem vart teljast samanburðarhæf við Ísland. Helsta ástæðan fyrir því að spurningum var ekki svarað var að gögn um viðkomandi málefni voru ekki kyngreind eða aðeins kyngreind að hluta til. Dæmi um slíkt var þegar upplýsingar voru flokkaðar eftir fjölskyldugerðum. Gjarnan voru einstæðir foreldrar ein breyta, en ekki tvær eftir því hvort um sé að ræða einstæða feður eða mæður. Þá voru stundum einu breytunnar sem unnt var að greina eftir kyni einstaklingar sem ekki eiga börn og búa einir. Undirflokkar voru oft ekki kyngreindir, til dæmis þegar teknar voru saman tölur yfir fólk af erlendum uppruna. Stundum var hægt að sjá hversu hátt hlutfall konur voru af erlendu fólki í heild, en ekki skoða hlutfall þeirra í samhengi við fleiri breytur.

Í einhverjum tilvikum var um of flóknar og víðfeðmar upplýsingar að ræða og ekki gafst tími í svo stuttu verkefni að greina gögnin. Þá voru sum gögn ekki til og önnur fundust ekki – það þarf hins vegar ekki að þýða að þau séu ekki til einhvers staðar en leit að þeim hefði tekið lengri tíma. Skýrsluhöfundar voru einnig takmarkaðir af eigin þekkingu þar sem efni skýrslunnar spannar gríðarlega vítt svið.

Skýrsluhöfundar svöruðu 21 spurningu af þeim sem lagt var upp með, en 12 nýjar spurningar og tvö ný þemu bættust við eftir að gagnaöflun hófst:

1. Fæðingarorlof (nýtt þema)
2. Fjárhagsvandi heimilanna
3. Kynbundinn launa- og valdamunur
4. Einstæðar mæður
5. Kynjaskiptur vinnumarkaður
6. Atvinnuleysi

7. Fólk utan vinnumarkaðar
8. Kynbundið ofbeldi
9. Frjósemi (nýtt þema)
10. Lyfjaneysla
11. Barnavernd

Tvö ný þemu urðu til sem höfðu ekki komið upp í upphafi rannsóknarvinnunnar en virtust eiga fullt erindi við verkefni að þessu tagi. Í fyrsta lagi þróun fæðingarorlofs, en þar höfðu orðið áhugaverðar breytingar síðan kreppan skall á. Hins vegar voru teknar saman tölur yfir frjósemi, þ.e. fæðingartíðni, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, en þar hafa einnig orðið breytingar í kjölfar kreppunnar.

Út dattu flestar spurningar sem vörðuðu sérstaka undirhópa kvenna, aðra en einstæðar mæður, svo sem öryrkja, ellilífeyrisþega, fatlaða, utangarðsfólk og innflytjendur. Það var fyrst og fremst vegna þess tímaskorts. Að skoða áhrif kreppunnar á velferð kvenna innan viðkvæmra hópa samfélagsins er í raun efni í annað verkefni.

#### *Skortur á gögnum*

Eins og áður segir kom í ljós að ýmis opinber gögn eru ekki kyngreind. Skýrsluhöfundar benda á þessa staðreynd í ljósi þess að samkvæmt lögum ber opinberum aðilum að kyngreina öll gögn í opinberri hagskýrslugerð.<sup>182</sup> Auk þess skýtur skökku við að stjórnvöld á Íslandi hreyki sér á alþjóðavettvangi af miklu kynjajafnrétti í landinu þegar er í raun fátt vitað um hina eiginlega stöðu kynjanna. Þá er athygli almennings hér heima fyrir beint að þeim fáu staðreyndum, sem þó eru þekktar, en ekki er hægt að veita því athygli sem ekki er vitað. Skortur á upplýsingum um ólíka stöðu kynjanna eykur hættu á að stjórnvöld dragi rangar ályktanir og grípi til opinberra aðgerða sem ekki hafa tilætluð áhrif. Að þekkja forsendurnar er ávallt mikilvægt, ekki síst þegar jafn miklar breytingar verða á samfélaginu líkt og undanfarin ár.

Hér ber að líta samantekt á helstu upplýsingum sem þótti skorta við gerð þessarar skýrslu. Listinn er ekki tæmandi, en gefur vísbendingar um hvað megi betur fara. Ef vel á að vera er nauðsynlegt að gera mun ítarlegri athugun á stöðu opinberra kyngreindra gagna.

- Enginn opinber aðili virðist halda skipulega utan um hópinn sem fellur utan vinnumarkaðar. Mögulega væri hægt að finna þennan hóp með að leita til dæmis að öryrkjum og nemum, en heimavinnandi fólk er að því er virtist hvergi skráð. Þá eru gögn um notkun þjónustutryggingar (heimgreiðsla) ekki kyngreind.
- Vinnumálastofnun er alltaf með almennt atvinnuleysi kyngreint, en sumar stakar breytur eru settar í samhengi við kyn en aðrar ekki. Þetta er nokkuð misjafnt milli ára og jafnvel mánaða.

<sup>182</sup> Í 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, segir að í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga skuli greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Opinberir aðilar hafa því lagalega skyldu til að kyngreina tölfræði.

- Hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar eru engar lykiltölur hvers mánaðar kyngreindar. Í ársskýrslum er sum þjónusta kyngreind en ekki önnur, til dæmis fjárhagsaðstoð í heild en ekki tegundin, börn og unglingar eru kyngreind en ekki aldraðir o.s.frv.
- Erfitt er að greina hvort kynjamunur sé á skipulagningu úrræða fyrir atvinnulausa. Þó ber að athuga að velferðarráðuneytið vinnur að tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er snýr að útgjöldum vegna úrræða atvinnuleitenda. Á tímabilinu september 2010–febrúar 2011 skal unnið að markvissari greiningu og samantekt upplýsinga og ef ástæða þykir til verða gerðar nauðsynlegar breytingar í mars til ágúst 2011.
- Mánaðarskýrslur yfir afbrotatölfræði sem gefin er út af ríkislögreglustjóra er ekki kyngreind og þar koma ekki fram tölur um kynferðisbrot eða heimilisofbeldi.
- Upplýsingar frá Neyðarmóttöku vegna nauðgunar eru ekki aðgengilegar opinberlega svo þarf að hafa samband við starfsmenn beint og biðja þá að útbúa gögn sem virðast þó vera til.
- Almenn eru engin opinber gögn kyngreind frá Landspítalanum sem aðgengileg eru á heimasíðu spítalans.
- Gögn um heilsu kvenna eru ekki aðgengileg opinberlega, ef frá eru talin gögn um fæðingar, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir og dánarorsök.
- Óskað var eftir kyngreindum gögnum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna um lántakendur fyrir árin 2005–2010, til dæmis fjölda þeirra, aldur, fjölskylduáðstæður, meðallaun, fjárhæð lána og notkun þeirra á félagslegum úrræðum sjóðsins, svo sem undanþágum og sértækum úrræðum í kreppunni. Þá ítrekuðum við að hvers kyns kyngreindar upplýsingar kæmu sér vel. Í svári framkvæmdastjóra Lánasjóðsins kemur fram að engin kyngreind gögn um þessi atriði séu til og samantekt á slíku gæti kallað á vinnu og kostnað. Við létum þar við sitja og í skýrslunni eru því engar upplýsingar um stöðu kvenna varðandi námslán sem gætu þó verið áhugaverðar upplýsingar í ljósi þess að þær fara frekar í nám en karlar.
- Gögn yfir fjárhagsstöðu kvenna í kreppunni liggja ekki fyrir, til dæmis hversu margar konur eiga í greiðsluferfiðleikum og hversu margar nýta sértæk úrræði vegna skuldavanda. Þá eru tölur yfir eignir og skuldir kvenna ekki aðgengilegar. Notast var við greiningu Seðlabankans á stöðu heimilanna frá árinu 2009 þar sem hægt var að draga fram upplýsingar um einstæða foreldra (ókyngreint). Gengið var út frá því að þar sem 91% þeirra er konur, segði þetta eitthvað um stöðu þeirra. Þá eru til tölur á heimasíðu Hagstofunnar um vanskil og lánabyrði eftir heimilisgerð. Þar var hægt að draga fram stöðu einstæðs barnlauss fólks eftir kyni og einstæðra foreldra, ókyngreint. Hafa ber samt í huga að hvorugur skýrsluhöfundur er hagfræði- eða viðskiptafræðimenntaður og því gætu verið til aðrar leiðir til að greina fjárhagsstöðu kvenna.
- Gögn um tekjur kvenna eru aðgengilegar á heimasíðu Hagstofunnar. Þar er þó ekki hægt að skoða tekjur í samhengi við fjölskyldugerð og því ekki hægt að meta til dæmis tekjur einstæðra mæðra.
- Nokkuð ber á því að heildarþýði gagna sé kyngreint, en ekki ítarlega eftir breytunum sem verið er að skoða, til dæmis barnaverndarnefndum (almenn eru það óaðgengileg gögn nema í Reykjavík þar sem öll gögn voru kyngreind í fyrsta sinn fyrir árið 2009). Þá eru innflytjendur gjarnan ókyngreind breyta, sbr. ársskýrslur Barnaverndarstofu og einnig nýlega skýrslu um mataraðstoð

hjálparsamtaka (2011) þar sem fram kom hlutfall kvenna eftir ríkisfangi en ekki til dæmis menntun eða aldri kvenna af erlendum uppruna sem þáðu mataraðstoð.

- Þá var erfitt að nálgast áreiðanlegar tölur yfir þróun vímuefnaneyslu kvenna.

Hafa þarf í huga að niðurstöður skýrslunnar byggjast eingöngu á opinberum talnagögnum sem hefur fleiri annmarka en hversu mikið af upplýsingum reyndust ekki aðgengilegar. Jafnframt skal hafa í huga að slík gögn eru aldrei heilagur sannleikur. Opinberar stofnanir gætu til dæmis hver á sinn hátt skilgreint, flokkað og skráð gögnin sín – sem gæti valdið misvægi í þeim – og enn fremur gætu skilgreiningar þeirra sem birta tölfræðina verið ólíkar skýrsluhöfunda. Eins þarfnast talnagögn nokkuð stífrar flokkunar svo hópar sem flóknara er að skilgreina gætu fallið milli þilja og hvergi komið fram í gögnum. Loks er hægt að fara framhjá opinberum skráningum svo aðgengilegar tölur gefa sjaldan tæmandi upplýsingar um stöðu mála

## Lokaorð

Augljóst er við skoðun á áhrifum kreppunnar að þau eru til langs tíma. Þau talnagögn sem eru aðgengileg í dag duga ekki til að mæla varanleg áhrif kreppunnar á kynin heldur gefa eingöngu vísbendingar um stöðu mála. Hvað til dæmis atvinnuleysi varðar er opinbera kerfið hægara í vöfum en einkageirinn og því ítarlegra verkefni að rannsaka áhrif efnahagshruns á störf hjá ríkinu. Í samhengi kynjabreytunnar skiptir þessi munur miklu máli því konur eru líklegri en karlar til að starfa innan opinbera geirans. Áframhaldandi skoðun á kynbundnum áhrifum hrunsins er því nauðsynleg, ekki síður að samþætta kynjasjónarmið inn í allar opinberar aðgerðir og gera endurbætur á hinum mikla skorti á kyngreindum upplýsingum. Loks skal hafa í huga að sjaldan er hægt að staðhæfa að ákveðnar breytingar séu beinar afleiðingar kreppunnar vegna þess að á því tímabili sem skýrsluhöfundar könnuðu gæti ýmislegt hafa haft áhrif á breytta tölfræði.



## Heimildaskrá

*Almenn hegningarlög, nr. 19/1940, með síðari breytingum.*

Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (2011): *Matarúthlutanir hjálparstofnana: Könnun á samsetning hópsins sem þáði matarúthlutun 24. nóvember 2010.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Slóðin er: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/MataruthlutanirHjalparstofna2010\\_Skyrsla\\_04012011.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/MataruthlutanirHjalparstofna2010_Skyrsla_04012011.pdf)

Anna Borgþórsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir og Ragna B. Garðarsdóttir (2010): *Úttekt á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg.* Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Anni G. Haugen (2009): *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar.* Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Slóðin er: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/skyrsla\\_ofbeldi\\_felagsthjonusta15102009.PDF](http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/skyrsla_ofbeldi_felagsthjonusta15102009.PDF)

*Atvinnumál kvenna – Húsráð vikunnar.* Sótt 10. nóvember 2010. Slóðin er: <http://www.atvinnumalkvenna.is/forsida/>

Barnaverndarstofa (2010a): *Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2008–2009.* Slóðin er: <http://bvs.is/files/file874.pdf>

Barnaverndarstofa (2010b): *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði árána 2009–2010.* Slóðin er: <http://bvs.is/?s=9&id=354&m=1>

Barnaverndarstofa (2008): *Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2006–2007.* Slóðin er: <http://www.bvs.is/files/file663.pdf>

Baum M., Shore, B.K. og Fleissner K. (1993): *Women and Economic Crisis: The Untold Story.* *Affilia* (8: 9–25).

Bedoya, R. og Pitkin, K. (1997): *Women's multiple roles in economic crisis: Constraints and adaptation.* *Latin American Perspectives* (95: 34–49).

Benson, M.L. og Fox, G.L. (2004): *Concentrated Disadvantage, Economic Distress and Violence Against Women in Intimate Relationships.* National Institute of Justice, U.S Justice Department. Slóðin er: <http://www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/199709.pdf>

Bryndís Erna Jóhannsdóttir (2010): *Jafnréttismál á umbrotatímum; tækifæri til framfara eða líkur á bakslagi?* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, félagsvísindasvið.

*Félag grunnskólakennara – starfsfólk í grunnskólum haustið 2008, sótt í nóvember 2010.* Slóðin er: <http://www.fgk.is/web/?&OZON=Z3JvdXA9Mzk3MiZwYXJlbnQ9MTU5NQ==>

- Félags- og tryggingarmálaráðuneytið – *hópastarf á vegum velferðarvaktar*, sótt í nóvember 2010. Slóðin er: <http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/um/nr/4293>
- Fjármálaráðuneytið (2010): *Svar Katrínar Önnu Guðmundsdóttur, verkefnastýru tilraunaverkefna í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð hjá fjármálaráðuneytinu, við fyrirspurn skýrsluhöfunda*, dags. 6. desember 2010.
- Fjármálaráðuneytið – *lykiltölur um starfsmenn og stofnanir ríkisins*. Sótt í nóvember 2010. Slóðin er: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/yfirlit/almennt/starfsmstofnanir/>
- Fríða Rós Valdimarsdóttir (2006): *Nordic experiences with parental leave and its impact on equality between women and men*. TemaNord 2006: 531.
- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011* (2010). Þskj. 1 — 1. mál á 139. löggjafarþingi. Slóðin er: <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/0001.pdf>
- Fæðingarorlofssjóður (2011): *Símtal við starfsmann Fæðingarorlofssjóðs*, í febrúar 2011.
- Ginsburg, H.L. og Rosenthal, M.G. (2006): *The Ups and Downs of the Swedish Welfare State: General Trends, Benefits and Caregiving*. New Politics (1: 41). Slóðin er: <http://newpolitics.mayfirst.org/node/210>
- Guðrún Ágústsdóttir (1995): *Kvennaathvarfið. Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstj.), Íslenskar kvennarannsóknir – Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Guðrún Hannesdóttir (2010): *Lífskjör og hagir öryrkja: Könnun meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega*. Reykjavík: Þjóðmálastofnun, Öryrkjabandalag Íslands.
- Gyða Margrét Pétursdóttir (2004): *„Ég er tilbúin að gefa svo mikið“ Sjálfræði, karllæg viðmið og mótsagnir í lífi útivinnandi mæðra og orðræðum um ólíkt eðli, getu og hlutverk*. Óbirt MA-ritgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands – áhrifastöður*. „Konur og karlar í áhrifastöðum á Íslandi, árin 2009 og 2010“, sótt í nóvember 2010. Slóðin er: <http://hagstofa.is/Hagtolar>
- Hagstofa Íslands – fjárhagsstaða heimilanna*. „Heimili í fjárhagsvandræðum eftir heimilisgerð 2004–2010“, sótt í nóvember 2010. Slóðin er: <http://hagstofan.is/pages/2495>
- Hagstofa Íslands – fjölskyldan*. „Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998–2011“, sótt í nóvember 2010. Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Fjolskyldan>
- Hagstofa Íslands – fæddir og dánir*. „Lifandi fæddir eftir sveitarfélögum 1991–2009“, sótt í desember 2010(a). Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Faeddar-og-danir>
- Hagstofa Íslands – fæddir og dánir*. „Dánir eftir dánarorsökum (Evrópski stuttlisti)“, sótt í desember 2010(b). Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Faeddar-og-danir>

*Hagstofa Íslands – fæddir og dánir.* „Lifandi og andvana fæddir eftir kyni 1951–2009“. Sótt í janúar 2011(a). Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Faeddar-og-danir>

*Hagstofa Íslands – fæddir og dánir.* „Fæðingartíðni 1853–2009“, sótt í janúar 2011(b). Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Faeddar-og-danir>

*Hagstofa Íslands – fæddir og dánir.* „Lifandi fæddir eftir fæðingarröð og hjúskaparstétt móður 1951–2009“, sótt í janúar 2011(c). Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Faeddar-og-danir>

*Hagstofa Íslands – háskólar.* „Brautskráningar á háskólastigi og doktorsstigi eftir sviði, prófgráðu og kyni 1995–2009“, sótt í janúar 2011(a). Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Skolamal/Haskolar>

*Hagstofa Íslands – háskólar.* „Skráðir nemendur á háskóla- og doktorsstigi eftir skólum, tegund náms og kyni“, sótt í janúar 2011(b). Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Skolamal/Haskolar>

*Hagstofa Íslands – laun.* „Laun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt og kyni 1998–2009“, sótt í febrúar 2011. Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur/Laun>

*Hagstofa Íslands – námsmenn.* „Námsmenn – Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003–2010“, sótt í janúar 2011. Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur/Tekjudreifing>

*Hagstofa Íslands – tekjudreifing.* „Lágtekjuhlutfall eftir kyni og stöðu á vinnumarkaði 2004–2005“, sótt í desember 2010. Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur/Tekjudreifing>

*Hagstofa Íslands – vinnumarkaður.* „Starfandi eftir starfsstéttum, kyni og búsetu 1991–2009“, sótt í janúar 2011. Slóðin er: <http://hagstofan.is/Hagtolor/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur/Vinnumarkadur>

Halldór Sig. Guðmundsson (2009): *Fjölgun barnaverndartilkynninga 2005–2009: Hluti I: Athugun á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum í Reykjavík og Árborg á fyrstu sex mánuðum hvers árs, árin 2005–2009.* Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Hlynur Hallsson (2005–2006): Tillaga til þingsályktunar um stuðning við einstæða foreldra í námi. 132. löggjafarþing 2005–2006. Þskj. 16 — 16. mál. *Alþingistíðindi*: <http://www.althingi.is/altext/132/s/0016.html>

*Iðnaðarráðuneytið – átak í atvinnumálum hefur þegar skilað yfir 2.200 störfum*, sótt í janúar 2011. Slóðin er: <http://www.idnadaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2729>

Ingólfur V. Gíslason (2007): *Parental leave in Iceland. Bringing the fathers in. Developments in the Wake of the New Legislation in 2000.* Jafnréttisstofa. Félagsmálaráðuneytið.

Ísland.is – aðgerðir í atvinnumálum, sótt í janúar 2011. Slóðin er:

<http://islandvefur.eplica.is/endurreisn/stjornvold/verkefnaskra-rikisstjornarinnar/adgerdir-i-atvinnumalum/>

Jafnréttisvaktin (2009): *Áfangaskýrsla Jafnréttisvaktarinnar*. Slóðin er:

[http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Afangaskyrsla\\_jafnretti\\_svaktarinnar.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Afangaskyrsla_jafnretti_svaktarinnar.pdf)

Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir (2009):

*Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Kynning á fyrstu niðurstöðum*. Reykjavík:

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Slóðin er:

[http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt\\_um\\_rannso\\_kn\\_a\\_ofbeldi\\_gegn\\_konum.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt_um_rannso_kn_a_ofbeldi_gegn_konum.pdf)

Karen Vignisdóttir og Þorvarður Tjörvi Ólafsson (2009): „*Staða íslenskra heimila í kjölfar bankahrunsins: Frekari niðurstöður greiningar Seðlabanka Íslands*“. Málstofa Seðlabanka Íslands 11. júní 2009. Slóðin er:

<http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7122>

Katrín Ólafsdóttir (2009): *Atvinnuleysi kvenna gæti aukist á næstu árum*. Tímarit Háskólans í Reykjavík. Reykjavík: Háskólinn í Reykjavík.

Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir (2010): *Ánægja með fjölskyldulíf á Íslandi í kjölfar bankahruns*. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Þjóðarspegillinn; Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Landlæknisembættið (2011): *Svar landlæknisembættisins við fyrirspurn skýrsluhöfunda*, dags. 4. janúar 2011.

*Landlæknisembættið – fóstureyðingar 1982–2009 (Tafla B 1.6)*, sótt í desember 2010. Slóðin er: <http://www.landlaeknir.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4504>

*Landlæknisembættið – ófrjósemisaðgerðir 1981–2009 (Tafla B 1.7)*, sótt í desember 2010. Slóðin er: <http://www.landlaeknir.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4505>

Landlæknisembættið (2010): *Ávísanir á lyfseðilskyld lyf á Íslandi 2009*. Reykjavík:

Landlæknisembættið. Slóðin er:

<http://www.landlaeknir.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4473>

*Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum*.

*Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum*.

